Fjölnir tattú kynnist sjálfum sér upp á nýtt

EDRÚ Í ELLEFU MÁNUÐI

STÚDENTABLAÐIÐ

H HÁSKÓLINN
M MENNING
P PÓLITÍK

fylgir Fréttablaðinu í dag!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. desember 2007 — 342. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

Góðir gestir í Berlín

Cat Stevens vill setja upp söngleik í leikhúsi Helga Björnssonar.

FÓLK 58

Þjálfun mikilvæg til árangurs

Umsjónarfélag einhverfra nýtur góðs af söfnunarátaki.

TÍMAMÓT 18

Markasúpa

Það var mikið skorað í ensku úrvalsdeildinni í gær.

ÍÞRÓTTIR 54

Matur ### Hátíðamatur

Fallegar myndir, uppskriftir og ráð um forrétti, aðalrétti og eftirrétti eru meðal efnis í sérblaði um mat.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

VEÐRIÐ Í DAG



ALLHVASST Í dag verða suðaustan 10-18 m/s sunnan og vestan til annars hægari. Hvessir austan til seint í dag. Dálítil rigning sunnan og vestan til, einkum síðdegis. Skýjað með köflum á Norðausturlandi. Hlýnandi veður.

VEÐUR 4

JÓLALEGASTI GLUGGINN Það var mikið um dýrðir í versluninni 38 þrep við Laugaveg í gær en gluggi verslunarinnar var valinn sá jólalegasti af samtökunum Miðborg Reykjavíkur. Eflaust hefur gamli hesturinn átt drjúgan þátt í að heilla dómnefndina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stofnun um ratsjárkerfið er stílbrot

Ný stofnun í kringum ratsjárkerfið er stílbrot, segir dómsmálaráðherra. Hann segir ekki ágreining um málið í ríkisstjórn. Þvert á hugmyndir utanríkisráðherra um varnarmálastofnun, segir stjórnarandstaðan.

ÖRYGGISMÁL Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir það stílbrot að koma á fót nýrri stofnun í kringum ratsjárkerfið hér á landi, í ljósi þess að vel hafi gengið að samhæfa störf þeirra sem koma að öryggismálum. Þetta er þvert á hugmyndir Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra um stofnun nýrrar varnarmálastofnunar, að mati Steingríms J. Sigfússonar, formanns Vinstri grænna. „Ágreiningurinn hefur verið staðfestur svart á hvítu."

> Þetta er augljóst dæmi um að þetta er bandalag um völd en ekki venjuleg málefnabundin ríkisstjórn.
>
> **STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**
> FORMAÐUR VINSTRI GRÆNNA

Frumvarp Ingibjargar um varnarmál er til umræðu í þingflokkum stjórnarliða og verður lagt fram á vorþingi.

Björn kynnti ríkisstjórninni nýja skýrslu um víðtækar öryggisráðstafanir á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytis og stofnana þess á föstudag. Í niðurstöðum kynningar á skýrslunni segir að mikið hafi áunnist á undanförnum árum við að samhæfa störf allra sem að öryggismálum koma, og Björn heldur áfram: „Stílbrot á þeirri þróun að koma á fót nýrri stofnun í kringum ratsjárkerfið. Íhuga alla þætti vel, áður en það skref er stigið."

Spurður um hvort ágreiningur sé innan stjórnarflokkanna um stofnun varnarmálastofnunar segir Björn svo ekki vera. Stílbrotið segir hann felast í því „ef ratsjárstofnun er ekki hluti þess samhæfða öryggiskerfis, sem hefur verið þróað hér undanfarin ár. Stofnun á vegum utanríkisráðuneytisins kemur ekki í veg fyrir, að um slíka samhæfingu verði að ræða."

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra boðaði stofnun varnarmálastofnunar á fundi Varðbergs og Samtaka um vestræna samvinnu í lok nóvember. Kom fram í máli hennar að ekki ætti að blanda saman varnarviðbúnaði og borgaralegum stofnunum.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir að ágreiningur stjórnarflokkanna um öryggismál hafi verið staðfestur. „Þetta er augljóst dæmi um að þetta er bandalag um völd en ekki venjuleg málefnabundin ríkisstjórn. Stjórnin hefur svikið öll loforð um virkt þverpólitískt samráð."

Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur lýst því yfir að réttara væri að Samhæfingarmiðstöðin í Skógarhlíð læsi úr merkjum íslenska loftvarnarkerfisins en að stofnuð verði sérstök varnarmálastofnun. Hann segir ljóst að skiptar skoðanir séu um það innan stjórnarflokkanna hvort hægt sé að blanda saman rekstri sem tengist NATO og borgaralegum verkefnum hér á landi.

Ekki náðist í utanríkisráðherra við vinnslu fréttarinnar. - bj / - shá

Hettuklæddir brutust inn í Bauluna í Borgarfirði:

Stálu poka af karamellum

LÖGREGLUMÁL Tveir hettuklæddir menn brutust inn í Bauluna í Borgarfirði í fyrrinótt. Þjófarnir brutu upp hurð til að komast inn og höfðu á brott með sér poka af karamellum.

Mennirnir óku síðan á brott og hefðu ef til vill komist upp með athæfið hefðu þeir ekki kastað karamellunum út um bílglugga skammt frá Blönduósi. Sú slæma hegðun vakti athygli lögreglunnar sem stöðvaði mennina og handtók þá. - þo

Eina spendýrið á Íslandi við landnám og hefur verið hér frá lokum ísaldar:

Fundu 3.500 ára gamlar tófur

NÁTTÚRA „Þetta er í fyrsta skipti sem sannað þykir að hér voru tófur fyrir landnám," segir Páll Hersteinsson, prófessor í spendýrafræði. Um 3.500 ára gömul bein íslenskra tófna fundust á Hvalsárhöfða milli Kollafjarðar og Steingrímsfjarðar á Ströndum. Niðurstaða rannsóknar Páls og fleiri dýrafræðinga á beinunum birtist í Náttúrufræðingnum.

„Það eru til þjóðsögur um að tófan hafi verið flutt hingað til lands af mönnum," segir Páll. Rannsóknin rennir aftur á móti stoðum undir þá kenningu að tófur hafi verið á Íslandi frá lokum ísaldar. Það reynist þó erfitt að sanna að þær hafi verið svo lengi.

„Hellirinn sem þær fundust í reis upp yfir sjávarmál fyrir um 4.000 árum. Til þess að finna eldri leifar þyrfti að fara mikið ofar og sprengja upp hella 80 metrum fyrir ofan sjávarmál," segir Páll, en hann telur ekki líklegt að farið yrði í slíkar aðgerðir.

Tófubeinin fundust fyrir tilviljun árið 2004 eftir að klettur við Rauðaberg var sprengdur upp vegna vegagerðar. Opnaðist þá inn í skúta þar sem beinin lágu og voru þau send í aldursgreiningu til háskólans í Stokkhólmi. - eb

BEINAFUNDUR Nokkur hundruð ár skildi tófurnar að samkvæmt aldursgreiningu en þær hafa líklega leitað í skútann til að drepast af náttúrulegum orsökum.

SPURNING DAGSINS

Ólafur, er komið hátæknihljóð í strokkinn?

„Jah, við höfum alltaf verið hátæknivædd hér í Ölfusi.“

Ólafur Áki Ragnarsson er bæjarstjóri í Þorlákshöfn, þar sem Strokkur Energy vinnur í samstarfi við ítalskt fyrirtæki að reisa kísilhreinsun fyrir sólarorkusellur.

Norðurlandaráð mun fjalla um öryggis- og björgunarmál á þingi sínu í haust:

Öryggi á Norðurhöfum brýnt

ÖRYGGISMÁL Nefnd á vegum Norðurlandaráðs mun skoða öryggismál á norðurslóðum á tímum hlýnunar andrúmsloftsins. Þetta ákvað forsætisnefnd Norðurlandaráðs á fundi sínum í Norræna húsinu á föstudag .

Árni Páll Árnason, formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, mælti fyrir tillögunni. „Við viljum að Norðurlöndin hefji skipulegt samstarf á þessu sviði og þetta er í fyrsta sinn sem þessi mál komast á dagskrá norræns samstarfs,“ segir Árni Páll.

„Í kjölfar hlýnunar andrúmslofts mun skipaumferð um Norðurhöf aukast og sömuleiðis ásókn í auðlindir sem ekki voru áður aðgengilegar,“ segir Árni Páll. „Það þarf að ræða björgunarmál á svæðinu út frá norrænum heildarhagsmunum.“

Fundinn sóttu meðal annarra Dagfinn Høybråten, forseti Norðurlandaráðs, og Jan-Erik Enestam, framkvæmdastjóri ráðsins. Auk öryggismála fjallaði forsætisnefndin um önnur mál sem eru efst á baugi í norrænu samstarfi. - sgj

FORSÆTISNEFNDIN Árni Páll Árnason, Dagfinn Høybråten og Jan-Erik Enestam ræddu við blaðamenn að fundi loknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hópslagsmál við Spöngina:

Unglingar veittust að lögreglu

LÖGREGLUMÁL Slagsmál brutust út við Spöngina í Grafarvogi síðdegis í gær þar sem hátt í hundrað unglingar höfðu safnast saman. Lögregluþjónn var sleginn í andlitið þegar hann reyndi að skakka leikinn.

Að sögn lögreglu var um að ræða tvo hópa, annan úr Breiðholti og hinn úr Grafarvogi, sem virtust vera að gera upp einhverjar sakir. Unglingarnir voru á grunnskólaaldri.

Lögregla leysti hópinn upp en sex ungmenni voru flutt á lögreglustöð. Lögregluþjónninn sem var sleginn hlaut ekki alvarlega áverka. - þo

Maður réðst á lögregluþjón:

Lagður inn með höfuðáverka

LÖGREGLUMÁL Lögregluþjónn var lagður inn á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri í fyrrinótt með áverka á höfði. Áverkana hlaut hann í átökum við mann sem lögregla hafði afskipti af vegna pústra fyrir utan skemmtistaðinn Kaffi Akureyri.

Maðurinn brást illa við afskiptum lögreglu og skallaði fyrrnefndan lögregluþjón. Hann gisti fangageymslur en var sleppt að lokinni skýrslutöku í gær.

Hermann Karlsson, varðstjóri á Akureyri, segir að málið sé litið alvarlegum augum. Lögregluþjónninn var útskrifaður á hádegi í gær. Áverkarnir voru ekki alvarlegir. - þo

Stunginn í lærið í íbúð við Hverfisgötu

Maður var stunginn í heimahúsi á Hverfisgötu um miðjan dag í gær. Hann ráfaði milli húsa með blæðandi sá uns hann hné niður í verslun. Rannsókn lögreglu er á frumstigi. Sár mannsins reyndust ekki lífshættuleg.

LÖGREGLUMÁL „Hann kom hingað inn og fyrst tók ég ekkert eftir því að eitthvað væri að. Svo sá ég blóðið og hringdi á Neyðarlínuna,“ segir starfsmaður verslunarinnar 11-11 við Skúlagötu en maður sem var stunginn í lærið um miðjan dag í gær kom þangað inn til að leita sér hjálpar.

Starfsmaðurinn segir að maðurinn hafi verið að tala í símann þegar hann kom inn í verslunina. Hann hafi síðan hnigið niður í gólfið skammt frá innganginum enda orðinn afar máttvana. „Ég tók við símanum af honum og félagi hans, sem hann hafði verið að ræða við, bað mig um að hringja í Neyðarlínuna. Ég sagði honum að ég væri búinn að hafa samband við þá og lögreglan kom örstuttu síðar,“ segir starfsmaðurinn sem vildi ekki láta nafns síns getið.

Þegar þetta var hafði lögregla þegar fengið ábendingar um manninn frá íbúum við Hverfisgötu sem höfðu samband við Neyðarlínu og tilkynntu að maður hefði verið stunginn í heimahúsi. Maðurinn ráfaði þaðan áður en lögregla kom á vettvang og var hægt að rekja blóðslóðina niður að verslun 11-11.

Maðurinn reyndist vera með slagæðablæðingu og var því fluttur rakleiðis á slysadeild þar sem gert var að sárum hans. Hann var með djúpan skurð en ekki í lífshættu og var útskrifaður síðdegis.

Vitastígnum var lokað að hluta í gær meðan lögreglan kannaði vegsummerki og slökkviliðið hreinsaði blóð af götunni.

Hafliði Þórðarson, fulltrúi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir rannsókn málsins á frumstigi og að atburðarásin sé óljós. Tekin var skýrsla af manninum í gærkvöld.

Enginn hafði verið yfirheyrður vegna málsins þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld.

thorgunnur@frettabladid.is

VITASTÍG LOKAÐ Blóðslóð lá eftir Vitastíg frá Hverfisgötu og niður að verslun 11-11 við Skúlagötu þar sem maðurinn hneig niður. Slökkviliðið þreif blóðið af götunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

BLÓÐSLÓÐ Maðurinn hlaut djúpan skurð á læri og blæddi mikið. Atburðarásin lá ekki ljós fyrir í gærkvöld og er rannsókn lögreglunnar á frumstigi. Tekin var skýrsla af manninum eftir að hann var útskrifaður af sjúkrahúsi um kvöldmatarleytið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SLÖKKVILIÐIÐ AÐ STÖRFUM Fljótlega vaknaði sá grunur að um íkveikju væri að ræða. MYND/ÓSKAR

Meintur brennuvargur:

Í gæsluvarðhald vegna íkveikju

LÖGREGLUMÁL Héraðsdómur Suðurlands úrskurðaði mann sem grunaður er um íkveikju í gamla húsi Fiskiðjunnar í Vestmannaeyjum í gæsluvarðhald fram á mánudag.

Maðurinn sem er á þrítugsaldri hefur verið í haldi lögreglu síðan á föstudag og óskaði lögreglu eftir gæsluvarðhaldi því talið var að rannsóknarhagsmunir væru í húfi.

Maðurinn neitar allri sök en viðurkennir að hafa verið í húsinu skömmu áður en tilkynnt var um brunann. Vettvangsrannsókn er ekki lokið og hefur lögreglu borist liðsauki frá rannsóknardeild lögreglunnar á Selfossi. - eb

Umferðaróhapp í Skagafirði:

Ók inn í hrossastóð á þjóðvegi

SLYS Tvö hross drápust þegar þau lentu í árekstri við sendiferðabíl á Norðurlandsvegi skammt ofan við Varmahlíð í Skagafirði í fyrrinótt.

Bifreiðin var óökufær eftir óhappið en ökumanninn, sem var einn í bílnum, sakaði ekki.

Að sögn lögreglu voru hrossin í stóði sem hafði sloppið úr girðingu á nærliggjandi bæ. Ökumaðurinn var nýbúinn að mæta tveimur bifreiðum og enn hálf blindaður af ljósum þeirra þegar stóðið hljóp yfir veginn svo hann náði ekki að stöðva í tæka tíð. - þo

LÖGREGLUFRÉTTIR

Þrír meiddust í bílveltu

Þrír voru fluttir á sjúkrahúsið á Selfossi með minni háttar meiðsli eftir að bifreið valt út af Suðurlandsvegi við Ásmundarstaði. Fimm voru í bílnum þegar slysið varð og er bifreiðin ónýt eftir slysið.

ÍTALÍA

Mafíuforingi handtekinn

Mafíuforingi sem talinn er meðal 30 hættulegustu glæpamanna sem eftirlýstir eru á Ítalíu var handtekinn í Napólí á föstudag. Edouardo Contini er áhrifamesti mafíuforingi Neopolitan-mafíunnar Camorra.

PALESTÍNA

Hamas-samtökin tvítug

Tugir þúsunda manna komu saman í gær í Gazaborg í tilefni af því að 20 ár eru liðin frá stofnun Hamas-samtaka Palestínumanna. Hálft ár er liðið fra því að samtökin náðu völdum á Gaza. Leiðtogar samtakanna ítrekuðu í tilefni dagsins heit sín um áframhaldandi baráttu gegn Ísrael.

Jólaskógur Skógræktarfélags Reykjavíkur var opnaður í gær:

Vinsælt að höggva eigið tré

REYKJAVÍK Heiðmörkin iðaði af lífi í góðviðrinu í gær þegar Jólaskógur Skógræktarfélags Reykjavíkur var opnaður í gær.

Fyrir mörgum er það ómissandi þáttur í jólahaldinu að fara í skóginn og höggva sitt eigið jólatré og áhuginn vex ár frá ári. Gestir jólaskógarins geta valið um blágreni, fjallaþin, rauðgreni eða stafafuru og nenni maður ekki að höggva tréð sjálfur má kaupa það tilbúið á jólamarkaðnum á Elliðavatni.

Í staðinn fyrir hvert tré sem höggvið er gróðursetur Skógræktarfélagið að minnsta kosti tvö tré.

Jólaskógurinn verður opinn í dag og næstkomandi laugardag og sunnudag milli klukkan 11 og 16.

JÓLATRÉÐ TILBÚIÐ Þorkell Sigurðsson fór létt með að draga jólatré fjölskyldunnar út úr skóginum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ENNEMM / SÍA / NM31338

JÓLAÆVINTÝRI Í SMÁRALIND

KOMDU Í SMÁRALIND OG UPPLIFÐU JÓLASTEMNINGUNA
OPIÐ TIL KL. 22 ALLA DAGA TIL JÓLA

SÝNING Í DAG KL. 14.00

Jóladagskrá í Vetrargarðinum

Sunnudagur 16. desember

14.00
Jólaævintýri Smáralindar, Örn Árnason, Björgvin Franz og fjöldi þekktra leikara

15.00
Hara-systur syngja

15.30
Hafdís Huld syngur

Kórar og jólasveinar halda uppi jólastemningunni í göngugötunni alla helgina.

Latibær kemur í heimsókn kl. 16.00 og skemmtir fyrir utan útibú Glitnis á 1. hæð

Opið til kl. 22 til jóla. Þorláksmessu til kl. 23 / smaralind.is / 528 8000

GENGIÐ 14.12.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	62,00	62,30
Sterlingspund	125,85	126,47
Evra	90,16	90,66
Dönsk króna	12,081	12,151
Norsk króna	11,333	11,399
Sænsk króna	9,552	9,608
Japanskt jen	0,5499	0,5531
SDR	97,60	98,18

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 119,5766

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

REI-stýrihópur vinnur að endanlegri framsetningu skýrslu og stefnumótunar:

Niðurstaða í byrjun næsta árs

ORKA Búast má við niðurstöðu frá REI-stýrihópnum í byrjun næsta árs, að sögn Sigrúnar Elsu Smáradóttur, sem situr í honum fyrir Samfylkingu.

Hópurinn hefur nú starfað síðan í seinni hluta október. Í honum sitja stjórnmálamenn úr flestum flokkum.

„Þetta er töluverður texti og hefur verið rætt um hversu mikla áherslu á að leggja á mismunandi þætti í atburðarásinni," segir hún. Búið sé að fara í nokkra hringi yfir framsetningu textans.

Í vændum sé skýr niðurstaða um fortíðina og hvaða lærdóm megi draga af henni.

SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

HAFLIÐI HELGASON

„Það er mín skoðun að við eigum að reyna að fyrirbyggja að hlutirnir geti siglt undir radar svona lengi, eins og gerðist í REI-málinu," segir Sigrún Elsa.

Hafliði Helgason, starfsmaður REI, segir að sitt fólk sé fremur rólegt og hafi næsta lítið heyrt af verkum stýrihópsins, þótt ákveðnum hugmyndum hafi verið velt upp. „Og við hljótum að hugsa okkur til hreyfings. Fyrir mér var þetta verkefni mjög tengt aðkomu Bjarna Ármannssonar."

Grunnhugmynd stýrihópsins mun vera sú að skýra boðleiðir, valdsmörk og ábyrgð innan Orkuveitunnar. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu er vilji til að endurskilgreina fyrirtækið svo það verði opinbers eðlis. - kóþ

Tvö ár fyrir kókaínsmygl:

Bar við að hafa verið burðardýr

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjaness dæmdi á föstudag Karl Bjarna Guðmundsson Idol-söngvara í tveggja ára fangelsi. Karl Bjarni er sakfelldur fyrir að hafa reynt að smygla tveimur kílóum af kókaíni til landsins fyrir síðasta sumar.

Á fréttavef Vísis segir að Karl Bjarni hafi játað fyrir dómi að hafa reynt að smygla fíkniefnunum. Hann hafi hins vegar verið svokallað burðardýr. Þá greinir Vísir frá því að Karl Bjarni hafi ekki viljað gefa upp nöfn þeirra sem stóðu að kókaíninnflutningnum af ótta við afleiðingar sem af því kynnu að hljótast. - þo

Forseti Pakistans:

Sex vikna neyðarástandi aflétt

PAKISTAN, AP Forseti Pakistans, Pervez Musharraf, aflétti í gær sex vikna neyðarástandi í landinu. Forsetinn lýsti yfir neyðarástandi í nóvember og var almennt talið að ástæðan hafi verið sú að hæstiréttur landsins væri í þann mund að lýsa því yfir, að Musharraf hafi ekki verið kjörgengur í forsetakosningum í október.

PERVEZ MUSHARRAF

Á meðan neyðarástandið varði lét Musharraf handtaka hundruð manna og skipti út hæstaréttardómurum. Nýju dómararnir staðfestu að Musharraf væri réttkjörinn forseti landsins og sagði hann af sér sem yfirmaður herafla Pakistans í kjölfarið. - eb

Haldið áfram með samningaviðræður

Landsvirkjun stefnir að því að sækja um leyfi fyrir virkjanir í neðri hluta Þjórsár á næsta ári. Krafa sveitarfélaga vestan Þjórsár er að samkomulag liggi fyrir við jarðeigendur áður en aðalskipulag er staðfest, segir forstjóri Landsvirkjunar.

ORKUMÁL Landsvirkjun telur athugasemdir Ríkisendurskoðunar vegna samkomulags fyrirtækisins við stjórnvöld um vatnsréttindi í neðri hluta Þjórsár frá því í maí ekki breyta því að félagið hafi heimild til þess að ræða og semja við landeigendur á grundvelli Títan-samninganna svokölluðu.

Samkvæmt þeim samningum er íslenska ríkið eigandi meira en níutíu prósent hlutar af vatns- og landréttindum á svæðinu.

„Það er nauðsynlegt að samningaviðræður verði leiddar til lykta því sveitarstjórnir vestan Þjórsár hafa óskað eftir því að áður en komi til staðfestingar á aðalskipulagi liggi fyrir samkomulag við þá jarðeigendur sem hagsmuna hafa að gæta vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Nýting Landsvirkjunar á vatnsaflinu í neðri hluta Þjórsár þegar þar að kemur er hins vegar háð því að ríkið hafi heimildir til að ráðstafa vatnsréttindum," segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar.

Ríkisendurskoðun skilaði nýlega frá sér greinargerð um samkomulag stjórnvalda við Landsvirkjun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar var sú að ekki hefði verið um varanlegt framsal vatnsréttinda að ræða.

Friðrik segir þetta ekki hafa komið honum á óvart. „Landsvirkjun hefur alltaf gert sér grein fyrir því að ekki er um varanlegt framsal vatnsréttinda að ræða í samkomulagi fyrirtækisins við íslenska ríkið. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar er sú að afla þurfi sérstakrar lagaheimildar til þess að ráðstafa vatnsréttindum ríkisins í neðri hluta Þjórsár og að á meðan slíka heimild skortir er samkomulagið ekki bindandi fyrir ríkissjóð."

RÆÐA KÍSILHREINSUN FYRIR SÓLARORKUSELLUR Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, og Aldo Si Fasano, aðstoðarframkvæmdastjóri ítalska fyrirtækisins Becromal, hittust á föstudag til að ræða sölu raforku til kísilhreinsunar sem yrði staðsett í Þorlákshöfn og veitti 400 manns vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Litið er svo á að fyrrnefnt samkomulag frá því í maí veiti Landsvirkjun heimild til að koma fram sem viðsemjandi um nýtingu landsréttinda vegna virkjunar á grundvelli Títan-samninganna. „Á þeim grunni héldum við áfram virkjanaundirbúningi," segir Friðrik.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær hefur Landsvirkjun átt í viðræðum við fulltrúa ítalska iðnfyrirtækisins Becromal um sölu á raforku til kísilhreinsunar sem staðsett yrði í Þorlákshöfn. Hreinsunin þarf um 150 megavött af rafmagni en ráðgert er að virkjanir í neðri hluta Þjórsár geti framleitt á þriðja hundrað megavött.

„Það er næg eftirspurn eftir orkunni og standa viðræður yfir meðal annars við Becromal sem hreinsar kísil í sólarrafala og Verne Holding sem hyggst byggja upp netþjónabú hér á landi," segir Friðrik. magnush@frettabladid.is

BASRA Í GÆR Bretar afhenda Írökum Basra-hérað í dag. NORDICPHOTOS/AFP

Írakar taka við eftirliti í Basra:

Bretar hverfa frá Basra-héraði

BAGHDAD, AP Bretar afhenda Írökum Basra-hérað með formlegum hætti í dag. Gagnrýnendur vilja þó meina að afhendingin sé aðeins táknræn þar sem Bretar hafi í raun aldrei stjórnað svæðinu. Eftir kosningarnar árið 2005 hefur suðurhluti Íraks verið undir stjórn sjíta og uppreisnarherja sem eru þeim hliðhollir.

Flestar olíulindir Íraks eru í suðurhluta landsins og því er öryggi og stöðugleiki í þeim hluta landsins sérstaklega mikilvægt.

Breskir embættismenn hafa sagst ætla að hjálpa íraska hernum ef upp úr sýður en munu jafnframt minnka herafla sinn úr 4.500 í 2.000 hermenn. - eb

Nýtt nafn frístundamiðstöðvar:

Kampur táknar gleði, líf og fjör

FÉLAGSMÁL Frístundamiðstöð miðborgar og Hlíða hlaut á föstudag nafnið Kampur. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri kynnti nýja nafnið við hátíðlega athöfn í Hinu húsinu.

Nafngiftin vísar til fyrirhugaðrar staðsetningar frístundamiðstöðvar í Vörðuskóla við Skólavörðustíg en þar reistu hermenn skála sína í seinni heimsstyrjöldinni. Að mati dómnefndar á nafnið ekki síður að tákna gleði, líf og fjör þar sem menn geta brosað í kampinn.

Dómnefnd hafði úr 103 tillögum að velja og varð niðurstaðan sem fyrr segir nafnið Kampur. Vinningstillöguna átti Gísli Guðmundsson, íslenskumaður og starfsmaður ÍTR. - ovd

Stjórnarmyndun í Lettlandi:

Godmanis forsætisráðherra

LETTLAND, AP Valdis Zatlers, forseti Lettlands, tilkynnti á föstudag að hann hefði útnefnt Ivars Godmanis, fráfarandi dómsmálaráðherra, næsta forsætisráðherra landsins.

Godmanis var reyndar fyrsti maðurinn til að gegna forsætisráðherraembættinu eftir endurreisn sjálfstæðis Lettlands árið 1991. Hann tjáði blaðamönnum í gær að hann myndi freista þess að mynda samsteypustjórn fimm flokka, sem yrði fær um að leiða landið út úr þeim pólitísku og efnahagslegu kröggum sem það á nú í. - aa

OPIÐ
ALLA HELGINA 10-16
Stór humar
Humarsúpa prinsinns
Þorláksmessu skata
Mikið úrval fiskrétta
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
HAFIÐ FISKIPRINSINN
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi
s: 554 7200 • www.hafid.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HVESSIR

Enn ein djúp lægðin stefnir nú hraðbyri upp að vestanverðu landinu líkt og óveðurlægðirnar á dögunum hafa gert. Ég á alls ekki von á að þessi geri sama usla og þær fyrri. Engu síður verður allhvasst þegar kemur fram á daginn um sunnan- og vestanvert landið og á stöku stað, eins og á norðanverðu Snæfellsnesi gæti vindhraði slegið í um eða yfir 20 m/s og þá einkum síðdegis. Sennilega fer ekki að rigna á Vesturlandi og á Vestfjörðum fyrr en líða tekur á daginn.

um hádegi »



» á morgun

Hvassviðri síðdegis um mest allt land með rigningu.

» þriðjudagur

3-10 m/s, hvassast með ströndum.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	5°C	léttskýjað	London	5°C	heiðskírt	Friedrichshafen	1°C hálfskýjað
Billund	3°C	hálfskýjað	París	2°C	heiðskírt	Lúxemborg	1°C hálfskýjað
Osló	-2°C	léttskýjað	Amsterdam	4°C	hálfskýjað	Alicante	14°C skúrir
Stokkhólmur	1°C	hálfskýjað	Frankfurt	3°C	hálfskýjað	Róm	7°C hálfskýjað
Gautaborg	5°C	hálfskýjað	Berlín	2°C	hálfskýjað	Las Palmas	21°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

30-40% afsláttur

AF ÖLLU JÓLASKRAUTI OG SERÍUM

40% afsláttur af speglatrjám

OPIÐ TIL 22:00
ÖLL KVÖLD TIL JÓLA

30% afsláttur af öllu jólaskrauti og seríum



Spegla tré 60 cm — **TILBOÐ 899 kr** Verð áður 1.499.-

Spegla tré 90 cm — **TILBOÐ 1.799 kr** Verð áður 2.999.-

Spegla tré 120 cm — **TILBOÐ 2.999 kr** Verð áður 4.999.-

30% afsláttur af öllu jólaskrauti og seríum

Útiseríur	Tilboðsverð	Fullt verð	Inniseríur	Tilboðsverð	Fullt verð
40 ljósa	699	~~999~~	20 ljósa	181	~~259~~
80 ljósa	1049	~~1499~~	35 ljósa	251	~~359~~
160 ljósa	2099	~~2999~~	50 ljósa	349	~~499~~
240 ljósa	2799	~~3999~~	100 ljósa	559	~~799~~
480 ljósa	4899	~~6999~~	200 ljósa	1399	~~1999~~

NETVERSLUN hagkaup.is

30% afsláttur af öllu jólaskrauti og seríum

TILBOÐ Verð frá **69 kr** Verð áður 99.-

Jóladiskur og könnur

30% afsláttur af öllu jólaskrauti og seríum

TILBOÐ Verð frá **139 kr** Verð áður 199.-

Handklæði í 3 litum

30% afsláttur af öllu jólaskrauti og seríum

Úrval af jólasveinum

30% afsláttur af öllu jólaskrauti og seríum

TILBOÐ Verð frá **139 kr** Verð áður 199.-

Jólabox

Gildir 15-16 des. eða meðan birgðir endast.
Ekki afsláttur af DUNI kertum og serívettum

Styttri opnunartími í Borgarnesi og Njarðvík.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN

Borðar þú rjúpu á aðfangadag?

Já	10,4%
Nei	89,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að fræða grunnskólabörn um alnæmi og öruggt kynlíf?

Segðu þína skoðuna á visir.is

Félagslegur hreyfanleiki á Bretlandi hefur staðið í stað síðustu þrjátíu ár:

Stéttaskiptingin söm og árið 1970

BRETLAND, AP Stéttaskipting í Bretlandi virðist vera rótgróin ef marka má nýlega rannsókn sem sýnir að möguleikar barna til að komast í hærri tekjuhóp heldur en foreldrar þeirra hafi ekkert breyst á þrjátíu ára tímabili, frá árinu 1970 til 2000.

Breska götublaðið Daily Mail sagði niðurstöðuna „hrikalega“ og sýna að „stéttaskipting í Bretlandi hefur dýpkað og er núna með því versta sem gerist í heiminum.“ Dagblaðið The Independent varaði við því að fátækra barna biðu „ömurleg örlög“. Vikuritið Spectator sagði það áfall að félagslegur hreyfanleiki í Bretlandi hefði „staðið í stað í 30 ár“.

Einn rannsakenda, Jo Blanden, hagfræðingur við Surrey-háskóla, sagði niðurstöðurnar þó ekki það afdráttarlausar og að Bretar ættu alltént betri möguleika á að bæta stöðu sína en Bandaríkjamenn.

Í rannsókninni voru tekjur mældar og menntun en ekki félagsleg staða eða stétt, að sögn Blandens.

LÁVARÐADEILDIN Bretar halda fast í hefðir á borð við lávarðadeild þingsins og aðalstitla gömlu yfirstéttarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

Fram kom að einkunnir fátækra en greindra barna fóru lækkandi eftir því sem börnin eltust. Einkunnir minna greindra barna frá ríkari fjölskyldum hækkuðu hins vegar eftir aldri. **- sdg**

Ölvaður ökumaður:

Keyrði kærustuna niður

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hljóp uppi karlmann í fyrrinótt sem hafði ekið ölvaður.

Kærasta mannsins hafði reynt að koma í veg fyrir að hann æki ölvaður með því að teygja sig inn um bílgluggann og freistast til að ná billyklunum. Þá ók maðurinn af stað og konan dróst með bílnum nokkra metra. Hún hlaut nokkrar skrámur og maðurinn ók á brott.

Konan hringdi í lögregluna sem hafði uppi á manninum. Þegar hann varð lögreglunnar var stöðvaði hann bílinn og hljóp í burtu en náðist að lokum og gisti fangageymslu. - þo

Minningarsjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar

Minningarsjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar óskar eftir umsóknum um styrki sem koma til úthlutunar í janúar 2008. Umsóknunum skal skila til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, Hátúni 12, 105 Reykjavík fyrir 10. janúar 2008 í umslagi merktu minningarsjóðnum.

Tilgangur sjóðsins er einkum tvíþættur; a) að styrkja hreyfihamlaða einstaklinga til náms og b) að styrkja einstök málefni með aðgengi fyrir hreyfihamlaða í huga.

Stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum ef svo ber undir.

Stjórn minningarsjóðs
Jóhanns Péturs Sveinssonar

MÓTMÆLI Framhaldsskólakennarar mótmæltu styttingu náms til stúdentsprófs árið 2005. Miklar breytingar munu verða á skólastarfi en einnig samsetningu kennarahópsins á næstu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Körlum fækkar ört í framhaldsskólunum

Kynjahlutfall framhaldsskólakennara er að breytast hratt. Konum við kennslu hefur fjölgað um fjörutíu prósent á sex árum en körlum aðeins um sjö prósent. Þróunin er talin neikvæð og hefur áhrif á starf skólanna og launaþróun.

MENNTAMÁL Konum við kennslu í framhaldsskólum landsins hefur fjölgað um fjörutíu prósent á sex árum en körlum um aðeins sjö prósent. Kynjaskipting kennara á framhaldsskólastigi er áþekk í dag en innan fárra ára er útlit fyrir að það jafnvægi raskist. Þróunin er talin neikvæð og er undirliggjandi vandi ójafnrar aldursdreifingar kennara innan framhaldsskólanna.

Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, segir að ástæðan fyrir því að körlum fækkar hratt í kennarastöðum í framhaldsskólunum sé sú að mjög margir þeirra séu komnir yfir fimmtugt. Meirihluti kennara sem fara á eftirlaun um þessar mundir séu karlmenn og nýliðun í stéttinni sé borin uppi af konum. „Það kemur ekki á óvart, sérstaklega þegar litið er til kynjahlutfalls stúdenta í háskólum. Konur eru mjög fjölmennar í mörgum greinum sem eru kennslugreinar í framhaldsskólunum.“

AÐALHEIÐUR STEINGRÍMSDÓTTIR

Á áttunda og níunda áratug síðustu aldar fjölgaði framhaldsskólum mikið og margir ungir kennarar voru ráðnir. Meirihluti þeirra voru karlmenn sem nú nálgast eða eru komnir á eftirlaunaaldur, en tæplega helmingur framhaldsskólakennara eru yfir fimmtugu. Fjölgun kvenna í kennarastöðum um fjörutíu prósent á sex árum og aðeins sjö prósent fjölgun karla kristallast í þessu. Hlutföllin eru þó enn nokkuð jöfn, konur eru um 52 prósent framhaldsskólakennara, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.

Aðalheiður segir ekki jákvætt fyrir skólana sem vinnustaði að mikil slagsíða sé á kynjahlutfallinu. „Það er nauðsynlegt að bæði kynin starfi í skólunum því að það er nemendum hollt og nauðsynlegt að fá kennslu frá kennurum af báðum kynjum.“

Það er gömul saga og ný að þar sem konur eru fjölmennar í fagstéttum þá hefur þeim gengið illa að berjast fyrir mannsæmandi launum. Spurð um hvort kynjahlutfallið hafi ekki fljótlega neikvæð áhrif á laun stéttarinnar segir Aðalheiður að það sé fjarri því neikvætt að framhaldsskólakennarar verði kvennastétt. „Það er samt áhyggjuefni að þróunin stefni í þá átt í skólunum að karlmenn sniðgangi skólana af því að þeim býðst betri laun annars staðar.“ **svavar@frettabladid.is**

Jólahvað!

995,-
ISIG skrautsett 62 stk.

Opið til 22:00 fram að jólum | www.IKEA.is

IKEA

512 50 50
Auglýsingasími
Mest lesið

Flestir vinsælir tölvuleikir eru bannaðir innan sextán ára:

Skotleikir ríkjandi á Íslandi

TÆKNI Ríflega 40 prósent vinsælustu tölvuleikjanna fyrir PC tölvur og PlayStation 3 leikjatölvur eru bannaðir innan sextán ára aldurs. Það er í öfugu hlutfalli við þá sjö þúsund tölvuleiki sem gefnir hafa verið út síðastliðin fjögur ár og eru merktir með samevrópska flokkunarkerfinu Pegi. Einungis 17 prósent Pegi merktra tölvuleikja eru gerðir fyrir sextán ára og eldri.

Fyrirtækið Sena er með umboð fyrir tölvuleikjum PC og PlayStation sem njóta mikilla vinsælda á Íslandi og segir Ólafur Þór Jóelsson, vörustjóri tölvuleikja hjá Senu, PC og PlayStation tölvuleiki vera um 80 til 90 prósent af íslenska markaðnum. „Allir aldurshópar spila PC leiki, en PlayStation 3 tölvan er mest notuð af aldurshópnum 18 til 36 ára,“ segir Ólafur.

TÖLVULEIKIR Á TOPPLISTA

Leikur	Merking
God of War	18 ára
Gears of War	18 ára
Crysis	16 ára
World of Warcraft	12 ára
Guitar Hero III	12 ára
Crash of the Titans	7 ára
Ratchet and Clank	7 ára
Mario Party 8	3 ára

Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri Samtaka myndrétthafa á Íslandi, segir skotleiki ríkjandi hér á landi. „Það er meðal annars vegna þess að Nintendo hefur ekki hlotið jafngóðan hljómgrunn hér eins og í Evrópu. Það er öðruvísi hugsun á bak við Nintendo og meira um ævintýraleiki á borð við Super Mario. Vinsældir Nintendo hafa því áhrif á hvernig leikir eru keyptir,“ segir Snæbjörn. **- eb**

GLÆSILEGUR HEIMABÍÓPAKKI Á JÓLATILBOÐI

OPIÐ Í DAG

Heimabíópakki

KEF KHT 3005 heimabíósett
Yamaha RX-V661
Yamaha DVD-S661

Jólatilboð **184.995 kr.**
Verð áður 221.986 kr.

full HD 1080P · HDMI · digital

Palladine EPT4250MD LCD

- Upplausn: 1920 x 1080 punktar
- Skerpa: 1.600 : 1
- Birta: 500 cd/m2
- 2 x HDMI tengi

Jólatilboð **169.995 kr.**
Verð áður 189.995 kr.

full HD 1080P · HDMI · digital

Palladine 37" Full HD EPT3750MD

- Upplausn: 1920 x 1080 punktar
- Skerpa: 800 : 1
- Birta: 500 cd/m2
- Mynd í mynd
- 2 x HDMI tengi

Jólatilboð **149.995 kr.**
Verð áður 179.995 kr.

HD ready · HDMI · digital

Palladine EPT3250MD LCD

- Upplausn: 1366 x 768 punktar
- Skerpa: 1.600 : 1
- Birta: 550 cd/m2
- 2 x HDMI tengi

Verð **89.995 kr.**

HD ready · HDMI · digital

Hitachi 42" P42H01 plasma

- Upplausn: 1024 x 1080 punktar
- Skerpa: 10.000 : 1
- Birta: 1500 cd/m2
- 2 x HDMI tengi

Jólatilboð **179.995 kr.**
Verð áður 199.995 kr.

full HD 1080P · HDMI · digital

Hitachi 37" L37V01 LCD

- Upplausn: 1920 x 1080 punktar
- Skerpa: 800 : 1
- Birta: 500 cd/m2
- 2 x HDMI tengi

Veggfesting fylgir

Jólatilboð **169.995 kr.**
Verð áður 199.995 kr.

ÞJÓNUSTA VIÐ UPPSETNINGU

Starfsmaður Hátækni kemur heim til þín, setur upp tækið og tengir gegn vægu gjaldi.

Þjónustan er í boði á höfuðborgarsvæðinu.

Opnunartími: virka daga 9-18 | laugardaga 12-17 | sunnudaga 12-17

Fæst hjá söluaðilum um land allt.

Hátækni
Ármúli 26
Sími 522 3000 • www.hataekni.is

PIPAR • SÍA • 72492

Kynbundinn launamunur - Aðferðir til úrbóta

Málþing
Mánudaginn 17. desember
Hótel KEA, Akureyri
12:00 - 13:15

Jafnréttisstofa í samstarfi við „Evrópuár jafnra tækifæra" og félagsmálaráðuneytið efnir til málþings um kynbundinn launamun og aðferðir til úrbóta.

Dagskrá:

12:00 Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu setur fundinn

12:05 **Tekjumunur karla og kvenna: Upplýsingar úr skattframtölum**
Hjálmar G. Sigmarsson, sérfræðingur Jafnréttisstofu

12:25 **Að snúa vörn í sókn - Tiltekt í launakerfi Akureyrarbæjar**
Katrín Björg Ríkarðsdóttir, framkvæmdastjóri samfélags- og mannréttindadeildar Akureyrarbæjar

12:45 **Tala minna - gera meira**
Ingibjörg Óðinsdóttir, forstöðumaður mannauðssviðs Skýrr

13:05 Samantekt og umræður

Léttar hádegisveitingar í boði.
Málþingið er öllum opið og **aðgangur er ókeypis**

Jafnréttisstofa

Evrópuár jafnra tækifæra 2007

Komdu í frí – með RSÍ

Vor – Sumar – Haust 2008

Umsóknarfrestur um dvöl á Spáni og í Kaupmannahöfn er til 6. janúar 2008
Umsóknarfrestur um dvöl á Flórída er til 5. febrúar 2008
Sækið um stafrænt á orlofsvef RSÍ, www2.rafis.is

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS
Stórhöfða 31, 110 Reykjavík
Sími: 580-5200. Fax: 580-5220. Vefpóstur: rsi@rafis.is

Kynnið ykkur orlofsvefinn á www2.rafis.is

Galli í tölvukerfi í Þrándheimi veldur usla:

Níu milljónir í stöðumælagjald

NOREGUR, AP Jólamánuðurinn er þungur fyrir pyngjuna hjá mörgum vegna jólainnkaupa og þótti 26 Norðmönnum því ekki á það bætandi þegar þeir voru rukkaðir um allt að níu milljónir í stöðumæla í Þrándheimi í síðustu viku.

Þegar ökumennirnir greiddu með debetkortum sínum í stöðumælana olli galli í tölvukerfi því að tíuþúsundfalt gjald var dregið af reikningum þeirra.

„Fólk var rukkað um á bilinu 2,3 milljónir til 9,1 milljónar króna," sagði Steinar Myrh, yfirmaður hjá bílastæðastofnun Þrándheims. Sagði hann unnið að leiðréttingu í bönkum. - sdg

STÖÐUMÆLIR Mistökin komu á versta tíma fyrir marga, mitt í allri jólaösinni.

Í AÐGERÐ Veiðigjald af þorski hefur verið fellt niður vegna niðurskurðar þorskaflaheimilda. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Veiðigjaldið mjög umdeilt

LÍÚ gagnrýnir veiðigjald sem sértækan skatt og vill að gjaldið verði fellt niður. Gjaldið er stjórnarskrárbrot, að mati sambandsins. Prófessor í hagfræði segir rök fyrir gjaldheimtunni hafa styrkst með tímanum.

SJÁVARÚTVEGUR Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) gagnrýnir veiðigjald harðlega sem sértæka skattheimtu og vill að það verði fellt niður. Sambandið telur jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar brotna og gjaldið hamla uppbyggingu á landsbyggðinni. Aðrir segja veiðigjaldið eðlilega gjaldheimtu fyrir nýtingarréttinn á sameiginlegri auðlind þjóðarinnar.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, hefur gagnrýnt veiðigjaldið harðlega að undanförnu. Hann segir gjaldið sértækan skatt á íslenskan sjávarútveg sem samrýmist ekki jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Frá því að veiðigjaldið var lagt á hefur gengi íslensku krónunnar verið hátt. LÍÚ áætlar að sjávarútvegurinn hafi orðið af um áttatíu milljarða tekjum vegna þessa, sem eitt og sér sé nægjanleg réttlæting fyrir niðurfellingu gjaldsins. Einnig hafi útgjöld vegna hækkunar olíuverðs aukist um sex milljarða á ári milli áranna 2003 og 2006.

Friðrik bendir jafnframt á að Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hafi komist að þeirri niðurstöðu að neikvæð áhrif veiðigjalds á eignir landsmanna, og þá einkum á landsframleiðslu, gætu leitt til þess að tekjuaukning hins opinbera af álagningu veiðigjalds verði engin eða jafnvel neikvæð.

Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, segir að gagnrýni LÍÚ verði að skoðast í ljósi hagsmunabaráttu sambandsins. Hann segir röksemdafærslu Friðriks, sem byggir að hluta á skýrslu frá Hagfræðistofnun, ekki standast. „Skýrslan var skrifuð fyrir og á kostnað LÍÚ. Það er ekkert samkomulag um niðurstöðu þessarar skýrslu, hvorki innan háskólans né á meðal hagfræðinga. Það er því ódýrt að beita háskólanum fyrir sig á þennan hátt."

ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON

FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON

Þórólfur gefur lítið fyrir umræður um niðurfellingu veiðigjaldsins. „Um áttatíu prósent þjóðarinnar er hlynnt þessari gjaldtöku og enn fleiri vilja taka sams konar gjald fyrir losunarkvóta stóriðjunnar. Ef menn ætla síðan að einkavæða eitthvað í orkugeiranum verður að nota áþekka gjaldheimtu til að almenningur njóti þeirrar eignar sem einkavædd er. Rökin fyrir veiðigjaldinu eru því að styrkjast eftir því sem á líður."

Á föstudag samþykkti Alþingi breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Veiðigjald af þorski er fellt niður til tveggja ára auk þess sem gjaldið er lækkað úr 8-9,5 prósentum í 4,8 prósent á öðrum tegundum. Með breytingunni lækkar veiðigjald á útgerðir um tæplega 300 milljónir króna á yfirstandandi fiskveiðiári, til viðbótar þeim 275 milljónum sem afnám veiðigjalds á þorsk sparar útgerðinni í ár. svavar@frettabladid.is

NOKIA 6267 - 3G

Léttkaupsútborgun:

900 kr.

2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð 24.900 kr.

Tónlist, myndsímtal og háhraðanettenging í símanum þínum.

ENNEMM / SÍA / NM31242

Þriggja mánaða áskrift að Tónlist.is á 0 kr.

Nú getur þú fengið aðgang að Tónlist.is í 3G símanum og hlustað á jólalögin, gamla standarda og splunkunýjar plötur eins og þig lystir.*

- Þú ferð einfaldlega á netið í 3G símanum þínum.
- Smellir á Tónlist.is undir „Myndir og músík“ eða slærð inn m.siminn.is.
- Velur „Nýskráning“ og svo þriggja mánaða áskrift að Tónlist.is í boði Símans.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

Sími

Netið

Sjónvarp

* Tilboðið gildir til 1. janúar 2008 eða á meðan birgðir endast.

vodafone

Frábær jólatilboð

Fyrir þá sem kjósa einfaldleikann

Nokia 2626
FM-útvarp
Bleikur, blár og hvítur
Fer á Netið með Vodafone live!

7.900 kr.

Nettur sími fyrir samskiptaóða

Samsung M300
VGA myndavél
FM-útvarp
Edge
Bleikur og blár
Fer á Netið með Vodafone live!

12.900 kr.

Flottur samlokusími fyrir þá kröfuhörðu

Nokia 2760
VGA myndavél
FM-útvarp
Bluetooth
Rauður, grár og brons
Fer á Netið með Vodafone live!

14.900 kr.

Komdu við í næstu Vodafone verslun

Gríptu augnablikið og lifðu núna

Rétt er að loka öllum gluggum í stormi eins og var fyrir helgi:

Rúður viðkvæmar fyrir áfoki

ÖRYGGISMÁL Ráðlegt er að loka öllum gluggum í stormi, svipað og var fyrir helgina, að sögn Jóns Sigurjónssonar, yfirverkfræðings hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, og ekki bara áveðurs heldur líka hlémegin. Ef gluggi er opinn hlémegin er meiri hætta á vatnsleka og jafnvel gluggabroti. Þegar veðrið fer að ganga niður er í lagi að opna glugga hlémegin.

„Ef maður opnar hlémegin þá færir maður allan þrýstingsmuninn yfir á áveðurshliðina. Ef það rignir líka þá lekur frekar en ef maður lokar hlémegin þá dreifist álagið á hléhliðina og áveðurshliðina þannig að þrýstimunur yfir áveðurshliðina verður ekki eins mikill og ef maður opnar gluggana hlémegin," segir hann.

HAFA GLUGGA LOKAÐA Best er að hafa alla glugga lokaða meðan stormur gengur yfir.

Gler í gluggum er ekki viðkvæmt fyrir roki heldur fyrst og fremst áfoki. „Ef maður er mjög hræddur eða þarf að vera innan við stóra glugga, sem maður er hræddur við, þá er það eina sem maður getur gert að líma krossa í rúðuna til að minnka hættuna á að glerið spýtist inn í herbergið," segir hann.

„Annað getur maður eiginlega ekki gert nema maður vilji fara út og negla fyrir. Og það er nú yfirleitt ekki gert nema þá að það sé spáð alveg aftakaveðri sem kemur kannski á tíu til tuttugu ára fresti. Þá getur í einstaka tilfelli verið réttlætanlegt að fara út og negla fyrir." - ghs

Litlu mátti muna að samkomulag næðist

Á lokaspretti loftslagsþings á Balí kom upp ágreiningur milli þróunarríkja og Bandaríkjanna. Að lokum náðist samkomulag sem umhverfisráðherra segir vera sögulegt. Ekki er kveðið á um töluleg markmið um minnkun útblásturs.

UMHVERFISMÁL Sviptingar urðu í lok loftslagsþings Sameinuðu þjóðanna á Balí og mátti litlu muna að samkomulag næðist um atriði Balí-vegvísisins, sem settur er til grundvallar allsherjarsamkomulags um loftslagsmál árið 2009.

Snemma í gærmorgun var samningatextinn lagður fram og kom þá í ljós að Indland auk fleiri þjóða gátu ekki sæst á ákveðin atriði. Bandaríkin lögðust gegn breytingartillögum þróunarríkjanna og brugðust fundarmenn við með með háveru bauli.

Eftir tilfinningaþrungna umræðu og uppnám í fundarsal sættist fulltrúi Bandríkjanna að lokum á tillöguna og uppskar mikið lófaklapp.

Í tilkynningu frá Þórunni Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra segir að um sögulegt samkomulag sé að ræða þar sem öll ríki heims komi til með að taka þátt í nýjum loftslagsviðræðum. Þá segir hún erfitt verk fram undan að útfæra samkomulagið og skipta byrðum milli ríkja, en það sé stórt skref að hefja verkið í samvinnu allra.

Samþykkt var að stefna að gerð nýs allsherjarsamnings fyrir árið 2009, framhaldi á Kyotobókuninni, sem rennur út árið 2012. Gert er ráð fyrir að nýr samningur fjalli um aðgerðir til að draga úr losun, auka bindingu og aðlögun að loftslagsbreytingum.

Helsta ágreiningsefni Bandaríkjanna og Evrópusambandsins varðaði hvort setja ætti skýr töluleg markmið um að aðildarríki minnkuðu útblástur um 25 til 40 prósent á næstu tólf árum væri miðað við útblástur árið 1990.

BALÍ-FUNDI LOKIÐ Tilfinningaþrungnar umræður urðu á síðustu klukkustundum loftslagsþingsins í Balí.

Evrópusambandið hélt því fram að nauðsynlegt væri að setja ákveðin markmið áður en farið yrði í samningaviðræður og haft var eftir sérfræðingum að 25 til 40 prósent losun væri nauðsynleg svo hægt væri að ná fyrri markmiðum um að helminga losun fyrir árið 2050.

Bandaríkin, Japan og fleiri töldu aftur á móti eðlilegra að setja slík markmið í lok samningaferlisins og svo fór að lokum að tekið var tillit til athugasemda þeirra.

eva@frettabladid.is

Fyrir jólin

Stór og lítil heimilistæki, símtæki og ljós í miklu úrvali.

Gæðaryksugur frá Siemens.
Virkilega þrífandi hrífandi.

Þessi er nauðsynleg við jólabaksturinn.

SIEMENS

Er ekki upplagt að fá sér ný ljós fyrir jólin?

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Fíton/SÍA

Jólagleði í Kringlunni

Í dag mætir Gosi, Latibær og kátir jólasveinar

Dagskrá

Sviðið á blómatorginu, 1. hæð

- Kl. 13.00
  Jólaleikrit
- Kl. 14.00
  Latibær
  Gosi og félagar
  Stekkjastaur og Stúfur
- Kl. 15.30
  Gosi og félagar
  Stekkjastaur og Stúfur

Opið til 22 öll kvöld til jóla

Barnagæsla Ævintýralands er opin til 22

Kringlan

skoðun

greinar@frettabladid.is

Sérkennilegur dómur í máli sem varðaði samband fullorðins manns við barn:

Ástin hlýtur að spyrja um aldur

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Í vikunni var maður dæmdur fyrir brot gegn stúlku sem var nemandi hans. Brotin sem maðurinn er dæmdur fyrir áttu sér stað þegar stúlkan var fjórtán og fimmtán ára gömul en samkvæmt framburði stúlkunnar hófust þau skömmu áður en hún varð þrettán ára.

Maðurinn, sem var kennari stúlkunnar, stjúpfaðir vinkonu hennar og knattspyrnuþjálfari hennar einnig um skeið, og stúlkan áttu í kynferðislegu sambandi og er maðurinn dæmdur fyrir alvarlegt trúnaðarbrot sem varðað getur allt að tólf ára fangelsisvistun.

Maðurinn var hins vegar dæmdur til fimmtán mánaða fangelsisvistar en dómurinn er skilorðsbundinn að fullu. Einnig er honum gert að greiða stúlkunni 500.000 krónur í bætur, auk hluta þóknunar réttargæslumanns hennar.

Í dómsorði yfir manninum segir: „Ákærða verður virt til mikilla málsbóta að gagnkvæmt ástarsamband var á milli hans og stúlkunnar.“

Margt er skrýtið í kýrhausnum. Þrír dómarar við Héraðsdóm Norðurlands vestra komast að þeirri niðurstöðu að rétt sé að kalla samband fullorðins manns, kennara og íþróttaþjálfara, við nemanda í grunnskóla ástarsamband. Það er grundvallarmisskilningur að samband milli fullorðins og barns geti talist ástarsamband. Ástarsamband hlýtur alltaf að byggja á ákveðnu jafnræði milli hlutaðeigandi.

Skilaboðin sem send eru með þessum dómi eru sérkennileg. Hefði samband mannsins og stúlkunnar til dæmis ekki verið refsivert ef maðurinn hefði eingöngu verið stjúpi vinkonu stúlkunnar en ekki kennari hennar eða íþróttaþjálfari?

Vitanlega er umhugsunarefni að þar til fyrir skemmstu var löglegt að eiga samræði við fjórtán ára barn og að aldurinn var þá aðeins hækkaður upp í fimmtán ár. Þarna ætti vitanlega aldur beggja að skipta máli og þá aldursmunur um leið. Hugsunin með þessari lagagrein hlýtur að vera sú að vernda börn.

Það kann að vera eitthvert sannleikskorn í gamla orðtakinu sem segir að ástin spyrji ekki um aldur. Þann fyrirvara verður þó að hafa á að ástin hlýtur að spyrja um aldur þegar barn er annars vegar.

Samband barns við fullorðinn byggir alltaf á trúnaði barnsins við þann sem eldri er og hinn eldri hlýtur alltaf að bera ábyrgð í sambandinu. Stúlkunni og manninum ber ekki saman um hvort stúlkan hafi verið þátttakandi í sambandinu með fullum vilja eða ekki. Það ætti í raun ekki að skipta máli. Ef samband milli barns og fullorðins verður kynferðislegt er það alfarið á ábyrgð hins fullorðna. Hann bregst trúnaði. Því hlýtur dómurinn í Héraðsdómi Norðurlands vestra að vekja furðu. Binda verður vonir við að þessum dómi verði vísað til Hæstaréttar og maðurinn þar dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn stúlkunni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



FRÁ DEGI TIL DAGS

Hvert er hámarkið?

Þingheimur fór í jólafrí á föstudag og hvað sem lesið var eftir að þinginu var frestað virðist fólk sammála um að haustþingið hafi verið fremur tíðindalítið. Eini hasarinn hafi verið í kring um þingskaparlögin, sem Vinstri græn hafa ein verið á móti. Björn Bjarnason veltir því fyrir sér á heimasíðu sinni hvers vegna Vinstri grænum vegni svona illa í þinginu: „Sumir segja, að með 9 mönnum sé þingflokkurinn orðinn of stór. Eitt er víst, þetta gengur ekki upp hjá þeim.“

Ef þingflokkur Vinstri grænna er orðinn of stór til að vegna vel, ættu þingflokkar Framsóknarflokks og Frjálslynda flokksins ekki að vegna alveg framúrskarandi vel nú?

Af er það sem áður var

„Lesbók Morgunblaðsins hefur verið gerð að vettvangi fyrir einhvers konar vinstri spekinga … Þar vaða uppi ofstækisfullir sósíalistar, femínistar, póstmódernistar og umhverfisverndunarsinnar. Gamalgrónir lesendur Morgunblaðsins eru margir hættir að fletta Lesbókinni,“ hefur Egill Helgason eftir ritstjóra Þjóðmála, Jakobi F. Ásgeirssyni, í nýjasta hefti ritsins. Það er greinilegt að Jakob telur það af sem áður var, þegar góðir hægrimenn stjórnuðu blaðinu.

Elsku Davíð

Vefrit Stjórnmála og stjórnsýslu (stjornmalogstjornsysla.is) hefur birt ellefu nýja ritdóma á síðu sinni. Einn af ritdómunum er „Saga hins sjálfskipaða sveitamanns“ um ævisögu Guðna Ágústssonar eftir Birgi Hermannsson. Birgir er ekki alveg jafndómharður og sumir aðrir sem ritrýnt hafa bókina, og ekkert er minnst á biskupasögur. Birgir telur aftur á móti að helsti galli bókarinnar sé ekki gallalaus sýn á Guðna, heldur skýlaus aðdáun á Davíð Oddssyni: „Aðdáun Guðna leynir sér ekki og þótt mikið sé talað um Davíð í bókinni er sú umfjöllun að mestu gagnrýnislaus.“

svanborg@frettabladid.is

BITBEIN Illugi Gunnarsson spyr:

Á að kenna kristinfræði í grunnskólum?

ILLUGI GUNNARSSON

Trú og saga

Samspil trúar og ríkisvalds er eitt viðkvæmasta og erfiðasta deilumál sögunnar. Borgarastyrjaldir og milliríkjaátök hafa orðið vegna mismunandi skoðana manna á málinu og leitun er að því deiluefni sem er eldfimara í mannlegu samfélagi. Í landinu okkar hefur alla jafna ríkt góður friður um þessi mál, fyrir utan helst þann tíma sem siðaskiptin gengu yfir. Íslenska þjóðin er kristinnar trúar, yfirgnæfandi meirihluti manna er í þjóðkirkjunni og stærsti hluti þeirra sem kjósa að standa utan hennar eru í kristnum trúfélögum. Hingað til hefur það verið óumdeilt að kenna ætti kristinfræði í skólum þótt vissulega hafi alla tíð verið uppi sá vandi að börnum sem koma frá heimilum þar sem foreldrar eru ekki kristnir sé ætlað að stunda slíkt nám. Þeirri spurningu hefur nokkuð vaxið fiskur um hrygg hvort saman fari skólaskylda og kennsla í ákveðnum trúarbrögðum, hvort ríkisvaldið geti haldið einni trú að börnum umfram aðra.

Ríkið styður kirkjuna

Ég er þeirrar skoðunar að kenna eigi kristinfræði í grunnskólum landsins. Í fyrsta lagi er kristinfræðsla ekki það sama og trúboð. Skólinn er ekki kirkja og það er ekki hægt að leggja að jöfnu trúboð og fræðslu í þeirri trú sem þjóðin aðhyllist. Í öðru lagi tel ég að ríkisvaldið hafi rétt til að hlutast til um að kristinfræðsla fari fram í skólum landsins í ljósi þess að í stjórnarskránni stendur að „Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda“. Ef þessu væri öðruvísi háttað, ef hér væri ekki þjóðkirkja sem ríkisvaldið styddi, þá væri eðlilegt að spurningamerki væri sett við kristinfræðslu í skólum á vegum ríkisvaldsins. En þetta snýr hins veginn, hér er ríkisstyrkt þjóðkirkja og því ekkert við það að athuga að í ríkisreknum skólum sé kristinfræðsla.

Lykill að samfélaginu

Hvað varðar stöðu þeirra sem trúlausir eru eða aðhyllast önnur trúarbrögð vil ég segja þetta. Vandinn felst meðal annars í því að hér eru of fáir sjálfstætt reknir skólar á grunnskólastigi, miðað við til dæmis Norðurlöndin. Ég tel að sjálfstætt starfandi skólum eigi að vera það í sjálfsvald sett hvort þar séu kennd kristinfræði eða ekki. Meira valfrelsi í skólamálum ætti því að geta orðið hjálplegt fyrir þennan hóp. Jafnframt er ég þeirrar skoðunar að vegna þess hversu saga og menning þjóðarinnar er samofinn trúnni og kirkjunni sé öllum nauðsynlegt að kunna góð skil á helstu þáttum þeirrar trúar sem hefur verið þjóðinni stoð og stytta í meira en þúsund ár. Þessi rök eiga kannski einkum við þá sem hingað flytja frá ólíkum menningarheimum, skilningur á trúnni okkar er um leið lykill að skilningi á samfélaginu okkar.

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Samhengi og menning

Það á að kenna menningu og sögu íslenskrar þjóðar og íslensks samfélags. Það á að kenna grunngildi með fullri vitund um það hvaðan þau koma. Það á líka að muna að kristin gildi eru ekki langt frá búddískum til að mynda. Virðing fyrir fólki og náttúru er leiðarstef í mörgum trúarbrögðum og það á að kenna. Það á að kenna biblíusögur og hvar og hvernig þær endurspeglast í bókmenntum allra tíma. Það á að nýta dæmisögur biblíunnar til að vekja spurningar og vangaveltur um siðferðileg álitaefni daglegs lífs.

Kennsla í kristinfræði er ekki kennsla í að vera kristinn og á ekki að vera það. Það er ekki hlutverk skólanna að stunda trúboð eða vera staður fyrir trúariðkun. Það er hlutverk og verkefni kirkjunnar. Kristni og biblíusögur mega hins vegar ekki vera feimnismál. Sú kennsla er og á að vera menningarsaga fyrst og fremst. Það á heldur ekki að draga undan veikleika eða skuggahliðar kristninnar og kirkjunnar í sögunni og áhrif hennar í lengd og bráð.

Félagslegt hlutverk

Hlutverk kirkju og kristni í lífshlaupi einstaklings og þjóðar er jafnframt hluti kennslu í samfélagsgreinum og skilningi á félagslegu samhengi. Skírn, ferming, brúðkaup og jarðarfarir marka spor í lífi velflestra fjölskyldna og eru að hluta trúarlegar athafnir en að öðrum félagslegar. Vísast er þetta hlutverk meira að segja mismunandi í upplifunum hvers og eins án þess að um það sé rætt sérstaklega í daglegu tali. Hins vegar á það að vera umræðuefni í skólanum að slíkar athafnir hafi þetta margþætta hlutverk.

Trúarlegur kveðskapur, jólasálmar, þjóðsöngurinn og gamlar bænir og vers hafa líka hluti sögunnar og ennþá hluti daglegs lífs sumra. Þessi þráður í sögu og menningu á að vera hluti almennrar grunnmenntunar án þess að trúariðkun eigi að vera hluti skólastarfsins.

Umburðarlyndi er kjölfestan

Íslensk menning er síbreytileg og lifandi í samfélagi þjóðanna. Það verðum við líka að muna og það þarf að koma fram í námi og kennslu. Því þarf almenn trúarbragðafræðsla að vera til staðar og umræðan um jafnrétti lífsskoðana að eiga sinn sess. Umburðarlyndi er kjölfesta margbreytilegs samfélags, skilningur á mismunandi gildum, trúarbrögðum og menningarheimum.

Við megum ekki vera svo hrædd við að styggja hvert annað að við hættum að sinna kristilegum hluta sögunnar og menningarinnar í kennslu og skólastarfi. Við erum hluti ákveðinnar menningar og eigum að vera það. Hverju við trúum hvert og eitt getum við svo átt við okkur sjálf.

VERÐTRYGGING!!

Wii verður alltaf ódýrust í ORMSSON

JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

Mest selda leikjatölva veraldar

ORMSSON ER UMBOÐSAÐILI FYRIR NINTENDO Á ÍSLANDI

Mergjað leikjaúrval!

KYNNIÐ YKKUR ÚRVALIÐ!

ORMSSON

- ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
- ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
- ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
- ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
- ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
- ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
- ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
- ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
- ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
- ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477
- ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

Pioneer

NÝTT MAGNAÐ HEIMABÍÓ >TILBOÐ!

JAMO HÁTALARAR OG BASSABOX
Jamo A402 hátalarasett
· 5 hátalarar og bassabox
· 2-Way lokaðir
· 60W long-term / 90W short-term
Bassabox (A4SUB): Innbyggður magnari
· Lokaður · 200W rated

PIONEER DVD SPILARI
Pioneer DV300
· Fáanlegur svartur eða silfraður
· Fjölkerfa DVD spilari með DivX
· Progressive scan - flöktfrí mynd
· Spilar DVD, VCD, SVCD, CD-R/RW og DVD-R/RW diska
· Spilar MP3 og WMA tónlist
· Sýnir JPEG myndir, MPEG

PIONEER MAGNARI
Pioneer VSX-417
· Fáanlegur svartur eða silfraður
· 5 x 110 RMS @ 8 ohm
· Styður Dolby Digital, DTS, Pro Logic II og WMA9Pro
· Einföld uppsetning með Quick Set-Up
· FM/AM útvarp með RDS

TILBOÐSVERÐ – Samtals kr. 88.900,-

SHARP

Hljómflutningsstæða fyrir tónelska
XL-UR230H
· 5 diska geislaspilari · Spilar MP3, CD-R/RW · Magnari: 2x50 W RMS
· USB tengi · Spilar tónlist beint af minniskubbum, MP3 spilurum o.fl.
· AM/FM útvarp með RDS og 40 stöðva minni · Vekjaraklukka
· 6 tónjafnarastillingar · X-BASS kerfi · Fullkomin fjarstýring
Listaverð kr. 29.900,-
Tilboðsverð kr. 23.900,-

FRÁBÆR, NETT OG VÖNDUÐ MYNDAVÉL

OLYMPUS

OLYMPUS FE-280
· 8 milljón pixlar
· 3 x aðráttarlinsa (38-190mm)
· 15 handhægar tökustillingar
Verð kr. 22.900,-

OLYMPUS *„Já - Algjör drauma myndavél!“*

OLYMPUS MJU 820
· 8 milljón pixlar
· 5x aðráttarlinsa (36-180mm)
· Stór 6,9cm (2,7") LCD skjár
· Veðurvarin
· 20 handhægar tökustillingar
· Videoupptaka með hljóði
· Tekur xD minniskort
· Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5 cm fjarlægð
· Hleðslutæki og Lithium-ion rafhlaða fylgir
· Fæst í fjórum mismunandi litum
Verð kr. 25.900,-

NÝ OLYMPUS

Taktu myndir í kafi
Vatnsheld niður á 3 metra og höggheld
· 7.1 milljón pixlar
· 3x aðráttarlinsa (38–114 mm)
· Stór 6,4 cm (2,5”) LCD skjár
· Videoupptaka með hljóði
***OLYMPUS** mju790*
Verð : 29.900,-

home art
Í ORMSSON SMÁRALIND
Fjölbreytt og falleg vara

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

HÁTÍÐ ER Í BAE

TEFAL

Frábær töfrasproti frá TEFAL. Getur allt!
Verð kr. 2.990,-

TEFAL

Dásamlegar, nýbakaðar vöfflur – með hjálp TEFAL.
Verð kr. 4.490,-

KYNNIÐ YKKUR ÚRVALIÐ!

ORMSSON

AEG

Expresso kaffivél sem bjargar deginum! Frábær vél – enda frá AEG.
Verð kr. 89.900,-

Solis OF SWITZERLAND

Nýr og flottur 1200w blandari frá svissnesku snillingunum í SOLIS.
Verð kr. 19.900,-

Solis OF SWITZERLAND

Vinsæl og glæsileg kaffivél frá SOLIS.
Verð kr. 69.900,-

TEFAL

Traust mínútugrill frá TEFAL.
Verð frá kr. 8.990,-

TEFAL

Djúpsteikingarpottur vandaður og traustur.
Verð kr. 8.990,-

TEFAL

privilege
POTTAR OG PÖNNUR
Í MIKLU ÚRVALI

LANGVARANDI ÁNÆGJA

brabantia solid company

BRABANTIA STRAUBORÐ
- skemmtilegt úrval

TEFAL

TEFAL STRAUJÁRN
Verð frá kr. 4.790,-

ZWILLING

ZWILLING
Barnahnífapör
Verð kr. 2.790,- settið

Framsýni og metnaður síðan 1922
85 ÁRA
ORMSSON
1922-2007

***12** ORMSSON VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

AEG

Ryksugur af bestu gerð!
Verð frá kr. 10.900,-

AEG

Sterkur blandari. Ómissandi í matargerðina.
Verð kr. 6.900,-

AEG

AEG AT260
Einfaldlega klassísk brauðrist sem endist lengi.
Verð kr. 5.990,-

ORMSSON

ALLTAF GLÆSILEG OG HAGNÝT GJAFAVARA

Myndaðu eins og fagmaður. Borgaðu eins og leikmaður.

Taktu hágæða ljósmyndir heima í stofu, leiktu þér að ljósmyndun. Tilvalið fyrir eigendur SLR véla.

www.hanspetersen.is

HANS PETERSEN

Engu gleymt í 100 ár

Glerártorg – staðreyndir málsins

UMRÆÐAN
Skipulagsmál

Sigurður Matthíasson, eigandi Svefns og heilsu ehf., ásakaði bæjaryfirvöld á Akureyri um valdhroka í tengslum við framkvæmdir á Glerártorgi í grein í Fréttablaðinu þann 13. desember sl. Í grein Sigurðar eru nokkrar rangfærslur sem ástæða er að leiðrétta.

Í stuttu máli snýst deila þessi um niðurrif á eign SMI ehf. en félagið er eigandi verslunarmiðstöðvarinnar Glerártorgs. Umrædd eign er áföst hluta verslunar Svefns og heilsu ehf. og telst ein eign skv. fjöleignarhúsalögum. Til þess að niðurrifið nái fram að ganga þarf samþykki sameiganda, en Svefn og heilsa ehf. hefur ekki viljað gefa leyfi fyrir því, þrátt fyrir að félagið hafi enga lögvarða hagsmuni af því að umræddur eignarhluti víki af svæðinu. Ítrekað hefur verið leitað eftir samþykki á niðurrifinu og því jafnan hafnað. Skýrt skal tekið fram að eignir Svefns og heilsu ehf. skerðast með engum hætti þó svo að umrætt leyfi verði gefið fyrir niðurrifinu.

Aðkoma Svefns og heilsu ehf. er frá Borgarbraut og eru ekki lagðar til breytingar þar um eða farið fram á skerðingu á eignarhaldi húseigna félagsins. Þar með er tekið fullt tillit til þarfa Svefns og heilsu ehf. og hagsmunir verslunarinnar tryggðir í deiliskipulagstillögunni. Ranglega er því haldið fram að hagsmunir framkvæmdaaðila hafi verið teknir fram yfir hagsmuni Svefns og heilsu ehf.

SIGRÚN BJÖRK JAKOBSDÓTTIR

Í hnotskurn snýst málið um önnur atriði s.s. tengingar húsnæðis Svefns og heilsu ehf. við nýbyggingarhluta Glerártorgs. Þessir tveir aðilar, Svefn og heilsa ehf. og SMI ehf., hafa ekki komist að sameiginlegri niðurstöðu hvað það varðar og er það mál þeirra í milli sem Akureyrarbær getur ekki skipt sér af.

Skýrt skal tekið fram að eignir Svefns og heilsu ehf. skerðast með engum hætti þó svo að umrætt leyfi verði gefið fyrir niðurrifinu.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála vísaði nýlega frá kröfu Svefns og heilsu ehf. um ógildingu deiliskipulagsins þar sem þeir áttu ekki hagsmuna að gæta. Það er því rangt sem haldið er fram í greininni að ekki hafi verið tekið tillit til hagsmuna félagsins.

Áður hafði sama nefnd vísað frá tveimur kærum Svefns og heilsu ehf. og komist að þeirri niðurstöðu að félagið hefði ekki hagsmuna að gæta. Er um valdhroka að ræða þegar deilumál sem þessi fá slíka niðurstöðu frá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála sem er hinn rétti vettvangur slíkra mála?

Ósk Akureyrarbæjar hf. um samþykki Svefns og heilsu ehf. á niðurrifi á eign sem fyrirtækið á ekki hefur ekki fengist, en það er forsenda þess að aðgengi að Glerártorgi verði tryggt. Akureyrarbær er því nauðugur einn kostur, til að skipulagið nái fram að ganga, að fara fram á eignarnám á hluta húsnæðis Svefns og heilsu ehf.

Það skal skýrt tekið fram að ítrekað hefur verið leitað sátta og Svefni og heilsu ehf. verið boðnar sáttagreiðslur í málinu. Því miður hefur það ekki gengið eftir og því er þessi neyðarleið farin eins og áður segir. Áður en slíkt er heimilað skal leita samþykkis Skipulagsstofnunar og sannanlega skal sýnt fram á að samningaleiðin hafi verið reynd til þrautar.

Akureyrarbær hefur átt í góðu samstarfi við atvinnulífið í bænum og fjöldi fyrirtækja hefur að undanförnu hafið rekstur á Akureyri sem sýnir að hér er gott að stofna og reka fyrirtæki. Það er því dapurleg staðreynd ef forsvarmenn Svefns og heilsu ehf. velja þann kostinn sem verstur er í stöðunni í stað þess að halda áfram með blómlegan rekstur og vinsæla verslun, öllum til góðs í framtíðinni.

Höfundur er bæjarstjóri á Akureyri.

Skurðpunktur öryggishagsmuna

UMRÆÐAN
Varnarmál

Þar sem öryggissamstarfið við Bandaríkin rofnaði ekki 2006, þarf Ísland hvorki að grípa til róttækra ráðstafana í öryggismálum né að móta nýja Evrópustefnu. Íslensk stjórnvöld verða engu síður að huga að því, hvernig hagsmunum Íslands er best borgið í samræmi við samrunaþróunina í Evrópu. Þar er átt við stækkun Evrópusambandsins, vöxt myntbandalagsins og viðgang evrunnar. Lega Íslands mótar óhjákvæmilega varanlega öryggishagsmuna Íslendinga sjálfra og bandamanna þeirra — landið er enn skurðpunktur öryggishagsmuna Evrópu og Norður Ameríku. Íslendingar geta ekki sjálfir varið land sitt og þess vegna heldur varnarsamningurinn enn óbreyttu gildi sínu.

RÓBERT TRAUSTI ÁRNASON

Íslendingar beina athygli sinni í auknum mæli í norður, fyrst að olíu- og gasflutningum um íslensku efnahagslögsöguna, svo að umskipunarhöfnum á Íslandi; síðan að olíu- og gasvinnslu í okkar efnahagslögsögu. Ísbreiða heimskautsins hopar stöðugt sökum loftslagsbreytinga og opnar siglingaleiðir og veitir aðgang að auðlindum, sem áður voru lokaðar sökum ísalaga árið um kring. Verður Norður-Íshafið nýtt Miðjarðarhaf vegna loftslagsbreytinga?

Þróun öryggismála

Þróun öryggismála á Norður-Atlantshafi var með þeim hætti að umsvif flota og flughers Sovétríkjanna jukust jafnt og þétt frá lokum sjöunda áratugarins og fram til 1985 þegar þessi umsvif náðu hámarki. Viðbúnaður Bandaríkjanna á Íslandi — kafbátavarnir og loftvarnir — var í fullu samræmi við þessi umsvif Sovétríkjanna. Með hruni Sovétríkjanna og tímabundnu hnignunarskeiði Rússlands gjörbreyttust pólitísk viðhorf og þar með ógnarmat NATO á Norður Atlantshafi og annars staðar. Augljóst hefur verið allt frá því að Sovétríkin heyrðu sögunni til að varnarsamstarf Íslands og Bandríkjanna myndi taka breytingum. Spurningarnar nú eru um það, hvernig á að framkvæma varnarsamninginn við núverandi aðstæður.Það verður að sýna fram á: (a) með hvaða hætti verður snúist til varna á landi; (b) að unnt sé að fylgjast náið með öllum siglingum við Ísland; (c) með hvaða hætti haldið verður uppi loftvörnum á Ísland; og (d) að tryggt sé öryggi allra þeirra sem lenda í lífsháska á Íslandi eða í nágrenni við landið.Því þarf að meta þýðingu þess út frá öryggis- og varnarhagsmunum Íslands að senn hafa aðflutningsleiðir sem liggja um íslenska efnahagslögsögu afgerandi þýðingu fyrir orkuöryggi bandalagsþjóða Íslands og fyrir heimsviðskipti.

Samstarf við grannþjóðir

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra færði fyrir því rök í september 1995 að við Íslendingar ættum að búa okkur undir að axla meiri ábyrgð á eigin öryggi og ljóst væri að við hefðum styrk til að koma á eigin varnarsveitum. Björn hefur margoft bent á nauðsyn þess að efla enn frekar samstarf og samráð Íslands við grannþjóðir um siglingar og hafnarmál og öryggisviðbúnað við Norður Atlantshafið til að bregðast við mikilli aukningu siglinga og sjóflutninga um þessi hafsvæði, einkum í tengslum við auðlindanýtingu á norðurslóðum, ekki síst vegna olíu- og gasvinnslu.

Árið 1999 kynnti ríkisstjórn Davíðs Oddssonar forsætisráðherra megintillögur starfshóps um öryggismál. Hópurinn lagði meðal annars til að leiðir yrðu kannaðar til þess að Íslendingar gætu axlað stærra hlutverk, einir eða í samstarfi við önnur ríki, í vörnum Íslands. Áhersla var einkum lögð á eftirfarandi atriði: (a) efld löggæsla; (b) varnir gegn hryðjuverkum; (c) almannavarnir; (d) björgunarstörf og leit;(e) æfingar og; (f) eftirlit og gæsla á hafinu kringum landið.

Samkomulag Íslands og Bandaríkjanna frá 2006 felst í þessum atriðum: (a) samkomulagi Íslands og Bandaríkjanna um framtíðarfyrirkomulag varna Íslands; (b) samkomulagi um skil á landi og á mannvirkjum; (c) samkomulagi um afhendingu búnaðar og tækja vegna yfirtöku Íslands á rekstri Keflavíkurflugvallar; og loks (d) samningi um leigu á búnaði og tækjum fyrir flugvöllinn.

Íslendingar verið virkari

Þríþætt verkefni blasti við ríkisstjórn Íslands 2006 þegar stjórn Bandaríkjanna tilkynnti um brottför varnarliðsins. Í fyrst lagi þurfti að tryggja að rekstur alþjóðaflugvallarins í Keflavík gengi snurðulaust eftir brottför varnarliðsins. Bandaríkin áttu þar mikilvægan búnað sem samkvæmt bandaríkum lögum hefði átt að flytja burt frá Íslandi ef ekki hefði samist um annað en samkomulag náðist um þetta atriði. Í öðru lagi þurfti að ná samkomulagi um skil á landi og mannvirkjum á Keflavíkurflugvelli og annars staðar á Íslandi og það tókst sömuleiðis. Þriðja og síðasta verkefnið var að tryggja öryggishagsmuni Íslands til framtíðar og það tókst og nú eiga ríkin tvö í viðræðum um frekari útfærslu hins nýja öryggissamstarfs. Sú aðstoð og samvinna er mikilvæg sem boðin er fram af hálfu Bandaríkjanna í tengslum við öryggissamstarfið á sviði löggæslu, landamæraeftirlits, landhelgisgæslu, varna gegn hryðjuverkum og fleiri öryggisþátta.

Hér skapast ýmis tækifæri fyrir löggæsluaðila á Íslandi. Ljóst er að Íslendingar sjálfir verða hér efir að vera virkari í eigin öryggismálum en verið hefur og þá ekki síst þegar kemur að innra öryggis ríkisins og borgaranna og verja þarf meiri fjármunum til þessara verkefna.Sérstök varnarmálastofnun er með öllu óþörf.

Höfundur er fyrrverandi ráðuneytisstjóri.

KRÓNAN

fyrst og fremst ...

... fyrir jólin

44% afsláttur

57% afsláttur

1298 kr. pk.
Rose kjúklingabringur frosnar 900 g

998 kr. kg
Bautabúrs hamborgarhryggur

998 kr. kg
Danskar grísalundir

Með allt í jólamatinn

30% afsláttur

1854 kr. kg
Hóla Hangilæri úrbeinað

30% afsláttur

1294 kr. kg
Hóla Hangiframpartur úrbeinaður

30% afsláttur

1238 kr. kg
Hóla hamborgarhryggur m/beini

749 kr. kg
Borgarnes lambabógur reyktur

35% afsláttur

Búkonu grafinn/reyktur lax

2,3 kíló

299 kr. kassinn
Klementínur

39 kr. stk.
Viking maltöl 500 ml

10% afsláttur

Krónu smákökur

FRÁBÆRT VERÐ!

2 lítrar

69 kr. stk.
Pepsi eða Pepsi Light

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

KRÓNAN

Bækurnar fást í eftirtöldum Krónuverslunum:

Bíldshöfða 20
110 Reykjavík

Fiskislóð 15-21
101 Reykjavík

Háholti 13-15
270 Mosfellsbær

Dalbraut 1
300 Akranes

Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Þórunn Þórðardóttir,
sjávarlíffræðingur, Ljósheimum 18 a
Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut, þriðjudaginn 11. desember. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju, mánudaginn 17. desember kl. 15.00.

Katrín Didriksen
Einar Oddsson **Xu Wen**
Elín Þórunn Didriksen
Oddur Xu Einarsson

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Leo Munro,
Kristnibraut 6, Reykjavík,

lést mánudaginn 10. desember á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar 11-E fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót. Þökkum auðsýnda samúð.

Irmgard Toft
Markús Alun Leosson **Edda Gudnason**
Brynja Leosdóttir **Snorri Guðjónsson**
Iðunn Leosdóttir
Sindri Hansen
David, Jan Eric og Bjarki Leó.

†

Útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Hjalta Ragnarssonar,
vélfræðings, Ársölum 1, Kópavogi,

fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 19. desember klukkan 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð.

Sigríður E. Konráðsdóttir
Konný R. Hjaltadóttir **Óskar Guðjónsson**
Hjalti Heiðar Hjaltason **Margrét Jónsdóttir**
Sigurður Ingvar Hjaltason **Magnea Helga Magnúsdóttir**
Aðalheiður Íris Hjaltadóttir **Árni Árnason**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sólveigar Jónasdóttur
frá Húsavík, Gullsmára 7, Kópavogi.

Sigurður Haraldsson
Bryndís Torfadóttir
Þórunn Hulda Sigurðardóttir **Bjarni Bogason**
Ásdís Sigurðardóttir **Bjarni Ómar Reynisson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Okkar ástkæri

Eiríkur Þórðarson
Gullsmára 5, Kópavogi,

lést sunnudaginn 9. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 18. desember kl. 13.00. Hjartans þakkir til alls starfsfólks deildar A6 á Landspítalanum í Fossvogi fyrir góða umönnun og hlýlegt viðmót.

Þórdís Sigurðardóttir
Sæmundur Eiríksson
Guðrún Sigríður Eiríksdóttir **Steinn G. Ólafsson**
Herbert Eiríksson **Soffía Björnsdóttir**
Stefanía Eiríksdóttir **Þorsteinn G. Guðnason**
Hrafnhildur Eiríksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

LIV ULLMAN FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1938

„Við þurfum öll einhvern til að tala við. Það væri gott ef við töluðum saman … ekki bara kurteisishjal heldur tölum saman í alvöru."

Leikkonan Liv Ullman hefur leikið í myndum á borð við Persona eftir Ingemar Bergman og halda því margir að hún sé sænsk en hún er Norðmaður í húð og hár.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 16.DESEMBER 1775.

Jane Austen fæðist

Breski rithöfundurinn Jane Austen er einn víðlesnasti rithöfundur allra tíma. Hún fæddist árið 1775 og hafa margar bóka hennar verið gerðar ógleymanlegar á hvíta tjaldinu eins og „Emma" og „Hroki og hleypidómar". Hún þótti beita pennanum af lipurri kaldhæðni og var óhrædd við að gagnrýna stöðu kvenna á þessum tíma en þær þurftu að reiða sig á hjónaband til að halda eða öðlast félagslega viðurkenningu. Hún ólst upp í stórri og samheldinni fjölskyldu og kenndi faðir hennar og eldri bræður henni heima og eins las hún mikið sjálf og áður en hún varð 35 ára hafði hún skrifað fjórar skáldsögur. Austen öðlaðist ekki almenna frægð meðan hún lifði en árið 1870, eða 53 árum eftir að hún dó, var gefin út bókin „Til minningar um líf Jane Austen". Eftir það urðu verk hennar sýnilegri almenningi og urðu strax vinsæl til lestrar. í kringum 1940 var hún svo orðin viðurkennd sem einn af „stóru bresku rithöfundunum". - rt

†

Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, sonar, bróður, tengdasonar, frænda og vinar,

Ara Þórðarsonar,
Rósarima 2.

Eva Björk Elíasdóttir
Aníta Líf Aradóttir, Rut Aradóttir og Andri Már Magnússon.
Kristín Guðbergsdóttir og Þórður Eydal Magnússon,
Halla Ólöf Kristmundsdóttir
Magnús Þórðarson, Björn Eydal Þórðarson
og aðrir aðstandendur.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín Þórðardóttir
frá Brúsastöðum, Suðurvangi 2,

verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju þriðjudaginn 18. desember kl. 15.00.

Fyrir hönd ættingja og vina,

Ingveldur S. Kristjánsdóttir
Þórður K. Kristjánsson **Elma Cates**
Sigurður Kristjánsson **Anna J. Sigurbergsdóttir**
Valgerður Kristjánsdóttir **Rúnar Smárason**
Kristín Kristjánsdóttir **Magnús Þórðarson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Valdimarsson,
fyrrverandi skipstjóri, útgerðarmaður og veitingamaður frá Ólafsvík,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans 12. desember. Útförin fer fram í Vídalínskirkju fimmtudaginn 20. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Guðrún Sigurðardóttir
Una Jóna Sigurðardóttir **Níels Kirschberg**
Guðlaugur Kr. Sigurðsson **Anna María Jónsdóttir**
Kristín Guðbjörg Sigurðardóttir **Bjarni Arnarson**
Valdimar G. Sigurðsson **Rannveig H. Kristinsdóttir**
Níels Pétur Sigurðsson **Hrefna Kristmundsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samhug, stuðning og hlýju vegna veikinda og andláts ástkærar dóttur okkar og systur,

Guðbjartar Lóu Sæmundsdóttur,
Lyngholti, Dýrafirði.

Sérstakar þakkir færum við læknum og hjúkrunarfólki á Barnaspítala Hringsins og starfsfólki heimahlynningar fyrir góða umönnun, trygglyndi, alúð og virðingu.

Auðbjörg Halla Knútsdóttir **Sæmundur Kr. Þorvaldsson**
Salvör Sæmundsdóttir.

UMSJÓNARFÉLAG EINHVERFRA Hjörtur Grétarsson, formaður félagsins, vill að þ
höndum og skilvirkari.

UMSJÓNARFÉLAG EINHVERFRA: HVETJA EINH

Þjálfun mikilvæg

Sparisjóðurinn stendur fyrir átaki meðal viðskiptavina sinna og landsmanna til að styrkja átta félagasamtök á sviði geðraskana barna og unglinga. Eitt af þeim félögum sem safnað er fyrir er Umsjónarfélag einhverfra. „Við erum að fást við fjölbreytt verkefni og eitt sem ég get nefnt er að þjónusta við einhverfa verði á færra höndum og betur verði haldið utan um þessa einstaklinga," segir Hjörtur Grétarsson, formaður félagsins.

Hann útskýrir að erfitt sé fyrir foreldra að skutla börnum sínum um allan bæ í mismunandi þjálfun og einhverfan lýsir sér mismunandi hverjum einstaklingi.

„Það skiptir miklu máli að hefja þjálfun sem fyrst til að ná árangri og að fá greininguna snemma. Í dag getur það tekið allt að þrjú ár en rannsóknir sýna að því fyrr sem þjálfun hefst næst betri árangur," segir Hjörtur og útskýrir að einhverfa sé ekki mæld með blóðprufu heldur þarf að greina þroskafrávik og þætti í hegðun.

„Engin lækning er til við einhverfu en það er hægt að hjálpa einstaklingum mikið með þjálfun," segir Hjörtur og bætir því við að

†

Elskuleg frænka okkar,

Ragnheiður Hermannsdóttir,
fv. deildarstjóri í Landsbanka Íslands,

verður jarðsungin frá Hallgrímkirkju í Reykjavík mánudaginn 17. desember næstkomandi kl. 13.30.

Systkinabörn.

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Síðasti upplestur á Gljúfrasteini

Í dag fer fram síðasti upplestur þessarar aðventu á Gljúfrasteini.

Segja má að hefð sé komin á lestur rithöfunda úr nýjum bókum fyrir jólin á heimili Nóbelsskáldsins og hefur framtakið mælst einkar vel fyrir, enda andrúmsloftið í stofunni einstakt og tilvalið að gleyma jólastressinu og njóta upplestra í kyrrðinni í sveitinni.

Lesið verður úr eftirfarandi bókum: Himnaríki og helvíti eftir Jón Kalman Stefánsson, Sagan um Bíbí eftir Vigdísi Grímsdóttur, Í fátæktarlandinu eftir Pétur Gunnarsson og Til fundar við skáldið Halldór Laxness eftir Ólaf Ragnarsson.

Sjálfur var skáldið Halldór Laxness annálaður upplesari, bæði á eigin verkum og annarra. Lestur hans í útvarpi á skáldsögum sínum vakti ævinlega athygli og þá þótti hann gefa verkum annarra sem hann las nýja vídd. Á vefsíðunni á Gljúfrasteini má heyra upptökur af upplestri skáldsins úr Ríkisútvarpinu frá ýmsum tímum.

Opnunartími á safninu yfir hátíðirnar er eftirfarandi: Opið frá 10-17 á Þorláksmessu og 27. til 30. desember sem og 2. janúar. Safnið er lokað: 24. 25. 26. og 31. desember og 1. janúar.

Aðgangur er ókeypis og öllum opinn. Nánari upplýsingar:
www.gljufrasteinn.is
Og í síma: 586 8066.

GLJÚFRASTEINN Hefð er fyrir upplestri úr nýjum bókum á heimili Nóbelsskáldsins á aðventu.

jónusta við einhverfa einstaklinga verði á færra
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

VERFA ÚT Í ATVINNULÍFIÐ

g árangurs

félagið vilji virkja einhverfa í atvinnulífinu. „Þessir einstaklingar geta ekki unnið við hvað sem er. Sumir eru til dæmis hvekktir á hávaða og það þarf því sérstakt vinnuumhverfi og skilning á fötluninni," útskýrir Hjörtur og segir félagið vera að kaupa nýtt greiningarverkfæri frá Bandaríkjunum til að meta hæfileika og velja atvinnu við hæfi.

Einnig er verið að gefa út bók um áramótin sem heitir „Um einhverfu, spurt og svarað" og á að höfða bæði til foreldra, vinnuveitenda og annarra.

Allir geta styrkt verkefnið með því að fara inn á www.spar.is eða hringja í næsta sparisjóð en söfnunin stendur fram að jólum.

heida@frettabladid.is

AFMÆLI

BENNY ANDERSON
TÓNLISTARMAÐUR
61 árs.

BENJAMIN BRATT
KVIKMYNDALEIKARI
43 ára.

TempraKON®

TempraKon
hitajöfnunarsæng
100% gæsadúnn
Aðeins
24.900,-

Kynnum okkar frábæru jólatilboð

Gravity Zero: Stillanlegt heilsurúm
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 525.000,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 45.439

Hlífðardýnur og lök fylgja

Chiro Royal: Heilsurúm
Stærð: 160x200
Jólatilboð: Kr. 139.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 12.218

Hlífðardýna og lak fylgja

Senseo: Svefnsófi m. 140 heilsudýnu
Áklæði: Mikið úrval
Jólatilboð: Kr. 179.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 15.516

Papillon: Stillanlegt heilsurúm með gafli
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 599.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 51.663

www.betrabak.is

Hlýjar jólagjafir

TempraKon
dúnsokkar
100% gæsadúnn
Aðeins
5.015,-

Heitasta jólagjöfin!
Komin aftur!
Síðasta sending seldist upp á 5 dögum.

Jólagjafirnar fást hjá okkur

TempraKon hitajöfnunarsæng
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 24.900,-

Tempur heilsuinniskór
Ein vinsælasta jólagjöfin okkar
Jólatilboð: Kr. 7.700,-

Tempur heilsukoddar
Margar gerðir og stærðir
Jólatilboð: Frá kr. 7.990,-

Yes sængurverasett
Maco-satín - eitt það allra mýksta
Jólatilboð: Kr. 8.900,-



* Mánaðargreiðsla miðað við tilboðsverð á vaxtalausum raðgreiðslum í 12 mánuði með 3,5% lántökukostnaði.

Betra BAK

Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

Akureyri
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-19 • Laugardaga frá kl. 11-17
Sunnudag frá kl. 11-17

Er að kynnast sjálfum mér upp á nýtt

Bráðum ár er liðið frá því að **Fjölnir „tattoo“ Bragason** sagði skilið við óregluna sem einkennt hafði líf hans að stórum hluta frá því hann hóf að húðflúra Íslendinga um miðjan síðasta áratug. Að utan er Fjölnir svo til sami maðurinn og áður, með síða hárið, skeggrótina og húðflúrin á sínum stað, íklæddur svarta hlýrabolnum og leðurvestinu. Að innan er hann hins vegar gjörbreyttur. *Vignir Guðjónsson* ræddi við Fjölni í vikunni sem leið.

FJÖLNIR BRAGASON „Ég hef ekki fundið þá tilfinningu sem ég hef núna í mörg ár. Þegar ég var í neyslunni voru jólin alltaf erfiðasti tími ársins.“

Það var kunnuglegur kauði sem gekk inn á meðferðarstofnunina Vog hinn 15. janúar síðastliðinn. Fjölnir Bragason, betur þekktur hjá flestum sem „Fjölnir tattoo“, hafði margoft áður reynt að losna undan fjötrum alkóhólismans, með takmörkuðum árangri þó. „Mér fannst menn hrista hausinn þegar ég mætti á svæðið. Þessi gaur, glætan. Þetta var hugsunarhátturinn sem ég skynjaði í fyrstu en það var fljótt að breytast,“ segir Fjölnir þegar hann rifjar upp sín síðustu andartök sem „óreglumaður“, eins og hann orðar það sjálfur. Í dag, ellefu mánuðum síðar, er Fjölnir ennþá edrú – honum tókst ætlunarverk sitt og hefur aldrei liðið betur.

„Fólkið í kringum mig segir að ég sé nýr maður en ég get ekki nema að hluta til tekið undir það. Eins og einn mætur maður sagði eitt sinn: „Ég er ekki nýr maður, ég er að bjarga þessum gamla.“ Það sem er að gerast núna er að ég er að kynnast sjálfum mér upp á nýtt.“ En Fjölnir er ekki aðeins að kynnast sjálfum sér upp á nýtt. Hann er að kynnast öllum litlu þáttunum í lífinu sem hann hafði sagt skilið við þegar neyslan var í hámarki. „Þá er ég að tala um hluti eins og að fara að sofa á skikkanlegum tíma á kvöldin, vakna á morgnana og líta björtum augum á daginn framundan. Að geta horft í augun á strákunum mínum og talað við þá á eðlilegum nótum, án þess að eiga á hættu að segja tóma steypu. Að geta eldað kvöldmat heima á eðlilegum tíma, horfa á fréttirnar og kíkja svo í heimsókn til mömmu og pabba. Þetta skiptir mig öllu máli í dag,“ segir Fjölnir og bætir við að hann upplifi jólin fram undan með gjörólíkum hætti en áður.

> Ég ætla að taka bakið á mér næst og síðan mun ég setja húðflúr á fæturna á mér. Þetta er hluti af þessari endurfæðingu.

„Ég hef ekki fundið þá tilfinningu sem ég hef núna í mörg ár. Þegar ég var í neyslunni voru jólin alltaf einn erfiðasti tími ársins. Jólin eru tími fjölskyldunnar og áður þurfti maður gjarnan að horfast í augu við hluti sem maður hafði viljað látið ógerða. Nú upplifi ég jólin hins vegar í gegnum börnin mín og systkina minna og í mér blundar aðeins tilhlökkun. Þetta verður æðislegt.“

Hefur gaman af Dr. Phil

Fjölnir er 42 ára og hefur verið ásatrúarmaður frá átján ára aldri. Hann segir trúna hafa haft mikil áhrif á sína lífssýn í gegnum tíðina og af orðfæri hans má ráða að hann þekkir söguna vel. „Ég hef alltaf verið trúaður, alveg frá því ég var barn. Ég las biblíuna snemma og var búinn að kynna mér ásatrúna nokkru áður en ég gekk í félagið. Ég hefði gert það fyrr, en innganga var bundin við átján ára aldurinn.“

Á vef Ásatrúarfélagsins stendur að eitt megininntak siðarins sé að hver maður sé ábyrgur fyrir sjálfum sér og gjörðum sínum. Hjálpaði trúin þér við að snúa blaðinu við?

„Já, tvímælalaust. Ásatrúin er gullfalleg og mjög jarðbundin trúarbrögð sem snúast um rætur okkar og tengja okkur við víkingana. Og það tímabil er eitt helsta gullaldartímabil í íslenskri sögu – nokkuð sem við getum verið stolt af. Og mitt líferni, áður en ég varð edrú, það var allavega ekki nokkuð sem ég var stoltur af. Ég var að horfa á Dr. Phil um daginn …“

Bíddu, bíddu … Horfir Fjölnir tattoo á Dr. Phil?

„Já, ég á það til að detta inn í þætti með honum yfir morgunmatnum. Hann er sjálfur alveg ágætur en það eru aðallega málin sem eru tekin fyrir sem geta verið áhugaverð og hinn fínasti samfélagsspegill. Einn morguninn datt ég inn í þátt þar sem Ozzy Osbourne var aðalgesturinn. Og Ozzy sagði svolítið í þættinum sem ég tók til mín. Hann sagði: „My biggest mistake in life is that I was a people pleaser“. Ég ætla ekki að bera mig saman við Ozzy en þegar maður verður að ákveðnu „ækoni“ eins og ég hef kannski verið í þjóðfélaginu síðustu ár sem þessi „Fjölnir tattoo“, gaurinn með síða hárið og öll húðflúrin, þá fer maður smám saman að leika þetta hlutverk. Og eftir á að hyggja þá hef ég verið mikill „people pleaser“ og það var ekki fyrr en fyrir ellefu mánuðum sem ég fór að vinna í sjálfum mér af alvöru.“

En þú hefur nú samt ekki breyst svo mikið. Þú ert ennþá með síða hárið og gengur um í hlýrabolnum?

„Já, en þetta er engin ímynd. Svona er ég bara og svona líður mér einfaldlega best. Ég hef verið með sítt hár í næstum aldarfjórðung og hef oft pælt í því að klippa mig, bara til að prufa það einu sinni. En ég held að það fyrsta sem ég myndi gera eftir það væri að byrja að safna aftur. Síðan er ég mjög heitfengur og þess vegna líður mér best í hlýrabolnum. Það eru nú ekki meiri vísindi á bakvið þetta en það,“ segir Fjölnir og glottir.

Fjölnir á tvo stráka, tólf og átján ára, sem hann lifir fyrir. Hann viðurkennir að hann myndi líklega snoða sig ef þeir bæðu hann um það. „Ef yngri sonur minn myndi biðja mig um það og virkilega meina það, þá myndi ég gera það.“ Fjölnir hefur varla sleppt orðinu þegar eldri sonurinn, Atli, sem var viðstaddur stóran hluta viðtalsins, tekur til máls: „Pabbi, ég mun hætta að tala við þig ef þú snoðar þig,“ segir hann og uppsker mikil hlátrasköll frá föður sínum. Þar með er endi bundinn á þær vangaveltur – Fjölnir er ekki á leið í klippingu í bráð.

Miðill í stöðugri þróun

Fjölnir er sonur Braga Ásgeirssonar, eins ástkærasta listamanns þjóðarinnar, og má því með sanni segja að honum séu hæfileikarnir í blóð bornir. Fjölnir segist alltaf hafa verið góður í höndunum, hann er lærður myndhöggvari en hefur haft húðflúrun að aðalstarfi frá árinu 1995.

Sjálfur var hann 29 ára þegar hann fékk sitt fyrsta húðflúr. Þá lét hann setja kennitöluna sína á herðablaðið. Gjörningurinn fór fram með rakvél og var virkilega sársaukafullur. „Og útkoman var beinlínis ljót,“ bætir Fjölnir hlæjandi við. Í dag er hann búinn að hylja kennitöluna með öðru húðflúri, einu af þeim þrjátíu sem hann hefur fengið sér frá þeim tíma, og eiga flest húðflúrin það sameiginlegt að skírskota á einn eða annan hátt til ásatrúarinnar; Óðinn, Fáfnir, Freyr og allir hinir.

„Ég er hættur að telja mín húðflúr því þau renna öll saman. Og húðflúrin eru öll í fullri vinnslu, þau eru óklárað listaverk. Ég ætla að taka bakið á mér næst og síðan mun ég setja húðflúr á fæturna á mér. Þetta er hluti af þessari endurfæðingu. Að gera flott listaverk á líkamann sem er útpælt og hefur mikla þýðingu.“

Nú vil ég fá hreinskilið svar. Er vont að fá sér húðflúr?

Já, það er vont. En þetta er sársauki sem allir eiga að höndla. Húðflúr er fyrst og fremst ákveðin athöfn. Það sem þú ert að setja á líkamann hefur einhverja þýðingu fyrir þig og fyrir vikið verður sársaukinn vel þess virði og í rauninni hluti af „kikkinu“ þegar allt kemur til alls.“

Fjölnir starfar í dag á Íslenzku húðflúrstofunni, ásamt lærimeistara sínum, Jóni Páli Halldórssyni, og Búra, samstarfsmanni sínum til margra ára. Hann vinnur mikið, er venjulega mættur kl. 10 á stofuna og vinnur fram að kvöldmat, jafnvel sex daga vikunnar. „Húðflúrin eru ofboðslega skemmtilegur miðill sem er stöðugt að þróast. Í dag eru það helst litirnir sem fólk er að uppgötva og þá staðreynd að það er hægt að leika sér með þá endalaust. Tækin og tólin sem við notum til að flúra verða sífellt betri, sem og þekkingin á þeim, og í dag eru litirnir þess eðlis að það er hægt að treysta þeim. Húðflúrin endast og við setjum hugmyndafluginu engin takmörk. Það er allt hægt.“

➜ HVAÐ ER ÁSATRÚ?

Ásatrú eða heiðinn siður byggist á umburðarlyndi, heiðarleika, drengskap og virðingu fyrir náttúrunni og öllu lífi. Eitt megininntak siðarins er að hver maður sé ábyrgur fyrir sjálfum sér og gerðum sínum. Í Hávamálum er einkum að finna siðareglur ásatrúarmanna en heimsmynd ásatrúarmanna er að finna í Völuspá. Þar er sköpunarsögunni lýst, þróun heimsins, endalokum hans og nýju upphafi. Í trúarlegum efnum hafa ásatrúarmenn aðallega hliðsjón af hinum fornu Eddum. Margir ásatrúarmenn líta frekar á ásatrú sem sið eða lífsstíl heldur en bein trúarbrögð. „Þessi trúarbrögð voru bönnuð í 1000 ár sem þýðir að þau eru ómenguð af öllu ruglinu í þjóðfélaginu okkar. Flest önnur trúarbrögð eru lituð eða íþyngd á einhvern hátt, til dæmis með fordómum og pólitík,“ segir Fjölnir um ásatrúna.

HÚSGAGNAHÖLLIN

AFNEMUM VSK AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM

14. - 17. DESEMBER

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 10-22

23.980
Verð áður: 29.980

BECKY barborð með krómfæti H105 Þ:70 cm, fæst hvítt háglans, eða í hnotu. Einnig til með glerplötu á kr. **16.980** áður kr. ~~21.980~~

11.980
Verð áður: 14.980

MATHILDE barstóll á krómfæti, fæst í creme og svörtu leðri.

7.980
Verð áður: 9.980

KEN barstóll á krómfæti, fæst í hvítu, rauðu og svörtu leðri.

11.980
Verð áður: 14.980

ZITE barstóll á krómfæti, fæst hvítur, rauður og svartur.

8.419 á mán/36 mán*
MERIDIAN tungusófi, B:240 D:212 H:90 cm, brúnt leður.

219.980
Verð áður: 279.980

5.417 á mán/36 mán*
HUDSON 3 sæta sófi B:225 D:97 H:97 cm
HUDSON 2 sæta sófi B:174 D:97 H:97 cm kr. **127.980**
eða kr. **4.967** á mánuði/36 mánuði, áður kr. 159.080.

139.980
Verð áður: 179.980

Bíldshöfða 20 • 110 Reykjavík • 585 7200 • **OPIÐ ALLA DAGA 10-22**

Skyldu það vera kvíðajól?

Bráðum koma blessuð jólin börnin fara að hlakka til, segir í kvæðinu. En það er langur vegur frá því að allir hlakki til jólanna því í hugum sumra getur þessi hátíð ljóss og friðar verið átakanleg. *Jón Sigurður Eyjólfsson* talaði við **Rósu Kristjánsdóttur** og **Stefán Jóhannsson** sem bæði hafa upplifað slík jól.

RÓSA KRISTJÁNSDÓTTIR, DJÁKNI LANDSPÍTALANS Hún veit hvað það er að upplifa átakanleg jól og nú hjálpar hún öðrum, eins og starfsfólk af mörgum deildum Landspítalans, að fara sem gæfulegast í gegnum slík jól. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Landspítalinn, Þjóðkirkjan og Hjúkrunarþjónustan Karitas standa fyrir samveru á aðventu sem er sérstaklega ætluð þeim sem syrgja ástvini. Samveran fyrir þessi jól fór fram í Grensáskirkju síðastliðinn fimmtudag og telur Rósa Kristjánsdóttir, djákni á Landspítalanum, að um 250 manns hafi mætt sem er mun minna en undanfarin ár enda var veður og færð með versta móti. Undanfarin ár hafa á milli 280 til 300 manns mætt til þessarar samverustundar. „Það sem gerir þessa samveru mjög hjartnæma er minningarstundin þar sem fólk kveikir á kertum til að minnast látins ættingja; það er mjög tilfinningaþrungið."

Að leyfa sér að upplifa sorgina

Rósa sá sjálf á eftir barnabarni og föður á síðasta ári svo hún veit hvað það er að halda jól eftir að skarð hefur myndast í fjölskyldunni. „Það er mín reynsla og ég trúi því að almennt gefist það best að taka á missinum strax og leyfa sér að upplifa sorgina. Ég er hjúkrunarfræðingur og þar var mér kennt að það þurfi að hrófla við sárunum og hreinsa áður en þau geta gróið saman aftur.

Ég veit að sumir kjósa að vera ekki á landinu yfir fyrstu jólin eftir ástvinamissi og auðvitað virði ég það því hver og einn tekst á við sorgina með sínum hætti. En það koma jól eftir þessi og hvað á að gera þá? Eins hef ég heyrt það að heimkoman geti verið erfið í slíkum tilfellum."

Jól sem minna á fráfall

Þótt Rósa hefði aldrei upplifað jól með dótturdóttur sinni sem lést skömmu eftir fæðingu var margt sem minnti á áfallið fyrstu jólin eftir fráfall hennar. „Dóttir mín og tengdasonur höfðu til dæmis ákveðið að eftir að þau væru komin með barn myndu þau halda jólin heima og útaf fyrir sig. Þau héldu sig við þá ákvörðun þrátt fyrir allt og ég veit að það var erfitt."

Starfsfólk Landspítalans leggur mikið upp úr því að reyna að lina sársauka þeirra sem séð hafa á eftir ástvinum á árinu. „Þáttur í eftirfygni við aðstandendur er boð til þessarar samveru og ég veit að hún hefur verið mjög mikilvæg fyrir marga. Svo vil ég trúa því að boðskortið eitt og sér hafi haft einhverja þýðingu fyrir þá sem ekki gátu komist."

Að lokum hefur Rósa litla hugvekju fyrir alla sem senn munu halda gleðileg jól. „Það er fyrirferðarmikið í fjölmiðlum að allir hafi það svo gott um jólin. Ég er ekki að leggja til að fólk haldi jól með samviskubit þar sem aðrir eigi um sárt að binda en hins vegar mættum við leiða hugann að þeim og jafnvel rétta hjálparhönd, það er jafnvel innhaldsríkara að gleðjast með þeim hætti."

Jólakvíði

EA-samtökin, eða Emotion Anonymous, hafa í fjölda ára haldið fundi um jólakvíða á aðventunni þar sem fólk sem haldið er slíkum kvíða reynir að vinna bug á þessum kvilla sem leitt getur til vanlíðanar og þunglyndis.

Stefán Jóhannsson er einn þeirra sem hefur þurft að glíma við þennan vanda og hjálpað öðrum að takast á við hann.

„Þegar ég var fyrst beðinn um að halda námskeið um jólakvíða þá fórum við að gera okkur grein fyrir því hvað það voru margir sem leituðu til sálfræðinga og geðlækna einfaldlega vegna þess að þeir voru skelfingu lostnir og fullir kvíða fyrir jólin," segir hann. „Enda geta þau verið erfið fyrir þá sem hafa misst ástvin á árinu, farið í gegnum skilnað eða hjá þeim sem eiga í fjárhagskröggum. Það er því miður ekki annað að sjá á aðsókninni eftir þeirri aðstoð sem veitt er fyrir hver jól en það sé nokkuð stór hópur. Svo kvíða börn jólunum ef þeim fylgir mikil drykkja foreldranna."

BARIST VIÐ JÓLAKVÍÐA Stefán Jóhannsson segir að fjölmargir leiti til sálfræðinga og geðlækna skelfingu lostnir og fullir kvíða fyrir jólin. Sjálfur var hann í þeim hópi sem þjáðist um hátíðirnar.

Jólainnkaup í ágúst

Jólakvíðinn hefur birst Stefáni í mörgum myndum. „Einhvern tímann fylgdi þessum tíma mikið óhóf til dæmis í drykkju og það kom óreiðu á marga hluti. Svo var ég stundum svo upptekinn að ég hafði engan tíma fyrir fólkið mitt. Það hringdi og ég lét bara símsvarann um að svara því og svo kveið ég fyrir því að hlusta á skilaboðin. Og svo var það erfiðasta þegar ég missti konu mína fyrir allmörgum árum. Kvíðinn getur verið mjög lamandi og hann getur fengið fólk til að einangra sig eins og í mínu tilfelli því ég vildi ekki vera að ónáða fólk með mínum kvíða. Ég vildi helst bara fá að vera í friði og þá þótti mér hreinlega ónæði af því ef verið var að bjóða manni eitthvað."

En nú hefur Stefán brugðist við með árangursríkum hætti og sér fram á gleðileg jól. „Ég ætla ekki að taka þátt í þessu jólastressi.

Nú geri ég allt tímanlega, ég keypti til dæmis flestar jólagjafirnar í ágúst. Ég byrja oft á vorin að kíkja eftir góðum gjöfum. En því er ekki heldur að neita að stundum gerir kvíðinn vart við sig en ég er búinn að vinna það vel í mínum málum að hann fær ekkert að staldra við."

Að gleðjast með það sem þú hefur

En hvað geta þeir gert sem finna fyrir kvíða nú þegar eftirvænting fyllir hjörtu flestra? „Við megum ekki gleyma hverju við erum að fagna á jólunum. „Í dag er oss frelsari fæddur," er það ekki fagnaðarerindið? Það er að segja, þetta snýst um frelsi en svo höndlum við þetta ekki betur en svo að það vill snúast í andhverfu sína. Það er því mikilvægt að gleðjast með það sem maður hefur, óska sér gleðilegra jóla og reyna að finna til gleði þegar maður kveikir á sínu kerti þótt það sé aðeins eitt kerti en ekki tíu og gleðjast yfir matnum þó að á borðum sé frekar kotungs- en kóngamatur."

> Kvíðinn getur verið mjög lamandi og hann getur fengið fólk til að einangra sig eins og í mínu tilfelli því ég vildi ekki vera að ónáða fólk með mínum kvíða.
>
> **STEFÁN JÓHANNSSON**

Unnið er eftir 12 spora-kerfinu í EA-samtökunum rétt eins og gert er í AA-samtökunum. „Í AA koma menn saman og viðurkenna vanmátt sinn gagnvart áfenginu en við tölum um vanmátt okkar gagnvart eigin tilfinningum.

Oft reyna menn að vinna bug á tilfinningum sem valda þeim vandræðum með vitsmununum en það er í raun eins og að fara út í bókabúð og ætla að kaupa fransbrauð. Þú vinnur ekki bug á tilfinningunum með vitsmununum."

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Opið í dag 12-18

Rafræna Bónus gjafakortið er góð jólagjöf. Þú kaupir inneign á kortið að eigin vali !

Fæst aðeins á skrifstofu Bónus Skútuvogi 13 s.588 8699 gjafakort@bonus.is

30% afsláttur af vinsælasta jólakjötinu

Ali hamborgarhryggur 30% afsláttur
Með beini **1252 kr/kg.** Merkt verð 1789 kr/kg.
Úrbeinaður **1623 kr/kg.** Merkt verð 2319 kr/kg.

Fjalla hangikjöt 30% afsláttur
Hangiframpartur úrb. **1399 kr/kg.** Merkt verð 1999 kr/kg.
Hangilæri úrbeinað **1914 kr/kg.** Merkt verð 2735 kr/kg.

Kofareykt hangikjöt 30% afsláttur
Hangiframpartur úrb. **1399 kr/kg.** Merkt verð 1999 kr/kg.
Hangilæri úrb. **1889 kr/kg.** Merkt verð 2699 kr/kg.

KEA léttreyktur lambahryggur 30% afsláttur
1257 kr/kg. Merkt verð 1795 kr/kg.

Kjúklingabringur Holta
ferskar úrbeinaðar skinnlausar
35% AFSLÁTTUR **1689 kr/kg.** Merkt verð 2599 kr/kg.

BÓNUS **BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI Í DESEMBER: www.bonus.is

Ljós og litbrigði í borginni

Höfuðborgin á sér ótal andlit og fjölbreytnin ræður ríkjum í byggingum, mannlífi, veðráttu og umhverfi. Hvarvetna eru andstæður, gamall tími og nýr. Ljósmyndarinn góðkunni *Gunnar Andrésson* hefur sín listrænu augu opin er hann ferðast um borgina eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.

ÖLDUGANGUR VIÐ GRÓTTU Brimið brýtur á Setjarnarnesinu og þeir sem ganga þar um fá saltbragð í munninn en Gróttuvitinn sendir sjófarendum kveðju sína.

SVARTUR SKÝSTRÓKUR? Í morgunskímunni virðast gufustrókarnir svartir sem stíga upp frá borholum virkjunarinnar á Hellisheiði en rafljósin lýsa nær.

LITRÍK TRÉ Hér má ekki á milli sjá hvort hefur skreytt betur trén í sínum garði, Sólveig Pétursdóttir, fyrrverandi ráðherra, (fjær) eða forseti Íslands. Hallgrímskirkja horfir á.

KNATTSPYRNA Á TJÖRNINNI Menntskælingar í Reykjavík iðka gjarnan íþróttir utanhúss vegna plássleysis inni. Hér hafa þeir fengið forgengilegan knattspyrnuvöll skammt frá skólalóðinni. Gamla iðnaðarmannahúsið við Vonarstræti stendur vörð á bakkanum og byggingarkranar í bakgrunni boða nýtt tónlistarhús.

Gleðjumst saman!

nettó

Allt í jólamatinn á betra verði!

www.markhonnun.is

Fjölskyldan fær allt til jólanna á einum stað.

nettó

Akureyri, Grindavík, Höfn, Kópavogi og Mjódd Reykjavík

BARNAMYNDIR STYRKJA SJÁLFSMYND BARNA „Það er nauðsynlegt að hver kynslóð sjái sig eins og hún er. Ef börn sjá heldur aldrei sitt eigið umhverfi í myndum hugsa þau: „Hér bý ég á þessum ómerkilega stað. Hér gerast aldei neinar sögur og hér er ekki þetta fallega fólk sem er í kvikmyndunum," segir Ari Kristinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gengur illa að eldast

Þegar **Ari Kristinsson** kvikmyndagerðarmaður gerði kvikmyndina Pappírspésa fyrir um sautján árum höfðu íslensk börn ekki séð íslenska barnamynd í um tíu ár. Nú er Ari búinn að framleiða sína þriðju barnamynd, Duggholufólkið, og er því orðinn sá Íslendingur sem flestar barnamyndir hefur gert. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hitti Ara, sem segist eiga margt sameiginlegt með aðalpersónunni.

Duggholufólkið er ævintýramynd um borgardreng sem þekkir tölvuleiki og kvikmyndir jafn vel og lófann á sér en er sendur í sveit þar sem hann kynnist veðrum, draugum, norn og ævintýrum. Hugmyndina að myndinni segir Ari mega rekja allt aftur til barnæsku hans.

„Menn ganga alltaf með einhverja atburði í maganum sem haft hafa áhrif á þá. Þessa kvikmynd má eiginlega rekja til þriggja atburða í mínu lífi. Fyrst er það lífsreynsla mín í sveitinni þegar ég kom þangað sem barn, sjö eða átta ára gamall. Munurinn á sveit og borg var enn það mikill að þetta var þó nokkuð menningarsjokk, sér í lagi þegar ég var látinn hjálpa til við að slátra kú. Beljan var skotin, skorin á háls, vaskafat sett undir blóðbununa og allir létu eins og ekkert væri eðlilegra í heimi. Ég var settur í það verkefni að hræra í brúsa sem blóðinu úr vaskafatinu var hellt í. Annar atburður sem situr í mér er þegar ég tók á móti dreng úr sveit sem aldrei hafði séð sjónvarp. Í tækinu var svart-hvítur glæpaþáttur og aðalbófinn var skotinn. Fer þá ekki drengurinn að hágráta því hann vissi vel úr sveitinni hvað það var að deyða en hafði aldrei séð mann skotinn. Fólkið reyndi að hugga hann en hann var alveg skelfingu lostinn og miður sín. Í dag kippir auðvitað enginn sér neitt upp við það þótt 20-30 manns séu drepnir á skjánum á hverju kvöldi." Ari lumar á þriðju sögunni. „Fyrir nokkrum árum lenti ég í aðgerð á Borgarspítalanum sem misheppnaðist eitthvað og var mér haldið lengi sofandi í öndunarvél. Þegar ég fór að vakna aftur til lífsins úr móki djúpsvæfingarlyfja mætti mér alltaf þessi draugur, sem krafðist þess að ég hjálpaði sér ef ég vildi sleppa lifandi út af spítalanum.

Ég var lamaður af hræðslu því draugurinn var býsna skelfilegur í upphafi. Á endanum náði ég nógu mikilli skynsemi til að úrskurða að þetta væri ímyndun sem gæti ekki gert mér neitt. Og það er að nokkru leyti það sem kemur fram í myndinni: Það er ákvörðun hvers og eins hversu hræddur hann verður við þessar verur, hvort sem það eru draugar eða myndir á tjaldi."

Mikilvægt fyrir börnin að sjá sig á skjánum

Ari hefur verið viðloðandi kvikmyndabransann í nær 28 ár og varla til sú kvikmynd þar sem hann hefur ekki lagt sitt á vogarskálarnar. Hans eigin kvikmyndir, sem hann sjálfur skrifar handritin að, virðast þó einhverra hluta vegna verða barnamyndir. Af hverju skyldi það vera? „Ég veit það ekki. Ég held kannski að í æsku hafi ég orðið svo bergnumin af þessu formi sem kvikmyndin er og þótt það svo æðislegt að ég hafi viljað miðla því til annarra barna. Pappírspési átti reyndar aldrei að verða kvikmynd heldur sjónvarpssería en fjármagnið sem koma átti frá Þýskalandi brást þannig að við neyddumst til að gera úr þessu kvikmynd í stað átta sjónvarpsþátta. Mér leist ekkert á að gera úr þessu bíómynd, en það var verið að bjóða upp íbúðina og þetta vanalega sem tilheyrir því að vera kvikmyndagerðarmaður svo ég varð.

> Á göngunni, læddist að manni sú hugsun hvað það yrði kaldhæðnislegur endir á lífinu að verða úti á Skúlaskeiði, eftir að hafa nýlokið við að skrifað handrit að kvikmynd um hvað það væri heimskulegt að æða til fjalla treystandi aðeins á farsímann.

Þegar ég kom hins vegar í bíóið og upplifði þessa miklu stemningu og þakklæti barnanna – að fá að sjá barnamynd á íslensku – áttaði ég mig á að þessi kynslóð barna hafði aldrei séð mynd á íslensku í bíó, því að tíu ár voru liðin síðan næsta barnamynd á undan, Jón Oddur og Jón Bjarni, var sýnd.

Ég er alveg viss um að hverri kynslóð er nauðsynlegt að sjá sjálfa sig og sitt umhverfi á hvíta tjaldinu. Ef börn sjá aldrei sitt eigið umhverfi í kvikmyndum hugsa þau: „Hér bý ég á þessum ómerkilega stað. Hér gerast aldrei neinar skemmtilegar sögur og hér er ekki þetta fallega fólk sem er í kvimyndunum." Ari viðurkennir líka að honum gangi mjög illa að eldast. „Kannski geri ég unglingamynd næst – fer upp um tvö ár í þroska."

Auglýst eftir lömbum

Myndin fjallar ekki aðeins um börn heldur koma dýr talsvert við sögu. Þannig skipta tvö lömb með sér stóru hlutverki og var annað lambið villt og hitt hálftaminn heimalningur. „Myndin var tekin upp í nóvember og samkvæmt líffræðinni eiga lömbin víst bara að fæðast í maí. Ég hugsaði með mér að einhvers staðar hlytu kindurnar að stríða náttúrunni og fæðast." Og það stóð heima, Ari auglýsti eftir lömbum sem fædd voru utan líffræðilögsögunnar og fékk tvö hundruð svör. Tvö lömb voru valin, annað til að vinna í stúdíóinu og hitt lék fyrir vestan í útitökum. „Sunnlenski heimalningurinn var ákaflega spakur, hafði alist upp með hundi sem einnig leikur í myndinni og leit á hann sem sína nánustu fjölskyldu. Þannig hvíldu lambið og hundurinn sig saman milli taka og lágu í faðmlögum." Öllu erfiðara var að eiga við villta lambið fyrir vestan, því ef því var sleppt hljóp það bara í burtu. „Við tókum því upp hálf stalíníska aðferð. Höfðum móður lambsins og systur í haldi og færðum fjölskyldu þess úr stað ef við þurftum að færa lambið því alltaf elti lambið. Stalín vissi alltaf að hann gat hleypt fólki úr landi ef hann hafði fjölskylduna hjá sér kyrrsetta – fólkið kæmi alltaf aftur. Lambið var því þægt. Eitt sinn slapp þó móðirin úr haldi okkar og hvarf á harðahlaupum niður fjallið. Ég sá fram á að ekki yrði um fleiri lambamyndatökur að ræða. Sonur minn, Kristinn, hljóp á eftir kindinni og kom, mér til mikillar furðu, með hana til baka stuttu síðar. Þegar móðirin var komin hálfa leið niður fjallið og áttaði sig á að lömbin fylgdu henni ekki á flóttanum sneri hún nefnilega við og gekk sjálfviljug aftur til fangavarðanna."

Þekkir sjálfan sig í stráknum

Duggholufólkið fjallar sem fyrr segir um strák sem sendur var burt frá tölvuleikjum og sjónvarpsglápi vestur á firði. Þekkir Ari vel til barna sem föst eru í viðjum tækninnar og trúa henni og treysta betur en foreldrum?

„Satt best að segja verð ég að viðurkenna það að ég sjálfur er voðalega líkur þessum strák. Ég er mikill tölvuáhugamaður og þegar ég fékk mína fyrstu tölvu árið 1986 leið mér eins og ég hefði fundið útliminn sem alltaf vantaði á mig. Og atvikin í myndinni eru meira að segja tengd vitleysu sem ég hef gert sem fullorðinn maður. Og það eftir að ég skrifaði handritið!" Ari vísar þar í mikla hættu sem hann komst í þegar hann var á ferðalagi með Friðriki Þór um vetur að leita

FRAMHALD Á SÍÐU 69

BÓKIN SEM ALLIR ERU AÐ LESA



„Fyndin, djúp og skemmtileg og snertir inn að beini”

– Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, varaþingmaður

„Falleg og áhrifamikil”

– Kolbrún Bergþórsdóttir

SKUGGI
FORLAG

1. prentun uppseld
2. prentun að seljast upp
3. prentun á leiðinni



ER ÁSTÆÐA TIL AÐ EFAST?

Mörgum árum og milljónum dollara seinna hefur bandarískum yfirvöldum ekki tekist að eyða efasemdum um atburðarásina 11. september 2001. Hvar liggur hundurinn grafinn?

Ágúst Bogason veltir fram ýmsum spurningum í þessari fróðlegu og afar læsilegu bók.

SKUGGI
FORLAG

Matur

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT]

Desember 2007

Bjóralið og nuddað naut

forréttur að hætti Grillsins

Andabringur – einfaldur veisluréttur

Nanna Rögnvaldardóttir skrifar

Lagskipt og leikandi

jóladesert Friðriku Geirsdóttur

MÁLTÍÐIN FULLKOMNUÐ *Meðlæti*

Þrjár góðar uppskriftir að rauðkáli, ítölsku eggaldini og Waldorfsalati í nýjum búningi.

ÞAÐ SEM VEX OG GRÆR VIÐ OKKAR FÓT HANGIKJÖT NÚTÍMANS
KARTÖFLUR ERU BRAUÐ JARÐAR HEITREYKT GÆS

EINFALDLEGA EINFALT

Hrefna Sigurjónsdóttir skrifar

Fyrir matgæðinga er gaman að spá og spekúlera í hátíðarmatinn fyrir jólin. Margir eru þó að stíga sín fyrstu skref í hátíðarundirbúningnum og eru jafnvel enn að prófa sig áfram með hvað virkar og virkar ekki. Sumir vilja hafa hlutina alveg eins og hjá mömmu á meðan aðrir eru nýjungagjarnari og vilja finna sína eigin leið. Auk þess getur verið mikilvægt samningsatriði meðal sambýlinga hvað hafa skal í jólamatinn. Hvað sem því líður er ljóst að sælkeramatargerð jólanna vex mörgum í augum.

Flott skal það vera og ekkert má fara úrskeiðis á hátíð ljóss og friðar. Í stað þess að lifa og njóta getur matargerðin stundum valdið valkvíða og áhyggjum. Þá er mikilvægt að sníða sér stakk eftir vexti og velja rétti sem hæfa getu, tilefni og fjárráðum. Það er algjör óþarfi að spenna bogann of hátt og í matargerð gildir oft sú regla að minna er meira. Þegar verið er að útbúa margrétta máltíð er gott að hafa hlutina einfalda. Það kannski segir sig sjálft að einna mest er lagt í aðalréttinn og þá er kjörið að hafa forrétti og eftirrétti einfalda. Þeir þurfa alls ekki að vera neitt verri fyrir vikið. Þvert á móti nýtur hvert hráefni sín jafnvel betur ef ekki er verið að hræra of miklu saman. Góð skipulagning er þó lykilatriði og margborgar sig að vera aðeins búin að setjast niður og hugsa hvernig framkvæma skal gjörninginn. Auk þess er hægt að vinna sér í haginn með því að vera búin að sneiða niður grænmeti, setja kjöt í kryddlög og svo framvegis. Þannig áskotnast manni aukatími, og matreiðslu er best að stunda í streitulausu umhverfi. Þannig tekst frekar að færa gleði og nautn í góðgætið og það fullkomnar jólamáltíðina.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

F Forréttur	M Meðlæti	Annað kjöt en fuglakjöt
A Aðalréttur	Til hátíðabrigða	Fuglakjöt
E Eftirréttur	Hvunndags og til hátíðabrigða	Grænmeti

matur kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason **Pennar:** Gunnþóra Gunnarsdóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir, Sigríður Hjálmarsdóttir, Vera Einarsdóttir, Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Stefán P. Jones *spj@frettabladid.is*

Stökkt beikon fer vel með hangikjötinu skornu í þunnar sneiðar.

HANGIKJÖT NÚTÍMANS

Hefðin hefur ráðið því hvernig fólk eldar og framreiðir hangikjötið á jólunum. Margir vilja halda í þá hefð en aðrir eru nýjungagjarnir. Einar Gústavsson yfirkokkur á Einari Ben tók áskorun okkar og færði hangikjötið til nútímans.

Gott á jólunum!

Hangikjöt með uppstúf og kartöflum er vissulega gott og stendur alltaf fyrir sínu, enda hefur það unnið sér fastan sess á jólamatarborði langflestra Íslendinga. Stundum er þó gaman að breyta til og prófa að nota hráefnið á nýjan máta. Einar Gústavsson yfirkokkur á Einari Ben veitir hér uppskrift að hangikjöti, sem er allt öðruvísi en við eigum að venjast.

„Á Einari Ben vinnum við mikið með íslenskt hráefni þó nauðsynlegt sé að krydda það til með utanaðkomandi áhrifum til þess að gera matinn frábrugðinn og sérstakan á allan hátt. Hérna er ég með gamla góða hangikjötið en elda það ekki á hefðbundinn máta. Í staðinn sker ég það í þunnar sneiðar, svo nefnt „carpacció“ og er það svo borið fram með fersku grænu salati, fetaosti, beikoni og hnetum,“ segir Einar en af myndinni að dæma er hér kominn réttur sem myndi sóma sér vel á hvaða hlaðborði sem er yfir hátíðarnar.

HANGIKJÖTSSALAT

MEÐ BRÚNUÐUM GEITAOSTI, SYKRUÐUM PISTASÍUM, VALHNETUM OG STÖKKU BEIKONI

Fyrir fjóra

400 g hangikjöt (hrátt)
80 g geitaostur
20 g brúnn sykur
50 g pistasíur
50 g walhnetur
100 g beikon
400 g blandað salat
40 ml balsamikedik
20 ml olífurolía
1 msk. hunang
20 g sykur
blandaðar shiso jurtir
maldon-salt
svartur pipar

Frystið og skerið hangikjötið í þunnar sneiðar og leggið í hring á diskinn með gati í miðjunni.

Steikið hneturnar á pönnu með sykrinum, þar til sykurinn létt brúnast. Passið að brenna ekki.

Bakið beikonið á bökunarplötu við 170°c þar til stökkt og leggið á tusku svo fitan leki af.

Skerið geitaostinn í bita og stráið brúnum sykri yfir, bakið í ofni við 190°C í 3mínútur

Veltið salatinu upp úr balsamik ediki, olíu og hunangi.

Kryddið með salt og pipar.

MATREIÐSLU**BÓKIN**

Fyrir byrjendur og lengra komna

Allt svo gott er ný matreiðslubók frá Gestgjafanum.

Tímaritið Gestgjafinn hefur fylgt þjóðinni í 25 ár og hefur á þeim tíma skráð sögu matarmenningar Íslendinga á síðum blaðsins enda fylgir matargerð líkt og allt annað tískustraumum.

Nú hafa valdar uppskriftir verið gefnar út í eigulegri bók ásamt nýjum og spennandi réttum. Hún nefnist Allt svo gott og skiptist í níu kafla. Þar er að finna súpur og forrétti, aðalrétti bæði úr kjöti og fiski, meðlæti og eftirrétti auk þess sem uppskriftir eru að brauði, bökum og kökum. Inn á milli er flétt- að fróðleiksmolum og gagnlegum ráðum þar sem við á. Auk þess eru nokkrar síður fyrir eigin uppskriftir.

Hér er semsagt bók sem hæfir öllum sem fást við matargerð, hvort sem þeir eru byrjendur eða lengra komnir í listinni.

VERSLUN SÆLKERANS

Ostabúðin Skólavörðustíg

Í Ostabúðinni að Skólavörðustíg 8 er mikið úrval af ostum og annarri sælkeravöru. Þar er forréttaborð með hátt í tíu tegundum, þar á meðal heitreyktri gæsabringu og villibráðarpaté. Þá er þar áleggsborð með íslenskum og spænskum pylsum sem er hægt að fá niðursneiddar og eru þær vinsælar á hvers kyns veisluborð. Einnig er boðið upp á ítalska og spænska hráskinku sem er sneidd á staðnum. Að auki er í búðinni mikið úrval af olíum og ediki frá Oliviers & Co í Suður-Frakklandi.

Jóhann Jónsson, eigandi verslunarinnar, segir desember dásamlegan tíma og mikla jólastemningu ríkja á Skólavörðustígnum. Verslunin var opnuð fyrir átta árum og er í hugum margra orðin ómissandi hluti af miðborginni.

Jóhann segir mikla eftirspurn eftir gjafakörfum á þessum árstíma. „Þær eru af ýmsum stærðum og gerðum og getur fólk ýmist sérvalið í þær eða keypt með stöðluðu innihaldi. Boðið er upp á osta-, sælkera- og vinnustaðakörfur og eru þær tilvalin jóla- eða tækifærisgjöf,“ segir Jóhann. „Meðalverð körfu er í kringum sjö til tíu þúsund krónur,“ bætir hann við.

Á staðnum er einnig veisluþjónusta auk þess sem boðið er upp á létta hádegisrétti sem hægt er að borða á staðnum eða taka með sér.

Jólakaffið í ár er blanda sérvalinna kaffibauna. Einstök færni sérfræðinga hjá Te & Kaffi í blöndun og ristun nær fram hæstu gæðum á kaffinu. Jólakaffið hefur góða bragðfyllingu og er í fullkomnu jafnvægi. Ilmurinn af kaffinu dekrar við skilningarvitin og hámarkar jólastemninguna.

Jólastundin - Jólabragðið - Jólastemningin

LEYNIVOPNIÐ

Þuríður er fljót að hespa jólabakstrinum af. Það kemur sér vel því hún rekur líka gallerí á Laugavegi 12b, 2. hæð, ásamt fleiri metnaðarfullum myndlistarmönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fékk óvænt tvo ameríska ofna

Leynivopnið í eldhúsi Þuríðar Sigurðardóttur, myndlistarmanns og söngkonu, er tveir stórir amerískir ofnar. „Þetta var upprunalega slys," segir hún skellihlæjandi, spurð um ástæðuna fyrir ofnunum tveimur. „Við hjónin fluttum hér inn í húsið 1979 og keyptum okkur heimilistæki frá Ameríku. Pöntuðum ofn og hitaofn því þetta var fyrir tíma örbylgjuofnanna og þeirra þæginda sem þeir veita. Hitaofninn var hins vegar ekki til en sá sem keypti þetta fyrir okkur tók þá ákvörðun að kaupa bara tvo steikarofna í staðinn og þá ekkert af minni gerðinni."

Þuríður segir þessa ráðstöfun hafa komið sér ótrúlega vel. „Ég veit ekki hvernig ég færi að án ofnanna. Nú get ég borið fram heitan mat fyrir múg og margmenni," segir hún og hlær dátt en öllu gamni fylgir þó nokkur alvara. „Ég á stóra fjölskyldu og hér í þessu eldhúsi er hægt að elda mat fyrir þrjátíu manns án þess að hafa nokkuð fyrir því – og baka í leiðinni. Ef ég er föst yfir eldamennsku kviknar oft löngun til gera eitthvað aukalega eins og að baka," segir Þuríður, sem einmitt er að stússast í jólabakstrinum þegar haft er samband við hana. Hún kveðst samt ekki geta eytt löngum tíma í baksturinn því hún sé með nýja málverkasýningu í START ART með stöllum sínum í myndlistarstétt. Enn sanna ofnarnir góðu því gildi sitt. - gun

margt smátt

POTTALEPPA er bráðnauðsynlegt að hafa við hendina við jólamatargerðina. Þegar taka þarf eldheitan og þungan steikarpottinn úr ofninum er betra að vera vel varinn enda vill enginn að jólin endi með ósköpum. Pottaleppar eru til í fjöldamörgum formum og litum og ekkert síðra að leppurinn tóni við jólaskapið. Þessi fallegi pottaleppur fæst hjá Lauru Ashley og kostar 1.700 krónur.

SÓSUGERÐIN UM JÓLIN verður leikur einn með þessari sósukönnu sem síar allt gums frá soðinu gegnum sigtið efst, svo sest fitan ofan á soðið þannig að hægt er að hella því hreinu undan beint í pottinn. Þessi sniðuga kanna fæst í Bræðrunum Ormsson í Smáralind fyrir 2.406 krónur.

GLÆSILEGT KAFFIBOÐ
Kaffiboðið verður sérstaklega hátíðlegt þegar kökurnar fá að njóta sín á mörgum hæðum. Stór kökustandur frá Habitat á 8.990 krónur.

1

2

1. Kartöfluna má matreiða á ótrúlega marga vegu. Mörgum finnst hún langbest bökuð.

2. Kartaflan hefur verið lofsungin sem „gjöf af himnum" og „brauð jarðar" enda var hún mikil blessun fyrir almúgann þegar mikil fátækt ríkti í Evrópu.

3. Þó kartaflan sé „bara" kartafla í hugum margra eru til ótrúlega mörg afbrigði af henni í heiminum.

3

HRÁEFNIÐ: *KARTÖFLUR*

Brauð jarðar og blessun

Talið er að kartaflan hafi borist til Evrópu í lok sextándu aldar, annars vegar frá Suður-Ameríku en hins vegar frá Spáni. Birni Halldórssyni prófasti í Sauðlauksdal við Patreksfjörð er yfirleitt eignaður heiðurinn af því að hefja kartöflurækt hér á landi, að því er segir á vef Þykkvabæjar. Hann pantaði jarðeplin frá Kaupmannahöfn árið 1758 en þau komu ekki til landsins fyrr en ári seinna. Kartöflur voru þó fyrst settar niður á Bessastöðum árið 1958 af Friederich Wilhelm Hastfer, þýskættuðum sænskum barón.

Kartaflan hefur verið lofsungin sem „gjöf af himnum" og „brauð jarðar" enda var hún mikil blessun fyrir almúgann í Evrópu. Þegar hún barst þangað upplifðu margir í fyrsta skipti þá tilfinningu að verða mettir. Hvergi varð kartaflan eins ríkjandi hluti fæðunnar eins og á Írlandi.

Kartaflan hefur alhliða næringargildi og er hún góð undirstöðufæða. Hollusta hennar fer þó meðal annars eftir því hversu þurrefnisrík hún er og hvernig hún er matreidd. Algengt er að þurrefnin séu um 20% af kartöflunni og afgangurinn vatn. Orkan í 100 g af soðnum kartöflum er einungis um 70 kkal en eykst hins vegar upp í 300 kkal í djúpsteiktum frönskum kartöflum. Kartaflan er mikilvægur vítamín- og steinefnagjafi en við matreiðslu og langan geymslutíma dregur úr vítamíninnihaldi.

Í gömlum heimildum er oft ruglast á kartöflunni og sæthnúði sem er svipaður en óskyldur jarðarávöxtur sem er upprunnin frá svæðinu í kringum Karíbahaf. Sæthnúðar heita á ensku „sweet potato" eða sætar kartöflur.

Kartöflur þykja í dag ómissandi hluti fæðunnar. Þær er hægt að matreiða á óteljandi vegu og eru til dæmis bakaðar, soðnar, djúpsteiktar, stappaðar, steiktar og kryddaðar.

GYLLTUR, MAGUR OG MAGAFYLLTUR

Kalkúnn er vinsæll jólamatur á borðum Íslendinga yfir hátíðarnar. Eldamennska kalkúns er vandasöm og mikilvægt að krydda fuglinn vel og fylla með gómsætri fyllingu til að kjötið haldi raka og taki í sig ljúffengt bragð. Í kælum matvöruverslana má kaupa tilbúnar fyllingar, en bestar eru þær lagaðar heima af natni og ást.

Veldu kalkún með ríflegu skinni við afturenda fuglsins svo auðveldara sé að loka fyrir fyllinguna, og óskemmdu skinni við háls hans. Hálssvæðið getur nefnilega haldið inni jafn mikilli fyllingu og kemst inn í fuglinn um afturendann. Mælingar hráefnis eru oftast gróflega áætlaðar, en meira af öllu gerir útkomuna bara betri. Ef Þrúður frænka þolir ekki kastaníuhneturnar sem Freymóður frændi elskar; komdu þeim þá fyrir í hálsholrúminu en hafðu magafyllinguna hnetulausa.

Gamaldags uppskriftir að fyllingum úr hökkuðu kjöti miðast meira við þann tíma þegar kalkúnar voru afar magrir, en þá gaf fitan í kjötfyllingunni stöðuga fitugjöf meðan á eldun stóð. Kalkúnn þarf reyndar enn alla hjálp sem honum býðst til að ofþorna ekki í ofninum, og því minni fitu sem á að nota í fyllinguna, þeim mikilvægara er að hún innihaldi epli, sellerí og annað sem gefur kjötinu raka.

Aldrei skal troða fyllingu í kalkún fyrr en í þann veginn að tímabært er setja hann í ofninn. Annars eykst hætta á matareitrun. Reyndar er fyllingin líklegri til að spillast en kjötið sjálft. Fyllinguna skal svo tafarlaust fjarlægja eftir að steikin hefur verið framborin.

Ekki troðfylla fuglinn. Brauðfyllingar þenjast út við eldun og verða límkenndar ef of þröngt er um þær. Þær geta þá sprungið út fyrir kalkúninn, skemmt útlit hans og sóðað út ofninn. Bakið auka fyllingu í grunnu og lokuðu formi fyrstu 40 mínúturnar en taktu þá ofan og doppaðu fyllinguna með smjöri til að búa til fallega skorpu.

Reikna má um 45 mínútum á hvert kíló kalkúns í steikingu og gott að ausa yfir hann reglulega meðan eldað er.

Dýrindis kalkúnn með vel heppnaðri fyllingu er ævintýri fyrir munn og maga.

MYND/GETTY

heima

FULL BÚÐ AF NÝRRI GJAFAVÖRU

SKENKUR
84.800

SID DICKENS
MEMORY
BLOCKS
13.500

GLÖS
4 Í PAKKA
5.900

LAMPI
CHINA
69.800

VATNS-
GLÖS
4 Í PAKKA
4.900

MYNDA-
RAMMAR
VERÐ FRÁ
2.500 - 5900

FLEURS
SKÁLAR
VERÐ FRÁ
1.200 - 1.800

OPIÐ Í DAG, LAUGARDAG 11-18
OPIÐ Á MORGUN, SUNNUDAG 13-16

HEIMA
HÚSIÐ

mood
heima
Ondvegi
BÚUM BETUR
HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 30 • Sími 568 4242 · www.heimahusgogn.is · heima@heimahusgogn.is

FALLEGT ER AÐ BERA FRAM SALAT eða rjóma í desertskálum á fæti. Þessar Ittala-skálar koma tvær í pakka í bláu eða reyklituðu gleri. Bræðurnir Ormsson, 2.080 krónur.

BLÁ KANNA FRÁ ITTALA undir jólaölið kostar 3.700 krónur í Bræðrunum Ormsson.

EVA ZOLO SKÁL með stálhaldi er falleg undir sykurbrúnuðu kartöflurnar, litríkt rauðrófusalat eða undir mandarínurnar. Byggt og búið Smáralind, krónur 4.999.

VERKLEGT STEIKARSETT úr stáli, gaffall og hnífur frá Eva Zolo fæst í Byggt og búið á 7.444 krónur.

Í ELDHÚSKRÓKNUM

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Girnileg gæs, kartöflumús með sykurbráð og grænmetisturn.

Eldað úr því sem VEX OG GRÆR VIÐ OKKAR FÓT

Gunnar Karl Gíslason er yfirmatreiðslumaður á Vox á Hótel Nordica. Þar er boðið upp á óhefðbundinn jólamat í desember, sem er aðeins búinn til úr hágæða hráefni frá Norðurlöndununum.

Við verðum með sérstaka jólamatseðla á aðfangadagskvöld og á jóladag enda verður mikið af gestum á hótelinu á þessum tíma og enn fleiri í mat," segir Gunnar Karl, sem vill ekki meina að sérstök pressa sé í sambandi við að maturinn sé hefðbundinn jólamatur. „Við erum með nýnorrænt eldhús sem felst í því að við einbeitum okkur að því sem vex og grær við okkar fót," segir Gunnar og útskýrir það nánar: „Við notum eingöngu hráefni frá Norðurlöndunum og sækjum því til dæmis ekki fisk til Víetnam og kjöt til Ástralíu enda eigum við alveg æðislegt kjöt hérna heima. Ef okkur langar til að brydda upp á einhverjum nýjungum er nóg úrval á hinum Norðurlöndunum."

Gunnar tekur sem dæmi ostrur sem hann fékk sendar frá Danmörku á dögunum. „Þessar ostrur voru valdar bestu ostrur í heimi af flottu fagtímariti og það sýnir að við þurfum ekki að leita langt yfir skammt í öflun hráefnis," segir Gunnar, sem gefur lesendum uppskrift að hátíðlegum gæsabringum. - sig

Gunnar Karl Gíslason, yfirmatreiðslumaður á Vox, segir opið öll jólin á veitingastaðnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

A

GÆS MEÐ GRÆNMETISTURNI

GÆSIN

Takið vel snyrtar og fallegar gæsabringur og steikið létt á pönnu með smá olíu, smjöri og rósmaríngrein. Setjið bringurnar í eldfast mót ásamt öllu úr pönnunni og látið krauma í ofninum við ca 45-50 gráður í nokkrar mín. Skerið í fallegar sneiðar og kryddið með salti og pipar.

KARTÖFLUMÚSIN MEÐ SYKURBRÁÐ

Kartöflur eru soðnar í vatni þar til þær eru orðnarmeyrar. Teknar í gegnum fínt sigti og því næst pískaðar yfir hita og bættar með smjöri, rjóma og salti þangað til þær eru flauelsmjúkar. Setjið sykur á pönnu og bræðið uns hann er fallega gylltur og hellið honum þá á smjörpappír og látið kólna. Brjótið niður sykurinn þegar hann er orðinn stökkur og vinnið í matreiðsluvél svo úr verði duft. Setjið í sigti og sigtið yfir kartöflumúsina eftir að hún er komin á diskin. Hér er komin ný útgáfa af sykurbrúnuðum kartöflum!

GRÆNMETISTURN

Skrælið smá af nípu og sellery og skerið í fallega og frekar litla bita. Leggið í pönnu ásamt vel af smjöri, timían og rósmarín. Eldið rólega þangað til grænmetið er algerlega orðið meyrt. Hellið þá ögn af rjóma út í og sjóðið niður þangað til þéttri og fallegri áferð er náð. Smakkið til með smá salti, pipar og nokkrum dropum af sítrónusafa.

LAUKURINN

Bakið perlulauk í ofni uns hann er næstum meyr. Takið út, kælið og skrælið. Sjóðið upp á 50/50 blöndu af sykri og úrvals eplaediki með einni grein af rósmarín út í og hellið yfir skrældu laukana. Þetta þarf að fá að standa í minnst 2 tíma. Rétt fyrir framreiðslu eru laukarnir svo hitaðir í potti með smjöri. Svo má bæta á þá ögn af söxuðum jurtum og smá salti.

LÆRI Í JACOBSEN BROWN ALE

Brúnið gæsalærin í potti ásamt smá gulrótum, lauk og sellerí og bætið svo Jacobsen brown ale bjórnum í pottinn svo yfir fljóti og sjóðið uns lærin eru alveg meyr. Takið þá lærin upp úr og rífið gróft niður og berið fram með gæsabringunni. Soðið er svo auðvitað notað í sósuna.

SÓSAN

Höggvið niður beinin í sósuna. Brúnið þau í örlítilli olíu ásamt öðrum kjötafskurði í víðbotna potti.

Þegar beinin eru byrjuð að taka lit, skerið þá smá gulrót, sellerí og lauk niður og bætið í pottinn. Brúnið áfram uns allt er orðið fallega gyllt. Hellið vatni saman við og kryddið til með ögn af einiberjum og lárviðarlaufi. Látið suðuna koma upp hægt og rólega og sjóðið niður um helming. Fleytið allan sora af soðinu, jafn óðum og hann flýtur upp. Sigtið soðið í annan pott og látið suðuna koma upp að nýju. Þykkið soðið ef þurfa þykir.

Smakkið sósuna til með kjötkrafti ef þess þarf. Auðvitað má svo bregða út af sporinu og taka hliðarskref með rjóma, gráðosti eða sultum, allt eftir smekk hvers og eins. En við strákarnir á Vox kjósum að bæta hana með smjöri og vel af krækiberjum að norðan.

the PIER

the PIER **Full búð af fallegri gjafavöru**

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | sími: 522 7860

mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 | laugardagar 10:00 til 18:00 | sunnudagar 12:00 til 18:00

MEÐLÆTI MÁLTÍÐIN FULLKOMNUÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Egill gæðir sér á steiktu eggaldini sem upprunnið er á Sikiley. Ólíklegt er þó að hann klári skammtinn þar sem eggaldinið er afar saðsamt.

Ítalskt EGGALDIN

Rétturinn sem hér um ræðir getur verið hvort sem er aðalréttur eða meðlæti. Í raun fer það bara eftir smekk og tilefni að sögn kokksins Egils Arnarsonar.

Egill er ritari þingmanna á Alþingi en er auk þess afar liðtækur í eldhúsinu. Hann hefur ferðast töluvert og á þeim ferðum hefur hann stundum orðið fyrir áhrifum af matseld heimamanna.

„Ég kynntist þessum rétti á Sikiley en ég dvaldist þar sumarið 2005. Þar er mikil hefð fyrir að matreiða eggaldin með mismunandi hætti enda vex eggaldin þar víða," segir Egill en eggaldin er stundum notað í staðinn fyrir kjöt á Sikiley. „Hægt er að borða þetta með salati og góðu víni þar sem eggaldinið drekkur í sig olíuna og verður frekar þungt. Það má líka nota þetta sem forrétt eða með öðrum grænmetisréttum," útskýrir Egill og bætir við: „Þetta er kannski heldur þungt með kjötréttum en gæti þó fallið að smekk sumra. Einnig getur þetta verið gott með fiskmeti sem er fremur létt."

Rétturinn er fremur einfaldur en tekur að sögn Egils dágóðan tíma og steikingarlyktin lafir í loftinu nokkra daga á eftir. „Þetta geymist ágætlega í nokkra daga en maður getur ekki borðað mikið af þessu í hvert skipti," segir Egill, sem er enn að prófa sig áfram með ýmiss konar samsetningar með eggaldini. „Ég er frekar hrifinn af grænmetisréttum og ítalskri matargerðarlist. Í raun og veru er margt sem kemur á óvart eins og baunaréttir þaðan sem maður þekkir ekkert," segir Egill áhugasamur. Ítölsk matargerðarlist hefur margan heillað en það sem færri vita er hve fjölbreytt hún er í raun og veru. - hs

DJÚPSTEIKT EGGALDIN

3-4 eggaldin
3 egg hrærð saman
um 200 g hveiti
um 100 g af rifnum parmesanosti
jurtaolía
salt

Skerið eggaldinin langsum í tæplega sentimetra þykkar sneiðar. Stráið salti yfir hverja sneið og látið það drekka í sig beiskan brúnleitan safa úr eggaldinunum í um klukkustund. Blandið saman hveiti og rifnum parmesanosti á diski. Skolið eggaldinin og þurrkið. Dýfið hverri eggaldinsneið í eggjahræruna og leggið á diskinn þannig að deig myndist á báðar hliðar. Djúpsteikið í jurtaolíunni í um 3 mínútur eða eftir hitastigi. Borið fram heitt, volgt eða kalt. Ágætt er að nota afganga til dæmis í samloku ásamt grænmeti.

RÖMM ER rauðkálstaugin

Margir geta vart hugsað sér jólin án rauðkáls. Áslaug Þorgeirsdóttir er ein þeirra sem útbúa alltaf rauðkál fyrir jólin og gaf hún okkur uppskriftina að sínu klassíska heimalagaða rauðkáli.

Áslaug er heimilisfræðikennari í Hofsstaðaskóla og er því alvön matreiðslu. Hún hefur það fyrir sið að sjóða rauðkál með jólamatnum og hefur gert það í mörg ár. „Ég hef útbúið rauðkál fyrir jólin frá því ég fór fyrst að búa, sem var snemma á áttunda áratugnum, og er þetta því orðið að hefð," segir Áslaug og bætir við: „Maður er nú ekki að þessu til að spara. Það er ekkert ódýrara að útbúa rauðkálið sjálfur og hægt er að kaupa margar tegundir af tilbúnu rauðkáli sem er auðvitað miklu fljótlegra. Þetta er hins vegar mun betra og líka gert til gamans." Með því að sjóða rauðkálið sjálfur verður það mun ferskara og hægt er að krydda það að vild.

Rauðkál hentar með ýmiss konar mat og þá ekki síst hátíðamat. „Þetta rauðkál er afskaplega gott með svína- og lambasteik og er ómissandi með rjúpunum á aðfangadagskvöld. Það er einnig gott með heitri lifrarkæfu, soðnum kartöflum og heimabökuðu rúgbrauði svo ég tali nú ekki um kjötbollur, svikinn héra og fleira," útskýrir Áslaug. Það er ekki nauðsynlegt að gera mikið í einu en Áslaug sýður úr tæpum tveimur kílóum af rauðkáli. Ekki þarf að hafa áhyggjur þó að eitthvað verði afgangs þar sem einfalt er að frysta rauðkál og hita það að nýju. Það má því útbúa rauðkálið tímanlega og frysta þar til stóri dagurinn rennur upp. - hs

HÁTÍÐARAUÐKÁL

1 kg ferskt rauðkál
1 dl edik
½ dl vatn
1-2 jónagold epli, fer eftir stærð
2 tsk. salt
sykur eftir smekk
kúmen ef vill
matarolía

Þvoið, hreinsið og skerið rauðkálið frekar gróft. Þvoið því næst eplin og kjarnhreinsið þau og skrælið. Skerið eplin í bita. Hitið olíuna og léttsteikið rauðkálið. Annars er líka hægt að setja það beint í pottinn og bræða sumir smjör saman við síðustu mínúturnar í stað þess að léttsteikja. Smjörið storknar hins vegar þegar kálið kólnar. Bætið eplum, vatni, ediki og salti saman við og látið sjóða við vægan hita í 40 til 50 mínútur í potti. Fylgist vel með og hrærið öðru hvoru. Bætið sykri saman við þegar 10 mínútur eru eftir og smakkið til með salti eða ediki. Þeir sem vilja geta sett kúmen saman við.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Áslaug er meistarakokkur og sýður rauðkál fyrir hver jól.

allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

STJÓRNENDASTÖRF

Félagsmálaráðuneytið óskar eftir skrifstofustjórum á fjögur ný svið, velferðarsvið, tryggingasvið, stjórnsýslu- og stefnumótunarsvið og þjónustu- og mannauðssvið samkvæmt nýju skipuriti félags- og tryggingamálaráðuneytisins sem tekur gildi 1. janúar 2008.

Ráðuneyti félags- og tryggingamála tekur til starfa 1. janúar 2008 í samræmi við breytingar á Stjórnarráði Íslands.

Velferðarsvið

Velferðarsvið ber ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd stefnumótunar í málefnum barna, málefnum fatlaðra, málefnum fjölskyldna, málefnum aldraðra, félagsþjónustu sveitarfélaga og húsnæðismálum.

Hlutverk skrifstofustjóra velferðarsviðs er að veita faglega forystu á sínu sérsviði og hvetja og efla samstarfsmenn sína til verka.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi og framhaldsmenntun á háskólastigi er æskileg
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla í þeim málaflokkum sem heyra undir sviðið
- Stjórnunarreynsla og þekking á sviði verkstjórnunar
- Leiðtogahæfileikar
- Metnaður og vilji til að ná árangri

Tryggingasvið

Skrifstofustjóri tryggingasviðs ber ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd stefnumótunar í lífeyristryggingum, foreldra- og fæðingarorlofi, atvinnuleysistryggingum og málefnum langveikra barna.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi og framhaldsmenntun á háskólastigi er æskileg
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla í þeim málaflokkum sem heyra undir sviðið
- Stjórnunarreynsla og þekking á sviði verkstjórnunar
- Leiðtogahæfileikar
- Metnaður og vilji til að ná árangri

Stjórnsýslu- og stefnumótunarsvið

Skrifstofustjóri stjórnsýslu- og stefnumótunarsviðs ber meginábyrgð á þeim verkefnum sem ganga þvert á alla starfsemi ráðuneytisins. Sviðið er frumkvæðis- og samræmingaraðili við þróun verklags og vinnubragða innan ráðuneytisins, mótar stefnu í gæðamálum og styður fagsvið við undirbúning stefnumótunar ráðuneytisins. Þjálfun og stuðningur á sviði verkefnisstjórnunar verður eitt af viðfangsefnum sviðsins auk þróunar og hagnýtingar málaskrár.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi og framhaldsmenntun á háskólastigi er æskileg
- Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af stjórnun í opinberri stjórnsýslu á æðsta stigi
- Leiðtogahæfileikar
- Metnaður og vilji til að ná árangri

Þjónustu- og mannauðssvið

Skrifstofustjóri þjónustu- og mannauðssviðs ber ábyrgð á rekstri ráðuneytisins, starfsmannahaldi og launamálum. Hann ber ábyrgð á innri og ytri upplýsingamiðlun, styður sviðsstjóra í að viðhalda og efla mannauð ráðuneytisins og veitir ráðgjöf varðandi starfsmannamál. Þjónustu- og mannauðssvið mótar og þróar innri og ytri þjónustu og skipuleggur störf í móttöku ráðuneytisins.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi og framhaldsmenntun á háskólastigi er æskileg
- Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af stjórnun í opinberri stjórnsýslu
- Leiðtogahæfileikar
- Metnaður og vilji til að ná árangri

Launakjör eru samkvæmt ákvörðun Kjararáðs.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um stöðuna.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur er til og með 4. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Fyrir alla

Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri sem er sem vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanir eru 21 á landsvísu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 100.000 vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

Húsavík
Rekstrarstjóri

Viljum ráða rekstrarstjóra til starfa í verslun okkar á Húsavík. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi stjórnunarstarf hjá traustu fyrirtæki.

Helstu verkefni
- Daglegur rekstur verslunarinnar
- Mannahald
- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Byggja upp og viðhalda jákvæðum tengslum við viðskiptavini
- Vöruinnkaup og samskipti við birgja
- Tilboðs- og áætlunargerð

Hæfniskröfur
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Reynsla af stjórnun
- Skipulögð vinnubrögð
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni
- Góð almenn tölvukunnátta

Umsóknir berist til Guðrúnar Kristinsdóttur **atvinna@husa.is**, fyrir 15. janúar n.k. Öllum umsóknum verður svarað. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar **www.husa.is.**

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

Forstöðumaður

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar eftir forstöðumanni á heimili fatlaðs fólks í Hafnarfirði.

Ábyrgðarsvið:
- Fagleg þjónusta
- Rekstur og starfsmannahald
- Samskipti við aðstandendur og samstarfsaðila
- Áætlanagerð

Menntun og hæfniskröfur:
- Þroskaþjálfamenntun eða háskólamenntun á sviði félagsvísinda s.s. sálfræði félagsfræði eða uppeldisfræði
- Reynsla, þekking og áhugi á málefnum fatlaðra
- Góð samskiptahæfni
- Skipulagshæfileikar
- Jákvæðni og drifkraftur
- Stjórnunarreynsla

Í boði er:
- Spennandi framtíðarstarf
- Öruggt starfsumhverfi
- Sveigjanlegur vinnutími
- Faglegur stuðningur
- Samstarf við aðra stjórnendur

Laun fara eftir samningum fjármálaráðherra og aðildarfélaga innan BHM eða SFR. Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri starfsmannasviðs á skrifstofutíma í síma 525-0900. Umsóknir berist SMFR, www.smfr.is, ásamt ferilsskrá. Umsóknarfrestur er til 30. desember 2007. Auglýsingin gildir í sex mánuði. Karlmenn jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um.

Svæðisskrifstofa Reykjaness er áhugaverður vinnustaður sem sinnir fjölbreyttri þjónustu á heimilum fatlaðra, á hæfingarstöðvum, starfsþjálfunarstað og skammtímavistunum.

smfr
Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi

Svæðisskrifstofa Reykjaness // Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði // s: 525 0900 // www.smfr.is

Vefdeild

Í vefdeild Landsbankans starfa 18 starfsmenn sem sinna margskonar verkefnum í alþjóðlegu starfsumhverfi. Meðal helstu verkefna deildarinnar má telja hönnun, ritstjórn og hugbúnaðarsmíði.

Landsbankinn

Vefhönnuður

Við leitum að framúrskarandi grafískum hönnuði sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi og skemmtileg verkefni. Viðkomandi kemur til með að vinna að skjálausnum af ýmsu tagi, meðal annars vef-, vefborða- og viðmótshönnun.

Hæfnis- og menntunarkröfur:
- Háskólamenntun á sviði grafískrar hönnunar eða sambærileg starfsreynsla
- Reynsla af hönnun vefsvæða er æskileg
- Þekking og reynsla af Photoshop og Illustrator
- Hugmyndaauðgi
- Frumkvæði
- Sjálfstæði
- Hæfni í mannlegum samskiptum og hópvinnu

Nánari upplýsingar veita Snæbjörn Konráðsson deildarstjóri vefdeildar í síma 410 7079 og Berglind Ingvarsdóttir á starfsmannasviði í síma 410 7914. Umsóknir fyllist út og sendist ásamt fylgigögnum á www.landsbanki.is. Umsóknarfrestur er til og með 27. desember nk.

Landsbankinn er eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Í anda sóknar og útrásar hefur bankinn byggt upp starfsstöðvar í 17 löndum víðs vegar um heiminn.

Til að stuðla að vexti og arðsemi bankans er áhersla lögð á skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi, sem og markvissa starfsþróun og þekkingu starfsfólks.

Landsbankinn leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk og efla það í störfum sínum. Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta, séu lykillinn að farsælum rekstri bankans.

ÍSLENSKA/SÍA/LBI 40363 12/07

FORSTJÓRI UMHVERFISSTOFNUNAR

Umhverfisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun annast stjórnsýslu umhverfismála á vegum ráðuneytisins og fer með leiðandi hlutverk í framkvæmd umhverfismála á Íslandi.

Eftirfarandi málaflokkar heyra undir stofnunina: náttúruvernd, mengunarvarnir, hollustuhættir, efni- og efnavörur, veiðistjórn og dýravernd. Hjá stofnuninni starfa um 60 manns.

Starfssvið
- Stjórnun og stefnumótun stofnunarinnar
- Ábyrgð á rekstri
- Áætlanagerð
- Starfsmannamál
- Samskipti við stjórnvöld og hagsmunaaðila

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf og þekking á verksviði stofnunarinnar
- Stjórnunarreynsla
- Leiðtogahæfileikar og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi og kraftur til að hrinda verkum í framkvæmd

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um stöðuna.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

STARFSMANNASTJÓRI

Hagstofa Íslands leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi til að sjá um mannauðsmál og vinnu við erlend samskipti. Verkefnin eru fjölbreytt og fela í sér mikil samskipti við starfsmenn og stjórnendur. Um er að ræða nýtt starf sem er í mótun.

Hinn 1. janúar 2008 taka gildi breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands og ný lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð. Hagstofan verður þá sjálfstæð stofnun sem heyrir undir forsætisráðherra. Hlutverk hennar er að vinna að opinberri hagskýrslugerð, að vera miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og hafa forystu um tilhögun, samræmingu og framkvæmd hennar svo og um samskipti við alþjóðastofnanir um hagskýrslu- og tölfræðimál.

Nánari upplýsingar má finna á www.hagstofa.is

Starfssvið starfsmannastjóra
- Þátttaka í stefnumótun á sviði mannauðsmála
- Umsjón með ráðningum og starfsþróun
- Umsjón með framkvæmd starfsmanna- og menntastefnu
- Aðstoð vegna samskipta Hagstofunnar við erlendar hagstofur og alþjóðastofnanir á sviði hagskýrslugerðar

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála æskileg
- Reynsla af mannauðsmálum og starfsmannastjórnun
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og einu norrænu tungumáli
- Frumkvæði, metnaður og miklir samskiptahæfileikar

Í boði er krefjandi og spennandi starf í góðu vinnuumhverfi á fjölskylduvænum vinnustað.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 6. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

HAGSTOFUSTJÓRI

Forsætisráðuneyti auglýsir embætti hagstofustjóra laust til umsóknar.

Hinn 1. janúar 2008 taka gildi breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands og ný lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð. Hagstofan verður þá sjálfstæð stofnun sem heyrir undir forsætisráðherra. Hlutverk hennar er að vinna að opinberri hagskýrslugerð, að vera miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og hafa forystu um tilhögun, samræmingu og framkvæmd hennar svo og um samskipti við alþjóðastofnanir um hagskýrslu- og tölfræðimál.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Hagstofu Íslands www.hagstofa.is

Samkvæmt 4. gr. laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, sem samþykkt voru á Alþingi 10. desember 2007 og taka gildi 1. janúar 2008, stýrir hagstofustjóri Hagstofu Íslands og er hann skipaður af forsætisráðherra til fimm ára í senn.

Hagstofustjóri ber faglega ábyrgð á hagskýrslugerð Hagstofunnar. Hann tekur ákvarðanir um aðferðir og starfshætti við hagskýrslugerðina, um notkun flokkunarkerfa og staðla, um efni, tímasetningu og birtingu frétta, útgáfa og tölfræðilegra niðurstaðna og skýrslna stofnunarinnar.

Hagstofustjóri ræður aðra stjórnendur og starfsfólk Hagstofunnar. Hann er ábyrgur fyrir rekstri Hagstofunnar og skipuleggur starfsemi hennar í samræmi við ákvæði laganna.

Hagstofustjóri skal hafa lokið háskólaprófi í hagfræði, tölfræði, félagsfræði eða skyldum greinum og hafa þekkingu og reynslu af hagskýrslugerð eða notkun hagtalna.

Gerð er krafa um reynslu af stjórnun og rekstri auk samskipta- og leiðtogahæfileika.

Um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt ákvörðun Kjararáðs.

Umsjón með ráðningu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is eða senda umsókn á ofangreind netföng.

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

KÍKTU Á CAPACENT.IS

ÁRANGUR Á ÖLLUM SVIÐUM

capacent

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Nýtt starf á nýju ári!

Húsasmiðjan í Skútuvogi vill bæta við öflugu starfsfólki í eftirtalin framtíðarstörf.

Sölu- og afgreiðslufólk í eftirtaldar deildir:

- **Ljósadeild**
  Einhver reynsla af sölu- og afgreiðslustörfum æskileg
- **Áhaldaleiga**
  Leitum að laghentum einstaklingi í starfið
- **Gólfefna- og hreinlætistækjadeild**
  Þekking á múrefnum eða múrvinnu kostur en ekki skilyrði
- **Upplýsingar og kassasvæði**
  Starfsfólk á kassasvæðum aðstoðar einnig í öðrum deildum

Viltu vinna 15 daga í mánuði?

- **Viljum bæta við áhugasömum og ábyrgum einstaklingum til sölu- og afgreiðslustarfa**

Þekking á byggingavörum væri kostur
Tölvukunnátta æskileg
Þjónustulund og samskiptahæfni

Unnið er að jafnaði 15 daga í mánuði og þar af er unnin önnur hver helgi
Unnir eru 2 dagar aðra vikuna og 5 daga hina vikuna
Vinnutími á virkum dögum er frá klukkan 09:00 - 21:00
Á laugardögum er unnið frá klukkan 16:00 - 21:00
Sunnudaga frá klukkan 13:00 - 21:00

Helgar- og hlutastörf í verslun Húsasmiðjunnar og Blómavals - tilvalið fyrir skólafólk.

- **Leitum að starfsfólki sem vill vinna nokkra virka daga í viku frá klukkan 18:00 - 21:00. Viljum einnig bæta við helgarstarfsfólki.**

Fyrir alla

Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri sem er, sem vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.

Um Húsasmiðjuna

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanirnar eru 21 á landsvísu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólnum yfir 100.000 vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri. Við leggjum áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

www.husa.is

Umsóknir berist fyrir 6. janúar 2008 til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar, Guðrúnar Kristinsdóttur, **atvinna@husa.is,** á aðalskrifstofu Húsasmiðjunnar í Holtagörðum við Holtaveg, 104 Reykjavík.
Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar, **www.husa.is.**

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

Rafvirkjar

Óskum eftir að ráða rafvirkja til framtíðarstarfa.

Upplýsingar í síma: 694-1500.
Rafboði ehf.

CONSULAR ASSISTANT PART-TIME

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the Part-time position of Consular Assistant. The closing date for this postion is **December 21, 2007**. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html
Please send your application to reykjavikvacancy@state.gov

KÓPAVOGSBÆR

UNGLINGASMIÐJAN

- **Kópavogsbær óskar eftir að ráða starfsmenn í nýtt úrræði sem kallast UNGLINGASMIÐJAN.**

UNGLINGASMIÐJAN er samstarfsverkefni félags- og fræðslusviðs bæjarins.
Markmið UNGLINGASMIÐJUNNAR er að styðja við unglinga í vanda á þeirra heimaslóðum og byggja þá upp til virkrar og ábyrgrar þátttöku í daglegu lífi. Í því felst ákveðin meðferðarvinna og náin samvinna við foreldra eða forráðamenn unglinganna, starfsfólk skóla og aðra þá meðferðaraðila sem tengjast unglingnum.

- **Leitað er að starfsfólki með háskólamenntun á sviði félagsvísinda til að vera umsjónaraðilar unglinganna.**
- **Þekking og reynsla í meðferðarvinnu er æskileg en ekki nauðsynleg.**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags og Launanefndar sveitarfélaga.
Nánari upplýsingar veitir Berglind Gunnarsdóttir í síma 554-2902 eða Hildur Jakobína Gísladóttir í síma 570-1400.
Umsóknarfrestur er til 28. desember nk.
Umsóknum skal skilað til Félagsþjónustunnar, Fannborg 4, 200 Kópavogur.
Einnig er hægt að sækja um á ***www.job.is***.

www.kopavogur.is - www.job.is

Rafiðnaðarmaður / starfsnemi

SECURITAS

Hjá Securitas starfa um 400 manns og er fyrirtækið eitt af stærstu fyrirtækjum landsins. Höfuðstöðvar Securitas eru í Reykjavík og stjórnstöð Securitas er á Neyðarlínunni 112. Einnig er Securitas með starfsemi á Akureyri, í Borgarnesi, á Selfossi og Austfjörðum.

Starfsmenn Tæknisviðs eru um 90. Starfssvið þeirra eru uppsetningar, viðhald og reglubundnar skoðanir öryggiskerfa fyrir viðskiptavini. Fyrirtækið leggur ríka áherslu á góð starfsskilyrði og möguleika starfsmanna til að vaxa og dafna í starfi.

www.securitas.is

Vegna aukinna verkefna þarf Tæknisvið Securitas enn að bæta við sig rafiðnaðarmönnum.

Vilt þú vinna í fjölbreyttu, skemmtilegu og hreinlegu umhverfi? Á meðal verkefna eru myndavélakerfi, innbrota- og brunaviðvörunarkerfi og aðgangsstýri- og hússtjórnarkerfi. Tæknisvið rekur einnig þjónustuver sem aðstoðar viðskiptavini og tæknimenn.

Það sem þú þarft að hafa:
- Sveinspróf í rafvirkjun, rafeindavirkjun eða símsmíði
- Almenna tölvukunnáttu
- Enskukunnáttu
- Þjónustulund og ánægju af samvinnu
- Áhuga á að auka þekkingu í starfi

Í boði er:
- Góð sérhæfð þjálfun fyrir starfið
- Stöðug símenntun
- Fyrirmyndar starfsaðstaða
- Tækifæri til sérhæfingar
- Góð laun fyrir rétta aðila

Athugið, getum einnig bætt við okkur fagnemum.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 27. desember nk.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elísabet S. Arndal, ráðgjafi hjá Hagvangi.
Netfang: elisabetsa@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

NOVA

www.nova.is

Viltu vinna á stærsta skemmtistað í heimi?

Nova opnar nýjar dyr að stærsta skemmtistað í heimi, internetinu, beint í farsímann þinn.

Lausir stólar hjá Nova!

Hvernig væri að skipta um stól og takast á við ný og spennandi verkefni á nýjum stað? Við leitum að kraftmiklu og drífandi fólki sem vill takast á við áskorun í starfi, getur sýnt frumkvæði, unnið sjálfstætt sem og í hópi. Við leggjum mikla áherslu á gott og skemmtilegt vinnuumhverfi.

Tæknistörf

Ef eitthvað af þessu á við þig: HTML, Java, .NET, Flash, BizTalk, forritari, SQL, IN, CAMEL, IREG, SIP, SCP, 3GPP, RTSP, tölvunarfræði, verkfræði... og hefur áhuga á að vera mikilvægur hlekkur í að skapa spennandi lausnir og þjónustu hjá leiðandi samskiptafyrirtæki, þá gæti rétta starfið beðið þín hjá Nova!

Söluráðgjafi

Starfið felur í sér sölu og kynningu á þjónustu Nova til nýrra viðskiptavina. Megináhersla á ráðgjöf og sölu.

Viðskiptastjóri

Starfið felur í sér sölu og þjónustu til nýrra og núverandi viðskiptavina Nova. Áhersla á söluráðgjöf og frágang sölu, afhendingu þjónustunnar og kennslu til nýrra viðskiptavina. Góðir sölu- og samskiptahæfileikar. Þekking og áhugi á farsímaþjónustu / upplýsingatækni.

Sendu okkur upplýsingar um hæfileika þína og áhugasvið á **starf@nova.is.**
Allar nánari upplýsingar um Nova á **nova.is.**
Umsóknarfrestur til 4. janúar 2008.

Nova | Verslanir Lágmúla 9 og Smáralind | Þjónustuver 5191919

SPENNANDI STÖRF HJÁ FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐINNI TÓNABÆ

FRÍSTUNDARÁÐGJAFI Í FÉLAGSMIÐSTÖÐ, 100% STARF

Ábyrgðarsvið
- Skipulagning starfsins í samráði við unglinga og annað starfsfólk.
- Samskipti og samstarf við foreldra og starfsfólk skóla.

Menntunar- og/eða hæfniskröfur
- Háskólamenntun á uppeldissviði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af starfi með börnum og unglingum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Almenn tölvukunnátta.

FRÍSTUNDARÁÐGJAFI Í FÉLAGSMIÐSTÖÐ, HLUTASTARF

Ábyrgðarsvið
- Skipulagning starfsins í samráði við unglinga og annað starfsfólk.
- Samskipti og samstarf við foreldra og starfsfólk skóla.

Menntunar- og/eða hæfniskröfur
- Háskólamenntun á uppeldissviði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af starfi með börnum og unglingum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Almenn tölvukunnátta.

Umsóknum skal skilað til skrifstofu **ÍTR**, **Bæjarhálsi 1,** merkt: **Tónabær**.
Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.
Nánari upplýsingar veita Inga Björk Ólafsdóttir, deildarstjóri unglingastarfs, ***inga.bjork.olafsdottir@reykjavik.is*** og Haraldur Sigurðsson, forstöðumaður, ***haraldur.sigurdsson@reykjavik.is*** s. 411 5400.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 29. DES. 2007

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur | Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 | Bréfsími 411 5009 | www.itr.is | itr@itr.is

Forstöðumaður
reikningshalds og hagdeildar

SPRON leitar að öflugum og drífandi aðila í stöðu forstöðumanns reikningshalds og hagdeildar SPRON.

Starfssvið:
- Ábyrgð á faglegri uppbyggingu verkferla við bókhald og mánaðarleg uppgjör
- Ábyrgð á einingauppgjöri og samstæðuuppgjöri SPRON heildarinnar
- Þátttaka í verkefnahópum er tengjast verkefnum deildarinnar, s.s. viðskiptagreind og önnur málefni tengd tæknimálum
- Ábyrgð á vinnslu hagtalna, greiningu upplýsinga og upplýsingagjöf til stjórnenda
- Ábyrgð á skýrslugerð til opinberra aðila o.fl.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði með áherslu á reikningsskil; löggilding í endurskoðun kostur
- Góð þekking á upplýsingakerfum
- Starfsreynsla á sviði uppgjörsvinnu og greiningu upplýsinga
- Hæfni í mannlegum samskiptum og stjórnun
- Sjálfstæði og skipulagshæfileikar
- Frumkvæði og metnaður

Nánari upplýsingar um starfið veitir Harpa Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjárhagssviðs, í síma 550 1200 eða í tölvupósti, harpa@spron.is.

Vinsamlegast sækið um starfið á www.spron.is fyrir 30. desember nk.
Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

SPRON byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu.

75 ára | spron

ARGUS / 07.0945

STÝRIMAÐUR
M/T KEILIR

Berg Shipping spf. leitar að 2. stýrimanni á olíuskipið M/T Keili. Helstu verkefni Keilis eru strandflutningar á Íslandi og í Noregi. Keilir er 4.342 BT.
Viðkomandi þarf að hafa 3. stigs skipstjórnarréttindi.
Nánari upplýsingar veitir Auðunn Birgisson í síma 5509900.
Umsóknum með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal skilað á póstfang audunn@odr.is fyrir 20. desember.

BERG Shipping spf. er færeyskt dótturfélag Olíudreifingar ehf.

BERG SHIPPING

FOSSHÓTEL — Vinalegri en allt land

VR Fyrirmyndar fyrirtæki 2007

Langar þig að vinna hjá vinalegustu hótelkeðju Íslands?

Fosshótel ehf. auglýsa eftir móttökustjóra á Fosshóteli Lind og Fosshóteli Baron í Reykjavík

Starfslýsing:
- Yfirumsjón með gestamóttöku
- Starfsmannamál, ráðningar, þjálfun, gerð vaktaplana
- Móttökustörf, bókanir og reikningagerð
- Önnur tilfallandi skrifstofustörf
- Vinnutími er 8-16 virka daga

Hæfniskröfur:
- Reynsla af móttökustörfum æskileg
- Reynsla af hótelbókunarkerfinu Cenium / Navision
- Tölvu-, bókhalds- og skipulagsfærni
- Samskiptahæfileikar á að minnsta kosti 3 tungumálum
- Vingjarnleiki, þjónustulund og gestrisni
- Stjórnunarreynsla æskileg

Umsóknareyðublöð má nálgast á www.fosshotel.is
Viðkomandi þarf að geta hafið starf sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir Sigríður Kjerúlf, hótelstjóri, í síma 562 3204 eða í gegnum tölvupóstfangið sigridur@fosshotel.is

LANDSPÍTALI

Hjúkrunarfræðingur/ verkefnastjóri mannauðs- og gæðamála

Laus er til umsóknar staða verkefnastjóra mannauðs- og gæðamála á lyflækningasviði I. Starfshlutfall er 80-100%, æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsækjandi skal vera hjúkrunarfræðingur með a.m.k. tveggja ára starfsreynslu í hjúkrun. Viðkomandi skal hafa lokið framhaldsnámi, gjarnan meistaranámi á sviði mannauðsstjórnunar og er reynsla af stjórnun verkefna eða mannafla kostur. Leitað er að öflugum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og hefur góða samskiptahæfileika.

Starfið felst aðallega í umsjón mannauðsmála á sviði hjúkrunar og gæða- og umbótastarfi á lyflækningasviði I.

Unnið er í nánu samstarfi við sviðsstjóra hjúkrunar og lækninga en næsti yfirmaður er sviðsstjóri hjúkrunar

Umsóknir, ásamt skrá yfir náms- og starfsferil, skulu berast fyrir 3. janúar 2008 til Herdísar Herbertsdóttur, sviðsstjóra hjúkrunar, E-7 Fossvogi og veitir hún jafnframt nánari upplýsingar í síma 543 6430 netfang herdish@landspitali.is.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Landspítali er reyklaus vinnustaður.

Maður óskast á bílkrana

Óskum eftir að ráða starfsmann á 120 tonna bílkrana.

Upplýsingar veitir Arnar hjá Einingaverksmiðjunni Borg í síma 664 8696 og 414 7777.

EININGAVERKSMIÐJA BORG STEYPUSTÖÐ

Vélavörður

Vísir hf óskar eftir Vélaverði sem getur leyst af sem Yfirvélstjóri á Sighvati GK 57 Sighvatur er línuveiðiskip með beitningarvél.

nánari upplýsingar eru gefnar á skrifstofu Vísis í síma 420-5700

KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF
Í LEIKSKÓLUM KÓPAVOGS:

Leikskólakennarar!
Kynnið ykkur nýjar samþykktir Kópavogsbæjar í tengslum við bókanir í kjarasamningum Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga.

Arnarsmári: 564 5380
- Leikskólakennarar
- Aðstoð í eldhús 75% v/veikinda

Álfatún: 564 6266
- Deildarstjóri – afleysing í ½ ár
- Leikskólastjóri – afleysing
- Leikskólakennarar

Baugur, NÝR LEIKSKÓLI: 570 4350
- Leikskólakennarar

Dalur: 554 5740
- Leikskólakennari/leiðbeinandi
- Matráður frá 1. febrúar 2008

Efstihjalli: 554 6150
- Leikskólakennarar
- Aðstoð í eldhús 75%

Fagrabrekka: 554 2560
- Leikskólakennari

Fífusalir: 570 4200
- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar

Grænatún: 554 6580
- Leikskólakennari
- Starfsmaður vegna stuðnings 80-100%

Kópahvoll: 554 0120
- Leikskólakennari 100%

Kópasteinn: 564 1565
- Leikskólak/leiðbeinandi, hlutastarf kemur til greina

Marbakki: 564 1112
- Leikskólakennarar

Núpur: 554 7020
- Leikskólakennarar

Rjúpnahæð: 570 4240
- Leikskólakennarar

Smárahvammur: 564 4300
- Sérkennsla – Leikskólasérk./leikskólakennari /þroskaþjálfi eða áhugasamur leiðbeinandi

Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789
- Leikskólakennarar
- Aðstoð í eldhús

Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
og www.job.is

Reykjavíkurborg
Skrifstofa borgarstjóra

Verkefnisstjóri

Skrifstofa borgarstjóra óskar eftir að ráða verkefnisstjóra til starfa

Hlutverk og ábyrgðarsvið
- Hrinda af stað þverfaglegum þróunar- og umbótaverkefnum í samstarfi við aðra
- Eiga samvinnu við stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki
- Taka þátt í samstarfi á skrifstofu borgarstjóra

Hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Skipulagshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni til að koma fram og tjá sig í ræðu og riti

Um er að ræða spennandi starf á góðum vinnustað fyrir metnaðarfullan einstakling sem er reiðubúinn að sýna frumkvæði. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Næsti yfirmaður er skrifstofustjóri borgarstjóra. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags . Umsóknum skal skilað til skrifstofu borgarstjóra í síðasta lagi 4. janúar 2007 merkt "umsókn um starf verkefnisstjóra."
Upplýsingar um starfið veitir Magnús Þór Gylfason, skrifstofustjóri borgarstjóra, í síma 4114500.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Lýsum eftir starfsfólki

Lýsing er stærsta fyrirtæki sinnar tegundar á Íslandi með öfluga starfsemi bæði á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði. Aðalstarfsemi Lýsingar hefur frá upphafi verið á sviði eignarleigu með fjármögnun á atvinnutækjum, atvinnuhúsnæði og bifreiðum fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Allt starfsfólk Lýsingar leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum faglega ráðgjöf, skjóta og góða þjónustu og kappkostar að hafa hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Í viðleitni sinni við að veita ávallt framúrskarandi þjónustu hefur starfsfólk Lýsingar frá árinu 2003 unnið eftir þjónustustefnu fyrirtækisins sem tekur á öllum snertiflötum við viðskiptavini þess.

Hjá Lýsingu starfar samheldinn hópur sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu við innri sem ytri viðskiptavini. Þjónustulund, frumkvæði og vönduð vinnubrögð setjum við í öndvegi.

Vegna stöðugrar stækkunar fyrirtækisins óskum við eftir að bæta öflugum einstaklingum í hópinn.

Upplýsingatæknisvið Lýsingar

Leitað er eftir einstaklingi með þekkingu á forritun og/eða rekstri SAP kerfis. Þeir kerfishlutar í SAP sem aðallega eru í notkun hjá okkur eru FS-CML, FI og CO ásamt NW Portal og Solution Manager.

Fyrirtækja- og einstaklingssvið Lýsingar

- Starfsmaður í Miðvinnslu Einstaklingssvið

- Starfsmaður í Miðvinnslu (starf á Akureyri)

Einstaklingssvið og Fyrirtækjasvið eru aðaltekjusvið Lýsingar hf. Starfsmenn Miðvinnslunnar eru þjálfaðir í að vera vel upplýstir um allar hliðar á starfsemi Lýsingar og eru sérfræðingar á sínu sviði.

Starfssvið m.a.:
Skjalagerð
Útborgun og skráning samninga
Breytingar á samningum
Mánaðarlegar vinnslur
Samskipti við samstarfsaðila

Hæfniskröfur og eiginleikar:
- Framúrskarandi þjónustulund
- Góðir samskiptahæfileikar
- Nákvæmni í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar veitir Eygló Grímsdóttir skrifstofustjóri í síma 540 1524.

Umsókn og ferilskrá sendist á netfangið eyglo@lysing.is en einnig er hægt að sækja um starfið á www.lysing.is. Umsóknarfrestur er til og með 28. desember nk.

01 - 10456

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

LÝSING
LYSING.IS // 540 1500

VERSLUNARSTJÓRI

RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA

Rafvörumarkaðurinn ehf er lágvöruverslun

með rafvörur, ljós, ljósaperur, rafmagnsefni,

rafmagnsverkfæri, handverkfæri og árstíðabundnar

vörur eins og heita potta, garðverkfæri o.fl.

Rafvörumarkaðurinn rekur tvær verslanir.

Við Fellsmúla í Reykjavík og að Njarðarbraut 11

í Reykjanesbæ.

Rafvörumarkaðurinn við Fellsmúla óskar að ráða kraftmikinn einstakling í starf verslunarstjóra.
Um er að ræða spennandi en jafnframt krefjandi starf.

Starfslýsing:
Starfið felur í sér að sjá um daglegan rekstur, afgreiðslu, starfsmannamál, innkaup o.fl.

Kröfur um reynslu:
Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg.
Hæfni í mannlegum samskiptum og snyrtimennska.

Æskilegir eiginleikar:
Við leitum að kraftmiklum einstaklingi sem hefur gaman af fjölbreytileika í starfi, getur tekið ábyrgð og hefur ríka þjónustulund.

Umsóknir sendist á **rvm@rvm.is fyrir 20.desember.**
Um framtíðarstarf er að ræða.

Rafvörumarkaðurinn - Við Fellsmúla - 108 Reykjavík

Afgreiðslu- & Sölustarf

Ört stækkandi og framsækið fyrirtæki með iðnaðarvörur óskar eftir að ráða kraftmikinn sölu/afgreiðslu mann til starfa. Um fjölbreytt starf er að ræða en í því felst sala og þjónusta við viðskiptavini í verslun og heimsóknir í fyrirtæki. Ensku og tölvukunnátta skilyrði.

Reyklaus vinnustaður

Umsóknir skulu sendar til Fréttablaðsins á netfangið: box@frett.is merkt; "Afgreiðslu- og sölustarf"

Akraneskaupstaður

Laust starf við Brekkubæjarskóla á Akranesi

Kennarar athugið

Í Brekkubæjarskóla á Akranesi er laus staða umsjónarkennara í 7. bekk. Um fullt starf er að ræða. Starfið er laust frá 1. janúar n.k. **Umsóknarfrestur til 21. desember n.k.** Nánari upplýsingar gefur Arnbjörg Stefánsdóttir, skólastjóri í síma 433 1300/863 4379. netfang: arnbjorg@brak.is. Heimasíða skólans: www.brak.is.

Landhelgisgæsla Íslands leitar eftir öflugum starfsmanni í flugrekstrardeild

Landhelgisgæsla Íslands var stofnuð 1. júlí 1926. Helstu verkefni hennar eru:

- Löggæsla og eftirlit á hafinu umhverfis Ísland
- Ábyrgð og yfirstjórn á leit og björgun á sjó
- Aðstoð við björgun og sjúkraflutninga á landi
- Sjómælingar og sjókortagerð
- Sprengjueyðing

Hjá Landhelgisgæslu Íslands starfa um 160 manns með mismunandi bakgrunn í hinum ýmsu störfum.
Nú leitar Landhelgisgæslan að sveigjanlegum og jákvæðum starfsmanni til að bætast í hópinn.

Starfssvið:
Um er að ræða fjölbreytt skrifstofustarf hjá flugrekstrardeild Landhelgisgæslunnar.
Meðal verkefna er uppfærsla handbóka, gerð vaktaskráa flugmanna, undirbúningur námskeiða og erlend samskipti.
Starfsmaðurinn aðstoðar flugrekstrarstjóra og þjálfunarstjóra eftir þörfum auk þess að sinna öðrum verkefnum sem honum eru falin.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Góð almenn menntun
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku
- Samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfileikar
- Þekking á flugi/flugrekstri er æskileg
- Þekking á bókhaldi er kostur

Laun eru samkvæmt kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra.

Umsóknum með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, ásamt sakavottorði, skal skilað til Landhelgisgæslu Íslands, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík fyrir 4. janúar 2008 merktar **"Umsókn - flugrekstrardeild"**

Nánari upplýsingar veita Svanhildur Sverrisdóttir starfsmannastjóri (svanhildur@lhg.is) og Geirþrúður Alfreðsdóttir flugrekstrarstjóri (gal@lhg.is) í síma 545-2000.

Félagsþjónustan í Hafnarfirði

Félagsráðgjafi óskast

Við leitum að röskum félagsráðgjafa til afleysinga í 3-4 mánuði. Starfið felst aðallega í afgreiðslu fjárhagsaðstoðar og almennri félagsráðgjöf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf um áramótin.

Launakjör skv. samningum sveitarfélaga við stéttarfélag félagsráðgjafa.

Umsóknir sendist til Félagsþjónustunnar Strandgötu 33 Hafnarfirði fyrir 2. janúar.

Nánari upplýsingar veita Ingibjörg Jónsdóttir, deildarstjóri, eða Sæmundur Hafsteinsson, forstöðumaður, í síma 585 5700. Einnig má fá upplýsingar um Félagsþjónustuna á heimasíðu bæjarins, **www.hafnarfjordur.is.**

Félagsþjónustan í Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í sima 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

Reykjavíkurborg
Framkvæmdasvið

Smiðir til viðhaldsverkefna

Skrifstofa Gatna- og eiganumsýslu óskar að ráða reyndan smið í starf þjónustufulltrúa. Þjónustufulltrúar starfa með fasteignastjórum, sem annast viðhald húseigna borgarinnar, hver í sínum borgarhluta.

Starfssvið þjónustufulltrúa:
Smærri viðhaldsverk í húseignum á umsjónarsvæði hverfastöðvar.
Samskipti við notendur húsnæðis og upplýsingasöfnun um viðhaldsþörf.

Væntingar til starfsmanns:
Sveinspróf í trésmíði og almenn ökuréttindi.
Reynsla af viðhaldsverkefnum er mikilvæg.
Vera verklaginn og heilsuhraustur.
Lipurð, samviskusemi og mikil færni í mannlegum samskiptum.

Um framtíðarstarf er að ræða og æskilegt að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 3. janúar 2008.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast í afgreiðslu Mannauðsdeildar, Skúlatúni 2, sem er opin kl. 8:20 – 16:15 alla virka daga. Þeim skal skila þangað eða senda með tölvupósti til mannaudsdeild.fs@reykjavik.is

Umsóknir skulu merktar "Smíðavinna".

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi starfsmannafélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Magnús Haraldsson magnus.haraldsson@reykjavik.is eða Agnar Guðlaugsson agnar.gudlaugsson@reykjavik.is deildarstjórar í síma 411 8000.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Reykjavíkurborg
Menntasvið

Umsjónarkennari

Fossvogsskóli er hverfisskóli fyrir sex til tólf ára börn í Reykjavík og er staðsettur í fallegu umhverfi í Fossvogsdal. Skólinn var stofnaður árið 1971 og allt frá upphafi hefur mikil áhersla verið lögð á einstaklingskennslu og að koma til móts við mismunandi þarfir, hæfileika og áhuga hvers og eins. Í skólanum er öflugt starfslið og góður starfsandi.

Umsjónarkennari óskast fyrir skemmtilega 11 ára krakka.

Allir nemendur hafa umsjónarkennara sem fylgist með námi, líðan, ástundun og hegðun þeirra. Jafnframt er umsjónarkennari tengiliður við sérgreinakennara, sérfræðinga og foreldra/forráðamenn varðandi málefni nemenda. Góð stundaskrá. Staðan er laus frá áramótum.

Umsóknarfrestur er til 3. janúar 2008.

Nánari upplýsingar veitir Óskar S. Einarsson skólastjóri í síma 5680200 / 6648190
netfang: oskare@fossvogsskoli.is

www.fossvogsskoli.is

Fossvogsskóli

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

HAMRAFELL EHF

Stýrimaður

Stýrimann vantar á ísfisktogara.
Nánari uppl. í síma 899 0830 og 896 3939

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Lausar stöður í leik- og grunnskólum

Grunnskólar

Áslandsskóli (585 4600 leifur@aslandsskoli.is)
Kennsla á yngsta stigi
Kennsla á miðstigi

Engidalsskóli (555 4433/664 5867 audur@engidalsskoli.is)
Skólaliði í heilsdagskóla (50%) eftir hádegi

Hvaleyrarskóli (helgi@hvaleyrarskoli.is)
Umsjónarkennari á yngsta stigi
Stuðningsfulltrúi (50%)
Starfsmaður í frístundaheimili (50% e.hádegi)

Lækjarskóli (664 5877 haraldur@laekjarskoli.is)
Kennari í sérdeild f. börn með þroskaraskanir, unglingastig
Skólaliði í mötuneyti nemenda
Skólaliði/unglingastig

Setbergsskóli (664 5880 gudosk@setbergsskoli.is)
Skólaliðar

Víðistaðaskóli (664 5891 annakr@vidistadaskoli.is)
Tónmenntakennsla
Heimilisfræðikennsla
Skólaliðar
Starfsmaður í íþróttahús (80%)
Starfsmenn í íþróttahús, hlutastörf á dagvinnutíma
hentar vel eldri borgurum

Öldutúnsskóli (555 1546 herla@oldutunsskoli.is)
Almenn kennsla
Smíðakennsla - val í 10. bekk - stundak.
Bókasafns- og upplýsingafræðingur
Skólaliði

Leikskólar

Arnarberg (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
Deildarstjóri með elstu börnin frá áramótum
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Álfaberg (555 3021 alfaberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Stuðningsfulltrúi

Álfasteinn (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
Aðstoð í eldhús f. hádegi, tímabundin ráðning
Leikskólakennari og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Hlíðarberg (565 0556 hlidarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Hlíðarendi (555 1440 hlidarendi@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Hraunvallaskóli (664 5835 sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Deildarstjóri
Leikskólakennara/starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Hörðuvellir (555 0721 horduvellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun (v/fæðingarorlofs)

Norðurberg (555 3484/664 5851 nordurberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Stekkjarás (517 5920/664 5862 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara, þroskaþjálfa og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Matreiðslumeistari/matráður frá áramótum
Aðstoð í eldhús fyrir hádegi
Skilastöður

Tjarnarás (565 9710 tjarnaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun vegna barnsburðarleyfis

Vesturkot (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
Deildarstjóra
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi skóla.
Sjá einnig nánar á heimasíðum skólanna.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum weitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í sima 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

SECURITY AND DETECTION GUARD

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security and Detection Guard. The closing date for this postion is **December 21, 2007**. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html
Please send your application to reykjavikvacancy@state.gov

Fóðurblandan

Vantar vanan lyftaramann og einnig vanan bílstjóra á lager og til útkeyrslu.

Góð laun í boði fyrir rétta menn.

Umsóknir sendist á sverrir@fodur.is eða til Fóðurblönd-unnar, Korngarðar 9, 104 Reykjavík. Nánari upplýsingar fást hjá Sverri í síma 896-3769 eða 570-9817

FÓÐURBLANDAN
– gæði í hverri gjöf

Korngörðum 12, 104 Reykjavík.

Saman náum við árangri

samskip

> STARFSMENN óskast í gámavallardeild

> Kranamaður í skipaafgreiðslu

Við leitum að dugmiklum og samviskusömum starfsmanni til starfa sem kranamaður í skipaafgreiðslu Samskipa í Reykjavík. Um er að ræða starf á hafnarkrana félagsins en hann er af gerðinni Liebherr LHM 400.

Vinnutími: Vaktavinna á dag - og kvöldvöktum, 07.55 - 16.00 og 16.00 - 24.00.

Hæfniskröfur: Tilskilin réttindi, þ.e. stóra vinnuvélaprófið. Haldgóð reynsla af kranavinnu skilyrði og reynsla af hafnarvinnu æskileg. Viðkomandi þarf að vera stundvís, nákvæmur, samviskusamur, geta unnið undir álagi og lipur í mannlegum samskiptum. Umsækjandi skal hafa hreint sakavottorð og engan fíkniefnaferil.

Áhugasamir vinsamlegast fyllið út umsókn á www.samskip.is (veljið „Kranamaður í skipaafgreiðslu – auglýst staða 16.12.07") fyrir 21. desember 2007. Ólafur A. Ólafsson, rekstrarstjóri, veitir allar nánari upplýsingar í síma 458 8540.

> Starfsmenn á bílavelli

Við leitum að dugmiklum og samviskusömum starfsmönnum til starfa á bílavelli Samskipa. Um er að ræða störf við losun á bílum úr gámum, afgreiðslu á bílum og að leggja bílum í stæði.

Vinnutími: Dagvinna 07.55 - 16.00 og talsverð yfirvinna.

Hæfniskröfur: Gerð er krafa um frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð. Umsækjandi skal hafa til að bera lipurð í mannlegum samskiptum, fágaða framkomu og ríka þjónustulund. Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi gild ökuréttindi. Lyftara- og vinnuvélaréttindi eru kostur en ekki skilyrði.
Umsækjandi skal hafa hreinan sakaferil.

Áhugasamir vinsamlegast fyllið út umsókn á www.samskip.is (veljið „Starfsmenn á bílavelli – auglýst staða 16.12.07") fyrir 21. desember 2007. Alexander Eyjólfsson, rekstrarstjóri, veitir allar nánari upplýsingar í síma 458 8470.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Reykjavíkurborg
Listasafn Reykjavíkur

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVIK ART MUSEUM

Sýningadeild Listasafns Reykjavíkur

Leitast er eftir umsóknum, um eftirfarandi tvær stöður, frá áhugasömum, skapandi og verklögnum einstaklingum sem eru sjálfstæðir í vinnubrögðum, með mikla skipulagshæfileika og færni í mannlegum samskiptum. Lögð er áhersla á skapandi hugsun, jákvæðni og drifkraft.

1) Tæknimaður sýningadeildar - 50%
Tæknimaður sýningadeildar vinnur við skipulag og framkvæmd sýningahalds safnsins m.a. uppsetningu og niðurtöku sýninga og önnur störf sem tengjast sýningatækni og annarri starfsemi listasafnsins. Samvinna við sýnendur og sýningastjóra. Verkstjórn aðstoðarfólks við undirbúning og frágang sýninga.

Menntun á sviði myndlistar og einu sviði iðngreina, eða mikil reynsla í vinnu með myndlist og annarri safnavinnu. Reynsla af smíðavinnu æskileg. Almenn tölvukunnátta. Tungumálakunnátta (íslenska og enska).

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

2) Deildarfulltrúi - 50% - tímabundið starf til 30. september 2008.
Deildarfulltrúi sýningadeildar hefur umsjón og eftirlit með ástandi sýningarýma safnsins, framkvæmd sýningaáætlunar safnsins og samvinnu við sýningastjóra, sýnendur og tæknimenn. Umsjón með tækjum og búnaði safnsins til sýningahalds. Vinnur við gerð sýningaráætlunar safnsins, sér um skrásetningu listaverka, heimilda og tengdra gagna í tengslum við sýningar.

Krafist er háskólamenntunar á sviði myndlistar, safnafræðimenntun er æskileg. Starfið krefst mikillar reynslu í vinnu með myndlist og annarri safnavinnu, tölvukunnáttu (ritvinnsla; töflureiknir; skrásetningarforrit, almenn skrifstofuforrit) og Tungumálakunnáttu (íslenska og enska).

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Næsti yfirmaður er deildarstjóri sýningadeildar.
Kjör samkvæmt kjarasamningum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf skal senda í síðasta lagi 2. janúar 2008 til deildarstjóra sýningadeildar Yean Fee Quay, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík, eða á netfangið fee.quay@reykjavik.is.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Reykjavíkurborg
Íþrótta- og tómstundasvið

ÍTR

Hefur þú áhuga á að vinna á vettvangi óhefðbundins náms?
Hefur þú óheftan kraft og sköpunargáfu?
Viltu starfa á vinnustað þar sem þú getur haft áhrif?

Frístundamiðstöðin Frostaskjól óskar eftir

Frístundaráðgjöfum í fullt starf frístundaheimili í Frostaskjóls og Frístundaráðgjöfum í fullt starf í félagsmiðstöðina Frosta

Menntunar og/eða hæfniskröfur:
- Uppeldismenntun eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af starfi með börnum eða unglingum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sterk fagvitund og skipulögð vinnubrögð
- Áhugi á frítímastarfi, lífleikni- og félagsfærniþjálfun
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Vilji til að vinna í hópi
- Góð almenn tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 28.desember 2007
Umsækjandur þurfa að geta hafið störf í kringum 7. janúar 2008.

Hægt er að sækja um rafrænt á www.itr.is eða til Íþrótta- og tómstundasviðs Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, merkt „Frostaskjól"

Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Steinunni Gretarsdóttur og Guðrúnu Björk Freysteinsdóttur deildarstjórum í Frístundamiðstöðinni Frostaskjóli í síma 411-5700, og á heimasíðu ÍTR, **www.itr.is**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Starfsmenn ÍTR vinna á sviði Íþrótta- og tómstunda og eru lykillinn að því að ÍTR geti veitt fyrsta flokks þjónustu við viðskiptavini sína. ÍTR leggur mikla áherslu á fræðslu og símenntun fyrir sitt starfsfólk, jafnrétti og starfsmannastefnu. Allir starfsmenn taka þátt í fræðslustarfi ÍTR og eru upplýstir um jafnréttisáætlun og starfsmannastefnu fyrirtækisins og Reykjavíkurborgar.

Utanríkisráðuneytið

Háskólamenntaðir starfsmenn

Utanríkisráðuneytið óskar eftir að ráða háskólamenntaða fulltrúa til starfa. Hluti starfanna mun falla undir flutningsskyldu, sbr. lög um utanríkisþjónustu Íslands nr. 39/1971, og fela því í sér störf bæði á aðalskrifstofu ráðuneytisins og sendiskrifstofum Íslands erlendis.

Háskólamenntaðir fulltrúar vinna ýmis sérfræðistörf í utanríkisráðuneytinu og gegna störfum sendiráðsritara og sendirráðunauta í sendiskrifstofum Íslands. Utanríkisstefna Íslands byggir á virðingu fyrir mannréttindum, áherslu á friðsamlega lausn deilumála og frelsi í utanríkisviðskiptum. Utanríkisþjónustan gætir íslenskra hagsmuna að því er snertir
- stjórnmál,
- öryggismál,
- utanríkisviðskipti,
- menningarmál,
- og aðstoðar íslenska ríkisborgara erlendis og veitir þeim vernd og aðstoð gagnvart erlendum stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum.

Verkefni háskólamenntaðra fulltrúa í utanríkisráðuneytinu og sendiskrifstofum eru afar fjölbreytt og áhugaverð og starfsþróunarmöguleikar eru góðir. Við ákvörðun launa er tekið mið af kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins.

Leitað er að konum og körlum sem uppfylla eftirtalin skilyrði:
- Hafi háskólapróf í fagi sem tengist verkefnum utanríkisþjónustunnar.
- Æskilegt er að hafa einnig lokið framhaldsnámi að loknu grunnnámi í háskóla.
- Hafi ríkan áhuga á milliríkjasamskiptum.
- Komi vel fyrir, séu vel máli farin, vel ritfær, skipulögð og sjálfstæð í vinnubrögðum, samskiptalipur og hafi góða aðlögunarhæfni.
- Búi yfir mjög góðri kunnáttu í að minnsta kosti ensku og einu Norðurlandamáli auk þess sem æskilegt er að hafa þriðja erlenda tungumálið á valdi sínu.
- Kunni vel á helstu tölvuforrit svo sem Microsoft Office auk þess sem kostur er að þekkja til Lotus Notes.

Umsóknarfrestur er til fimmtudagsins 3. janúar 2008. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknir skulu berast á netfangið umsokn@mfa.is, eða til utanríkisráðuneytisins, Rauðarárstíg 25, 150 Reykjavík merktar starfsumsókn og heiti starfs. Starfsmannastjóri veitir nánari upplýsingar um störfin. Litið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti líkur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

RAFLOFT www.rafloft.is

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir að ráða rafiðnaðarmenn og vélfræðing til starfa sem fyrst.

umsóknir sendist á rafloft@rafloft.is - s. 8962660

VERKTAKAR

TSH auglýsir eftir vönum smiðum. Mörg og fjölbreytt verkefni eru framundan í Reykjavík, Akranesi og Reykjanesbæ.

Frekari upplýsingar gefur Brynjar í síma 567 0797 og 660 1796.

Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og aðbúnaður góður.

Sveitarfélagið ÁRBORG

Deildarstjóri leikskólanum Álfheimum Selfossi

Leikskólinn Álfheimar óskar eftir að ráða deildarstjóra. Leikskólinn starfar m.a. eftir umhverfisvænni uppeldisstefnu. Við leitum eftir leikskólakennurum sem geta unnið sjálfstætt og eru jafnframt með mikla færni í mannlegum samskiptum.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Leikskólakennaramenntun
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi
- Sjálfstæði og skipulagshæfni
- Jákvæðni og áhugasemi

Um er að ræða 100% starf og laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Félags leikskólakennara.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Stefánsdóttir leikskólastjóri í síma 480 3240 eða netfangið alfheimar@arborg.is eða Borgar Ævar Axelsson starfsmannastjóri í síma 480 1900 eða netfangið borgar@arborg.is.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til Borgars Axelssonar starfsmannastjóra borgar@arborg.is Austurvegi 2, 800 Selfossi, fyrir 30.desember nk. merkt: Deildarstjóri Álfheimar.

Reykjavíkurborg
Listasafn Reykjavíkur

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVIK ART MUSEUM

Veitingarekstur

Listasafn Reykjavíkur leitar að hugmyndaríkum og metnaðarfullum starfsmanni til að sjá um veitingarekstur Hafnarhússins

Listasafn Reykjavíkur leitar að áhugasömum starfsmanni með metnað og frumkvæði til að móta og sjá um veitingarekstur í Hafnarhúsi.

Hafnarhúsið er vettvangur samtímalista og fjölbreyttra viðburða sem þúsundir gesta sækja ár hvert. Óskað er eftir starfsmanni sem hefur frumkvæði og vill taka þátt í að móta nýja og ferska veitingastefnu staðarins.

Við leitum að framtíðarstarfsmanni í gott starfslið á skapandi og skemmtilegum vinnustað. Starfið felst í afgreiðslu, framleiðslu, innkaupum, starfsmannahaldi og almennri umsjón rekstursins.

Um er að ræða fullt starf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Laun samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna Friðbertsdóttir, deildarstjóri rekstrardeildar
Tölvupóstfang: anna.fridbertsdottir@reykjavik.is

Umsóknarfrestur er til 23. desember 2007.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

KÓPAVOGSBÆR

Félagsþjónusta Kópavogs
Yfirseta í barnaverndarmálum

- **Félagsþjónusta Kópavogs óskar eftir starfsmanni í yfirsetu í barnaverndarmálum.**
  Um er að ræða vinnu sem fer fram um helgar 1-4 helgar í mánuði í 4-6 tíma í senn.
  Umsækjendur þurfa að vera 20 ára og eldri. Reynsla æskileg.

Vinsamlegast hafið samband við Dagnýju Björk Pjetursdóttur, umsjónarmann sérúrræða hjá félagsþjónustu Kópavogs, mánudaga til fimmtudaga í síma 570-1400 eða með tölvupósti ***dagny@kopavogur.is.***

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og SfK.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

www.kopavogur.is - www.job.is

Fræðslustjóri Norðuráls

Við óskum að ráða fræðslustjóra til Norðuráls á Grundartanga. Um er að ræða gefandi og fjölbreytt framtíðarstarf.

Hvaða kröfur gerum við?
- Menntun í mannauðsstjórnun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Uppörvandi framkoma, sterk samskipta- og samstarfshæfni
- Reynsla og/eða sérhæfing í skipulagningu og framkvæmd fullorðinsfræðslu
- Góð kunnátta í íslensku og ensku, bæði í töluðu og rituðu máli
- Öguð og góð vinnubrögð
- Frumkvæði og þjónustulund

Helstu verkefni
- Mat á fræðsluþörf starfsmanna
- Framfylgni fræðslustefnu
- Þróun fræðsluáætlana í samstarfi við stjórnendur fyrirtækisins
- Utanumhald vegna þátttöku starfsmanna í fræðslu
- Samstarf við fræðsluaðila um uppbyggingu náms fyrir einstaklinga sem vilja auka þekkingu sína og hæfni
- Þátttaka í öðrum verkefnum starfsmannasviðs

Hvað veitum við?
Við bjóðum þér áhugavert starf hjá nútímalegu fyrirtæki. Þú vinnur mikilvæg verk með góðum hópi samstarfsfólks og við tökum vel á móti þér.

Verkefnin eru fjölbreytt og þú færð tækifæri til að sýna frumkvæði og nýta þekkingu þína við mótun þeirra.

- Góður aðbúnaður og nýtt mötuneyti á staðnum
- Símenntun í alþjóðlegu umhverfi
- Atvinnuöryggi, traustar tekjur og laun að hluta árangurstengd
- Fyrirtækið greiðir þér aukið framlag í lífeyrissjóð

Nánari upplýsingar veitir:
Rakel Heiðmarsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs, í síma 430 1000.

Hvernig sækir þú um?
Vinsamlega sendu okkur umsókn þína fyrir 27. desember n.k. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins, www.nordural.is, sent umsókn þína á netfangið umsókn@nordural.is eða póstlagt umsóknina merkta: Fræðslustjóri. Við förum með umsókn þína sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

Jafnrétti
Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli.

Norðurál er eftirsóttur vinnustaður. Starfsmenn eru á fimmta hundrað talsins, verkefnin margvísleg og störfin fjölþætt. Hjá fyrirtækinu starfa m.a. verkfræðingar, tæknifræðingar, viðskiptafræðingar, sálfræðingar, efnafræðingar, eðlisfræðingar, líffræðingar, tölvunarfræðingar, rafvirkjar, vélvirkjar, vélstjórar & rafsuðumenn, auk ófaglærða starfsmanna sem öðlast dýrmæta sérhæfingu við störf sín og nám hjá fyrirtækinu.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM
Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

BREIÐABLIK

Þjálfari óskast / Starfsmaður unglingaráðs óskast.

Þjálfari:
Knattspyrnudeild Breiðabliks óskar eftir þjálfara fyrir yngri flokka félagsins. Æskileg reynsla að þjálfun og/eða menntun innan íþróttageirans.

Starfsmaður unglingaráðs:
Knattspyrnudeild Breiðabliks óskar eftir að ráða starfsmann fyrir unglingaráð.
Um er að ræða 50% stöðugildi og vinnutími getur verið svegjanlegur.
Starfið felur í sér flölbreytta vinnu fyrir unglingaráð.

Til greina kemur að ráða í bæði stöðugildin sem 100% starf.

Áhugasamir hafi samband við Arnar Bill yfirþjálfara yngri flokka Breiðabliks í síma 510-6400 eða í netfangið arnarbill@breidablik.is

LIONBRIDGE

Lionbridge óskar eftir vefmatsmönnum

Starfshlutfall: Hlutastarf
Ráðningartími: Ótiltekinn

Starfslið Lionbridge Technologies heldur úti þjónustumiðstöðvum í 25 löndum um allan heim og óskar eftir að fá til liðs við sig sjálfstætt starfandi samstarfsmenn **í hlutastörf**. Þeir skulu hafa staðgóða þekkingu á **íslensku og ensku** og þekkja vel til samfélagsins á Íslandi til liðs við sig sem **vefmatsmenn.**

Kröfur:
- Staðgóð enskukunnátta er frumskilyrði
- Við leitum að fólki sem er vel heima á Netinu og hefur greiðan netaðgang
- Starfsreynsla á sviði upplýsingatækni er kostur en ekki skilyrði
- Ef umsækjandi er ekki Íslendingur er krafist búsetu á Íslandi til 5 ára eða lengur

Starfið felst í mati á vefleitartækjum. Vinnutími er sveigjanlegur og lagast að heimili og fjölskylduífi og því hentar starfið vel þeim sem óska eftir hlutastarfi (10-20 stundir á viku).

Umsóknir sendist til: is.raters.bal@lionbridge.com ásamt starfsferilsskrá á ENSKU ásamt umsókn þar sem gerð er grein fyrir þeirri kunnáttu sem umsækjandi getur nýst í starfi, tómstundaiðju, áhugamálum og reynslu, ennfremur komi þar fram þjóðerni umsækjanda og búsetuland.

Lionbridge Technologies er vinnuveitandi sem virðir jafnrétti.

ERTU Á RÉTTUM STAÐ?

Kíktu á www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

Skapandi störf með skapandi fólki

Laus störf í leikskólum Reykjavíkurborgar

Leitað er eftir:
- Leikskólakennurum
- Þroskaþjálfum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

Deildarstjórar
Sjónarhóll, Völundarhús 1, sími 567-8585
Ösp, Iðufelli 16, sími 557-6989

Leikskólakennarar/leiðbeinendur
Berg við Kléberg, Kjalarnesi, sími 566-6039
Blásalir, Brekknaás 4, sími 557-5720
Fellaborg, Völvufelli 9, sími 557-2660
Gullborg, Rekagranda 14, sími 562-2455
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
Hlíðaborg, Eskihlíð 19, sími 552-0096
Klettaborg, Dyrhömrum 5, sími 567-5970
Laufskálar, Laufrima 9, sími 587-1140
Lækjaborg, við Leirulæk, sími 568-6351
Rofaborg, Skólabæ 6, sími 567-2290
Sjónarhóll, Völundarhús 1, sími 567-8585
Steinahlíð, Suðurlandsbraut, sími 553-3280
Sæborg, Starhaga 11, sími 562-3664
Ægisborg, Ægisíðu 104, sími 551-4810
Ösp, Iðufelli 16, sími 557-6989

Leikskólasérkennari /þroskaþjálfi/atferlisþjálfi
Völvuborg, Völvufelli 7, sími 557-3040
Ösp, Iðufelli 16, sími 557-6989

Upplýsingar um lausar stöður veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum og mannauðsráðgjafar á Starfsmannaþjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Öll laus störf í leikskólum eru auglýst á www.leikskolar.is. Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Hlutastarf!

Óskum eftir starfskrafti til almennrar afgreiðslu í

Kjarval Norðurbrún

Vinnutími er samkomulagsatriði.
Nánari upplýsingar veitir
Guðmundur verslunarstjóri í síma 822-7028

KJARVAL

Sjúkraliðar - félagsliðar

Ef þú vilt hafa jákvæð áhrif á lífsgæði annarra - þá langar okkur hjá InPro að heyra frá þér

Heimaþjónusta InPro veitir einstaklingum persónulega þjónustu í heimahúsum sem ávallt er sérsniðin að þörfum viðskiptavinarins og fjölskyldu hans. Þjónustunni sinnir starfsfólk með fjölbreyttan bakgrunn sem á það sameiginlegt að hafa metnað til að veita gæðaþjónustu með það að markmiði að hafa jákvæð áhrif á lífsgæði fólks.

Óskað er eftir starfsfólki í 40-80% dagvinnu
með möguleika á kvöld- og helgarvitjunum fyrir þá sem vilja.

Hæfniskröfur:
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Samviskusemi
- Rík þjónustulund
- Þolinmæði
- Sveigjanleiki
- Heiðarleiki

Umsókn merkt „Heimaþjónusta“ ásamt starfsferilsskrá skal senda fyrir 2. janúar 2008 til Elísu Ránar Ingvarsdóttur, verkefnastjóra heimaþjónustu InPro, á netfangið: elisa.ingvarsdottir@inpro.is, eða á Heilsuverndarstöðina, Barónsstíg 47, 101 Reykjavík. Nánari upplýsingar veitir Elísa í síma 555-7600.

InPro er þjónustufyrirtæki á sviði heilsuverndar, vinnuverndar og heilbrigðisþjónustu. Stefna fyrirtækisins er að hafa jákvæð áhrif á lífsgæði fólks. Hjá fyrirtækinu starfa um 90 starfsmenn með fjölbreytta menntun og reynslu og er heilsa og velferð þeirra höfð í fyrirrúmi. Sjá nánari upplýsingar á www.inpro.is.

inPro

KÓPAVOGSBÆR

FRÁ LINDASKÓLA

- **Frá áramótum vantar okkur forstöðumann til starfa við Dægradvöl skólans.** Um er að ræða fullt starf í gefandi og fjölbreyttu starfsumhverfi og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem allra fyrst.

Forstöðumaður sér um daglegan rekstur Dægradvalar sem m.a. felur í sér skráningu nemenda í Dægradvöl, taka saman reikninga vegna mánaðargjalda, stýra starfi á sinni deild og sinna öðrum verkefnum sem upp koma í daglegum rekstri.

- Við leitum að starfsmanni sem er fær í mannlegum samskiptum, sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum og býr yfir skipulagshæfileikum, frumkvæði og metnaði í starfi.
- Æskilegt er að umsækjandi hafi lokið námi í tómstundafræðum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.
Upplýsingar um starfið gefa skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í síma 554 3900.
Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

www.kopavogur.is - www.job.is

KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Félagsþjónusta Kópavogs:
- Yfirseta í barnaverndarmálum
- Félagsliði í kvöldþjónustu
- Aðstoð við heimilisstörf
- Forstöðumaður v/þjónustuíbúðakjarna
- Starfsmaður við þjónustuíbúðakjarna

Roðasalir - sambýli og dagþjálfun
- Sjúkraliði
- Starfsmaður til aðhlynningar

Unglingasmiðjan
- Meðferðarfulltrúar

Íþróttamiðstöðin Versalir:
- Afgreiðsla/baðvarsla kvenna
- Baðvarsla kvenna
- Laugarvarsla/baðvarsla karla

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Digranesskóli:
- Stærðfræðikennari á unglingastig
- Matráður á kaffistofu starfsmanna 100%

Hjallaskóli:
- Umsjónarkennari á miðstig
- Námsráðgjafi 100% starf frá áram.
- Danskennari - hlutastarf
- Forfallakennari í tilfallandi forföllum

Kársnesskóli:
- Skólaritari, fullt starf
- Forfallakennari
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%
- Stuðningsfulltrúi í Dægradvöl 50% e.hád.

Kópavogsskóli:
- Stuðningsfulltrúi
- Forfallakennari

Lindaskóli:
- Skólaliði I – Dægradvöl 50% starf
- Skólaliði II – Gangav/ræstir, hlutastarf
- Forstöðumaður Dægradvalar

Salaskóli:
- Starfsfólk í Dægradvöl, hlutastarf

Snælandsskóli:
- Gangav/ræstir 60% frá 1. jan. 2008

Vatnsendaskóli:
- Starfsmaður í Dægradvöl 30-50%
- Stuðningsfulltrúi, fullt starf frá áramótum
- Kennari v/forfalla í 3.-4.bekk frá 1.1.'08

Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
og www.job.is

HEALTH & BEAUTY SYSTEMS

Rekstrarstjóri

Fyrirtækið sem er útibú frá Þýsku alþjóðlegu fyrirtæki í heilsu og fegrunargeira. Fyrirtækið selur hágæðavörur og er leiðandi í Evrópu og á þeim mörkuðum sem það starfar á. Sjá **www.lrworld.com**

Við leitum að manneskju til að sjá um okkar daglega rekstur á útibúi okkar á Íslandi. Starfið felst í stjórnun starfsfólks, skrifstofu og lagerhalds. Mikil þjónustulund og lipurð er nauðsynleg. Viðkomandi verður að tala og skrifa ensku og/eða þýsku. Ekki er krafist sérstakrar annarrar menntunar en reynsla í stjórnun og þekking á bókhaldi er æskileg.

Þeir sem hafa áhuga vinsamlegast sendið fyrirspurn ásamt upplýsingum til **r.pickardt@lrworld.com**

HÁTEIGSSKÓLI
S: 530 4300
BL: 530 4301
VIÐ HÁTEIGSVEG
105 REYKJAVÍK

Auglýsing frá Háteigsskóla

www.hateigsskoli.is

- **50% staða stuðningsfulltrúa** *- laus frá og með 1. janúar*
- **60% staða stuðningsfulltrúa** *- laus nú þegar*
- **70% staða stuðningsfulltrúa** *- laus frá 1. janúar*
- **50% staða þroskaþjálfa** *- laus frá og með 1. janúar*
- **100% staða kennara í mót-tökudeild og sérkennslu með áherslu á íslensku á unglingastigi.**

Háteigsskóli leggur áherslu á að þróa nám með sérstakri áherslu á fjölbreytta kennsluhætti og samstarf kennara og nemenda í árgöngum. Skólinn leggur metnað í að nemendum og starfsfólki líði vel sem er grundvöllur árangurs. Sérkenni skólans eru skapandi nám með leiklist, sérhæfing í kennslu íslensku sem öðru tungumáli, góð upplýsingagjöf til foreldra, mat á líðan nemenda, starfsfólks og viðhorfi foreldra.

Umsóknir og fyrirspurnir berist Ásgeiri Beinteinssyni skólastjóra eða Þórði Óskarssyni aðstoðarskólastjóra í síma 5304300 eða á netfangið hateigsskoli@hateigsskoli.is.

HJARTAVERND

Hjartavernd leitar að erfðatölfræðingi.

Starfið felst í úrvinnslu gagna rannsókna Hjartaverndar þar á meðal Öldrunarrannsókn Hjartaverndar sem er styrkt af heilbrigðismálaráðuneyti Bandaríkjanna (NIH). Um er að ræða úrvinnslu á erfðamörkum í stórum rannsóknahópum frá almennu þýði. Hæfniskröfur eru PhD eða sambærileg menntun í tölfræðilegri erfðafræði og reynsla í meðferð stórra gagnabanka. Vinnutími getur verið sveigjanlegur. Hjartavernd vinnur í alþjóðlegu umhverfi í nánum tengslum við háskóla og stofnanir í Evrópu og Bandaríkjunum.

Hjartavernd (The Icelandic Heart Association) is looking for a statistical geneticist. The position involves analysis of data collected in the NIH-funded Age Gene/Environment-Reykjavik Study (AGES-Reykjavik) and other studies at Hjartavernd. The scientist will analyze genetic polymorphism data generated in large population based studies, including analysis of genome-wide datasets. Position requirements are a PhD or similar education in statistical genetics and experience in working with large datasets. Flexible work arrangements are possible. Hjartavernd has numerous international collaborators and works closely with universities and institutes in Europe and USA.

Upplýsingar veitir Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar, í síma 535 1800 eða á v.gudnason@hjarta.is Umsóknum skal skila á netfangið atvinna@hjarta.is eða til Hjartaverndar merktar **ERÐATÖLFRÆÐINGUR.**

Hjartavernd, Holtasmára 1,201 Kóp., sími 535 1800

Sigríður
Sölufulltrúi
663 3219
sigga@remax.is

Sunnudag milli 14:00-14:30 **Verð: 28.900.000**

Stílhrein og falleg íbúð, bílskúrsréttur,(bílskúrsplata). Flísalögð forstofa með fataskáp, Parketlagt sjónvarpshol. Eldhús með hvítri innréttingu, borðkrókur. Flísalagt þvottahús og búr. Stofa og borðstofa, parket, útgengi á vestur svalir. Tvö rúmgóð barnaherbergi með fataskápum, nýlega skipt um gler og opnanleg fög. Flísalagt baðherbergi, bað og sturta, nýleg hvít innrétting, nýlegt gler og opnanlegt fag. Hjónaherbergi með skápum, parket. Eign sem vert er að skoða.

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
thorunn@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

Draumahús 530 1811

Gjáhella - 221 Hfj

37.900.000

252,8 fm iðnaðarbil í enda á tveimur hæðum í Hafnarfirði. Eigninni er skilað tilbúinni undir innréttinga. Neðri hæð er með góðri innkeyrsludyr og allt að 5,2 m lofthæð. Efri hæð er með 2,3-2,8 m lofthæð. Hvor hæð er ca 125 fm að stærð. Lóð verður malbikuð.

Allar nánari upplýsingar á skrifstofu Draumahúsa s. 530 1811 eða 840 2277

Dæmi:	26.530.000. kr. Lán frá lánastofnun
Kaupverð 37,9 millj.	7.580.000. kr. Lán frá verktaka með
3.790.000 kr. Eigið fé	4,14% til 20 ára.

Frum

Hagnýt og nýstárleg dagatalsbók

Í byrjun hverrar viku og mánaðar á kona orðið í þessari myndskreyttu dagatalsbók.
Hugleiðingarnar eru frá konum héðan og þaðan í þjóðfélaginu.

Hluti af ágóða bókarinnar rennur til rannsókna á þunglyndi kvenna á Íslandi.

„Sjálfstraustið býr í brjósti okkar, ekki í brjóstunum á okkur.“
Guðrún Helgadóttir, rithöfundur

Konur, þetta er bókin okkar!

„Það er bara eitt enn sem við þurfum að gera áður en við slökum á – og það er að bjarga heiminum!“
Andrea Ólafsdóttir, nemi og Íslandsvinur

Salka www.Salka.is

Salka/GBÓ



RÉTTU HANDTÖKIN
RÉTTU GRÆJURNAR
RÉTTA STEMMNINGIN!

Frábær matreiðslubók með gleði og einfaldleika í fyrirrúmi.

- Ljúffengar sælkerauppskriftir
- Kjöt, fiskur, pasta, grænmeti
- Forréttir, aðalréttir, eftirréttir
- Listin að velja, skera og skreyta

ATH.: Ef bókin hefur ekki haft tilætluð áhrif á bætta eldamennsku karlmannsins innan þriggja mánaða – má skila honum til forlagsins.

margt smátt

TAKK FYRIR MATINN, GÓÐI JESÚS Jesú getum við þakkað jólin og allsnægtirnar; þessa kærkomnu hátíð ljóss og friðar. Gleymum ekki að þakka fyrir í orði og verki. Fullt hús matar, samvera við ástvini og það að vera á lífi og fá að upplifa, er alls ekki sjálfsagt í lífsins bókum. Förum með borðbæn af einlægni og trú áður en við setjumst að snæðingi, og biðjum Jesúbarnið að blessa afmælismatinn, jólagestina og veislu-höldin öll. Skiptumst á að fara með borðbænir því hvert og eitt mannanna barn ber fram ólíkar þakkir og bænir sem unun er á að hlýða.

JÓLAEPLIN Þótt epli fáist nú orðið allt árið þá eru glansandi rauð epli alltaf jólaleg, sérstaklega þegar þau ilma, enda var sú tíð að þau voru ekki á boðstólum nema fyrir jólin. Eplalykt er því eitt af því sem skapar jólastemningu hjá mörgum. Á sumum heimilum er haft fyrir sið að rifja upp söguna af því þegar jólaeplin komu til landsins enda er það í hugum margra þeirra eldri með sterkari jólaminningum.

BARNAJÓLIN BESTU Jólin eru hátíð barnanna og aldrei eins gaman að lifa sem barn og einmitt þá. Leyfum börnum að vera þátttakendur í undirbúningi jólaboða, ákveða eftirréttinn, leggja á borð og búa til fallegar jólakveðjur á hvern disk. Látum líka eftir þeim að bjóða til sinnar eigin jólaveislu bestu vinunum þar sem veisluborðin svigna undan krakkavænum jólamat og sætindum.

NEGULNAGLAR OG APPELSÍNA Hver er hinn eini sanni jólailmur? Sumir segja rauðu eplin, aðrir lyktina frá kertum. Mörgum finnst þó ekki komin jól fyrr en búið er að stinga negulnöglum í appelsínu. Það er sannarlega heillandi lykt og jafnframt því skreyting sem endist lengi vel. Hægt er að leika sér með slíka negulappelsínu. Hún getur verið hluti af stærri borðskreytingu, staðið ein og sér eða hangið í fallegum borða í glugga og kætt bæði þá sem inni sitja og þá sem úti eru.

SPILAÐ MEÐ SÆLLÍFIÐ Víst er stranglega bannað að taka í spil á aðfangadagskvöld, en jólin eru heilir þrettán dagar veislu og samverustunda. Eftir vel útilátin jólatrog er fátt eins viðeigandi og skemmtilegt og að taka fram spilastokk, eða önnur borðspil. Spilum saman upp á spennu og gleði meðan sjatnar í mallakút milli mála. Ekki skemmir að hafa góðgætisverðlaun í boði fyrir góða frammistöðu, háa stigatöflu, eða hreinlega leyfa mat, drykk og sætabrauði að vera þátttakandi og í aðalhlutverki á spilastundum hátíðanna.

SYKURSÆTUR JÓLASTAFUR Jólastafinn rauð- og hvítröndótta þekkja flestir. Stafurinn var upphaflega beinn, harður og alhvítur. Hann var búinn til af frönskum prestum á 15. öld. Rauðu og hvítu rendur stafsins komu fyrst til snemma á tuttugustu öld. Póstkort fyrir aldamótin 1900 sýna aðeins hvíta stafi en eftir það fara hinir röndóttu að birtast. Á svipuðum tíma var farið að framleiða stafi með piparmyntubragði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Friðrika setti saman einfaldan en gómsætan eftirrétt sem gleður bæði augu og bragðlauka.

Lagskipt OG LEIKANDI

Eftirréttir þurfa ekki að vera flóknir til að gleðja skynfærin og hefur Friðrika sýnt það og sannað með rjómatvennunni sem hún útbjó fyrir okkur.

Friðriku Hjördísi Geirsdóttur er margt til lista lagt og eitt af því er matargerð. „Ég var í eins konar sælkeraskóla í London. Ég lærði bæði matreiðslu og kökugerð og var við nám í tæplega ár en fór samt ekki að vinna á samningi. Ég ætlaði mér svo sem aldrei að vinna á veitingastað og hef frekar nýtt þessa kunnáttu heima við og í blaðaútgáfu," segir Friðrika en margir muna eflaust eftir hinu margrómaða Bistro tímariti sem Friðrika ritstýrði. „Það var æðislegt að vinna með það blað og var ég afskaplega ánægð með það."

Þessa dagana er Friðrika að undirbúa jólin og reynir að fara vel með sig þar sem hún á von á öðru barni sínu. Hún segist vera fremur hefðbundin þegar kemur að matargerð um jólin. „Ég vil hafa matinn hefðbundinn en eftirrétturinn má vera mismunandi. Ég er ekki trú einhverjum einum eftirrétti heldur leik mér frekar með þá og breyti til."

Eftirrétturinn sem hér er boðið upp á er hannaður af Friðriku, sem segir þó að hann byggi á öðrum uppskriftum. „Það er nú þannig með svo margar uppskriftir sem maður er með í kollinum að þær eru byggðar á einhverjum öðrum uppskriftum og svo færir maður þær í annan búning. Þá breytir maður kannski um hráefni og prófar sig áfram með mismunandi samsetningar," útskýrir Friðrika, sem þykir þessi réttur afskaplega góður. „Ég hef aldrei gert þennan rétt áður, en hann heillaði mig algjörlega. Hann er frekar ferskur og ég setti hvítt Toblerone sem er dálítið skorpukennt en úr verður sérlega gott súkkulaðibragð með hindberjunum. Síðan raða ég þessu eins og lasagne og kemur það fallega út," segir Friðrika ánægð og ljóst er að hún hefur næmt auga fyrir smáatriðum.

Skreytingin að ofan er fremur jólaleg þar sem blandast saman rauð hindberjasulta, hindber og grænn myntulauf. „Síðan er hægt að nota grunnuppskriftina að þessu og nota jarðarber, bláber, ferskjur eða kíví í staðinn. Í rauninni hvað sem er til," segir Friðrika og hvetur hún fólk til að hafa hlutina einfalda og góða í jólaösinni. - hs

E

HINDBERJA- OG ANANASRJÓMATVENNA

HINDBERJARJÓMI
225 g frosin hindber
3 msk. sykur
300 ml rjómi
200 g hvítt Toblerone, saxað

Stráið sykrinum yfir hindberin og látið þau þiðna. Pressið safann úr berjunum í gegnum sigti. Þeytið rjómann og blandið berjablöndunni ásamt Tobleroninu varlega saman við og kælið.

ANANASRJÓMI
250 g ananaskurl
3 msk. flórsykur
300 ml rjómi

Sigtið safann af ananasinum, þeytið rjómann og blandið öllu varlega saman.

4 msk. hindberjasulta
fersk hindber og myntulauf til skrauts

Sprautið hindberjarjómanum í botninn á fallegum glösum og því næst ananasrjómanum. Sprautið hindberjarjómanum og ananasrjómanum til skiptis þar til rjóminn er uppurinn. Setjið 1 matskeið af hindberjasultu á toppinn og skreytið með ferskum hindberjum og myntulaufum.

Mundu að panta!

fyrir jólin

Heimsendingar alla daga
fram að jólum frá 10 til 22

800-5555

Afgreiðslan
Breiðhöfða 11
er opin virka daga
8 til 17

Þú sérð innihaldið!

Þú færð allar nánari upplýsingar um **AGA Gasol** hylkin, þrýstiminnkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.

Linde Gas] AGA

Samstarfsaðilar ÍSAGA – endursala á AGA Gasol:

BYKO

ATLANTSOLÍA
* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

ÍSAGA ehf.
Breiðhöfða 11, 110 Reykjavík.
Sími 577 3000, Fax 577 3001.

ISA-336 – ÍDEA grafísk hönnun

FORRÉTTIR UPPHAF AÐ GÓÐRI MÁLTÍÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Wagyu nauta-carpaccio með perum og asískættaðri dressingu.

Bjóralið og NUDDAÐ NAUT

Bjarni Gunnar Kristinsson, yfirmatreiðslumeistari á Grillinu á Hótel Sögu, segir fólk vera að prófa sig áfram með villibráðina ýmist á jóladag eða annan í jólum en á aðfangadag sé hefðin svo sterk að þar megi engu hnika.

Grillið sjálft er lokað á aðfangadag og jóladag en við verðum með þjónustu við hótelgesti niðri í Súlnasal," segir Bjarni og bætir við: „Það verður nýtískulegt og flott jólahlaðborð á aðfangadag en á jóladag verður hátíðarmatseðill."

Bjarni segir mikið af gestum hótelsins yfir hátíðirnar vera útlendinga og því verði sérstaklega reynt að höfða til þeirra þó fólki sé velkomið að koma í Súlnasal þó það sé ekki gestir hótelsins. „Það er orðið mjög vinsælt að vera hér á landi yfir jólin alveg eins og Íslendingar fara til Kanarí," segir Bjarni og bætir því við að allt að 200-300 manns hafi verið í mat á Hótel Sögu yfir jólin undanfarið. „Það sem útlendingarnir vilja smakka er þessi íslenski matur eins og hamborgarhryggur og hangikjöt en annars höfum við bæði verið með íslenska og alþjóðlega matargerð á þessum tíma." - sig

F

WAGYU NAUTA-CARPACCIO MEÐ PERUM OG ASÍSKÆTTAÐRI DRESSINGU

Wagyu-nautakynið er sérstakt fyrir þær sakir að nautin eru alin á bjór og nudduð til að gera kjötið meyrara. Kjötið er mjög dýrt, kostar allt að 16.000 krónur kílóið. Þá er góð lausn að matreiða það sem þunnt skorinn forrétt eins og gert er á jólamatseðli Grillsins.

Fyrir 6

300 g Wagyu-nautahryggur
salt
pipar
villisveppaduft (þurrkaðir villisveppir unnir í matvinnsluvél)
10 stk. mulin einiber

Carpaccio er oftast hrátt en við viljum brúna það á sjóðandi heitri pönnu, til að fá reykt bragð í kjötið, þessu má þó sleppa. Gott er að láta kjötið inn í frost í nokkrar mínútur til að auðveldara sé að skera kjötið þunnt (með flugbeittum hníf).

ASÍSKÆTTUÐ DRESSING

100 ml gott soð (vatn og kraftur)
1 msk. sojasósa
1 tsk. sesamolía
1 tsk. engifer
1 hvítlauks rif
1 poki gott te

Hitið soðið að suðu og látið kryddið standa í 10 mínútur. Hellið köldum vökvanum yfir carpaccio-réttinn stuttuáður en það er borið á borð. Framreiðið með ferskum perum, stökku brauði og fersku salati.

F

HEITREYKT GÆS MEÐ APRÍKÓSU

Fyrir 10 manns

heitreykt gæs
5 gæsabringur
pipar, nýmalaður
salt

Notið kolagrill með loki eða sérstakt reykgrill. Kveikið upp í grillinu og látið loga þar til mesti hitinn er rokinn úr kolunum. Þerrið gæsina vel og kryddið með pipar og salti. Stráið yfir kolin þremur til fjórum matskeiðum af hikkoríspónum, sem hafa verið látnir liggja í bleyti í um 30 mínútur, setjið gæsina á grindina og lokið grillinu. Látið standa í um það bil 15 mínútur. Takið gæsina af grillinu og látið kólna. Berið fram kalda eða volga.

APRÍKÓSUSULTA

250 g apríkósur saxaðar
120 g sykur
1 dl vatn
1/8 chillí saxað

Saxið apríkósurnar og setjið í pott ásamt vatni og sykri. Látið malla við hægan hita þar til apríkósurnar eru meyrar og vatnið gufað upp að mestu. Stappið þær þá eða setjið í matvinnsluvél og maukið. Setjið chillí út í. Kælt.

BRIOS-BRAUÐ

250 g hveiti
10 g ger
3 msk. mjólk (volg)
1 msk. sykur
smá salt
2 egg
175 g smjör
eggjarauður til að pensla

Sigtið hveiti í skál og gerið laut í miðjuna. Hrærið gerið úr með mjólk, sykri og salti og látið bíða í smástund en hellið síðan í lautina ásamt eggjum og linu smjöri. Hrærið vel og dragið hveiti smám saman inn í. Hnoðið saman í kúlu og látið lyfta sér í um 3 klukkustundir við um 20 gráðu hita. Hnoðið deigið þá einu sinni enn og setjið í hátt form, klæðið með pappír sem nær vel upp fyrir brúnirnar. Látið lyfta sér í 2 klukkustundir til viðbótar. Hitið ofninn í 210 gráður. Penslið með eggjarauðu og bakið í hálftíma. Lækkið hitannn í 180 gráður og bakið áfram í 10 til 15 mínútur.

Ilmurinn ÚR ELDHÚSINU

Heitreykt gæs með apríkósusultu og brios-brauði er tilvalinn forréttur um jólin. Rétturinn krefst góðs undirbúnings en er ekki flókinn í framkvæmd.

Ilmurinn af jólahlaðborði Lækjarbrekku hefur sjálfsagt lokkað marga inn á veitingastaðinn síðustu ár, þar sem mikið er lagt upp úr fyrsta flokks hráefni og góðri þjónustu.

Óhætt er að segja að borðin svigni undan kræsingum í hádeginu og á kvöldin á jólahlaðborðinu; síld, reykt og grafið lamb, heimalöguð lifrarkæfa, hunangsgljáður reyktur lax, hangikjöt, gljáðar andabringur, súkkulaðimús og sérrífrómas eru á meðal þess sem hægt er að gæða sér á og víst að enginn ætti að fara hungraður út svartnættið.

Þegar kokkar Lækjarbrekku, þau Kristófer Þórðarson og Jóna Margrét Konráðsdóttir, voru beðin um að galdra eitthvað gott úr eldhúsinu voru þau ekki lengi að hrista fram úr erminni girnilegan forrétt. Heitreykta gæs með apríkósusultu og brios-brauði, sem Jóna Margrét segir ekki mjög flókið að útbúa þótt hún krefjist góðs undirbúnings.

Hér að neðan er uppskriftin að þessum gómsæta rétti, sem gefur ágætis innsýn í hvað er í boði á jólahlaðborðinu. - rve

Heitreykt gæs með apríkósusultu og brios-brauði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Klassagjafir fyrir heimilið

Silit
Fonduesett
Verð frá: 9.700,-

Silit
Brauðbox
Verð frá: 6.900,-

Silit
Ísskeið
Verð frá: 960,-

Silit
Tannstönglabox
Verð frá: 1.170,-

Silit
Skurðabretti
Verð frá: 1.390,-

Lítið við, skoðið úrvalið, við bjóðum ykkur svo upp á ekta ítalskt Biscotti og ilmandi bolla af espresso kaffi.

Verið velkomin!

Silit
Steikarapönnur
Verð frá: 7.290,-

William Bounds
Kryddkvarnir
Verð frá: 4.400,-

William Bounds
Krydd kvarnir
Verð frá: 4.490,-

Silit
Stálpotta sett
Verð frá: 18.900,-

Silit
Stálpotta sett
Verð frá: 36.500,-

Silit
Stálskálar
Verð frá: 5.840,-

BONANZA
Steikarapanna
Verð: 6.040,-

KitchenAid
Brauðrist
Verð frá: 22.800,-

KitchenAid
Matvinnsluvélar
Verð frá: 30.500,-

KitchenAid
Hræriivélar
Verð frá: 40.455,-

SEVERIN
Safapressa
Verð: 5.990,-

SEVERIN
Kaffivélar
Verð frá: 7.900,-

SEVERIN
Vogir
Verð frá: 2.390,-

SEVERIN
Hraðsuðukatlar
Verð frá: 2.290,-

GAGGIA
Espresso kaffivélar
Verð frá: 15.900,-

SEVERIN
Vöfflujárn
Verð frá: 2.790,-

SEVERIN
Brauðristar
Verð frá: 1.890,-

www.ef.is

Öll verð miðast við staðgreiðslu

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • www.ef.is

NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR
SKRIFAR MATARHUGLEIÐINGAR

Andabringur – einfaldur veisluréttur

Aliandabringur eru góðgæti sem hefur ýmsa kosti sem spari- og hátíðamatur: Það er fljótlegt og tiltölulega auðvelt að elda þær; þær eru flottar á fati eða diski og ekkert mál að bera þær fram (enginn sem þarf að standa sveittur við að skera steikina ofan í alla); þær eru mun léttari en söltu stórsteikurnar og fylltu kalkúnarnir; og flestum þykja þær góðar – börnunum líka.

Og svo eru þær meira að segja tiltölulega ódýrar. Eða hafa verið það nú í haust, franskar andabringur hafa fengist á rúmar 2.500 krónur kílóið, sem er svipað og kjúklingabringur. Enda held ég að ekkert leitarorð hafi að undanförnu leitt jafnmarga inn á bloggið mitt og orðið „andabringur“ – það er greinilegt að margir hafa verið að leita sér að uppskrift eða leiðbeiningum og þær var einmitt þar að finna.

Um andabringur gilda önnur lögmál en um kjúkling – lítil hætta er á að þær beri í sér sýkla og auk þess eru þær alltaf keyptar frystar. Þær þurfa því ekki að vera gegnsteiktar – og eiga ekki að vera það. En auðvitað eru alltaf einhverjir sem vilja ekki rautt eða bleikt kjöt og það er sjálfsagt að koma til móts við þá. Þeir vita bara ekki hvers þeir fara á mis, kjötið verður svo miklu safaríkara og bragðmeira ef það er vel bleikt í miðju.

Eitt af því sem einkennir andabringur er þykkt fitulagið og ég er stundum spurð hvort ekki megi bara skera það af. Ekki ætla ég að banna það en kjötið verður bara svo miklu safaríkara og meyrara ef það er steikt með fitunni. Og þegar það er tilbúið er fitan svo til öll bráðnuð burt og eftir situr þessi stökka, brúna og einstaklega bragðgóða skorpa.

Fitan þarf hins vegar að geta runnið burt eftir því sem hún bráðnar og þá er komið að svo gott sem eina undirbúningnum sem nauðsynlegur er: Að skera í haminn. Sumir láta nægja að skera skurði þvert yfir fitulagið með um 1 cm millibili en algengast er að skorið sé tígulmynstur á ská í fituna, það kemur líka flottast út þegar bringan er borin fram. Skurðirnir eiga að ná alveg gegnum haminn og fituna en ekki ofan í kjötið, því þá lekur kjötsafinn út og kjötið þornar.

Það er engin þörf á að marínera andabringur en ég geri það þó oft; stundum með kryddjurtum og víni, stundum með austurlensku kryddi, stundum með hunangi og/eða balsamediki – en sé það gert þarf að hafa sérstaka gát við steikinguna svo að kjötið verði ekki of dökkt. En sé það gert getur t.d. hunangsblandaður kryddlögur gefið öndinni einstaklega fallegan, dökkgullinbrúnan lit. Svo má líka láta duga að krydda öndina, jafnvel bara með pipar og salti.

Svo er það steikingin. Það er næstum alltaf byrjað á að steikja bringurnar á fituhliðinni þar til mestöll fitan er bráðnuð og snúa þeim svo en allt hitt getur verið með ýmsu móti. Algengast er að ljúka steikingunni í ofninum – í uppskriftinni hér á eftir er hitinn hafður hár og tíminn stuttur en það væri líka hægt að steikja bringurnar við 150°C í 20-25 mínútur. Eða við 90°C í um 45 mínútur, en þá er vissara að nota kjöthitamæli.

Eins má sleppa því að nota ofninn og steikja bringurnar bara á pönnu; það getur komið sér vel þegar verið er að elda marga rétti og ofninn bara einn. Þá hef ég steikt þær við vægan hita í 15-16 mínútur á fituhliðinni og svo hækkað hitann og steikt í 2-3 mínútur á hinni hliðinni. Og þegar gasið kláraðist hjá mér í miðju matarboði í haust kom upp úr dúrnum að það er ekkert mál að steikja andabringur undir grillinu í ofninum ...

ANDABRINGUR Í GRÆNPIPAR- OG EPLASÓSU

ANDABRINGUR
3 andabringur, um 350 g hver
100 ml rauðvín
1 tsk. balsamedik
1 msk. græn piparkorn
nokkrar timjangreinar
salt

Þerraðu bringurnar með eldhúspappír og skerðu tígulmynstur í fituna með beittum hníf – skerðu með um 1 cm millibili og gættu þess að skera ekki í kjötið. Blandaðu rauðvíni, balsamediki, piparkornum og timjani, veltu bringunum upp úr blöndunni og láttu þær liggja í um hálftíma við stofuhita. Taktu þær svo upp úr og strjúktu löginn vel af þeim (geymdu hann). Hitaðu ofninn í 200°C.

Hitaðu stóra þykkbotna pönnu vel, settu bringurnar á hana með fituhliðina niður, lækkaðu hitann og steiktu í um 8 mínútur við fremur vægan hita (eða hærri hita í 5-6 mínútur ef balsamedik er ekki notað). Pannan verður ótrúlega fljótt hálffull af bráðinni andafeiti; helltu henni eða austu frá og geymdu. Snúðu svo bringunum við og brúnaðu þær í um 2 mínútur á hinni hliðinni.

Taktu bringurnar af pönnunni, settu þær í hitað, eldfast fat eða á disk og láttu bíða í um 5 mínútur. Settu þær svo í ofninn – láttu fituhliðina snúa upp – og steiktu þær áfram í um 8 mínútur, eða eftir stærð og smekk. Ef þú notar kjöthitamæli ætti kjarnahitinn að vera um 55°C og bringurnar eiga að vera mjúkar en ekki stinnar þegar fingri er stutt á þær. Taktu þær svo út og láttu þær standa í 5-10 mínútur áður en þær eru skornar niður eða bornar fram.

Ef einhverjir vilja kjötið meira steikt en aðrir eru sumar bringurnar einfaldlega settar í ofninn um leið og þær eru teknar af pönnunni og fá því lengri steikingartíma.

GRÆNPIPAR- OG EPLASÓSA
½ laukur
½ epli
1 msk. smjör
afgangurinn af kryddleginum af öndinni
100 ml peru- eða eplasafi
350 ml vatn
andakraftur eftir smekk
salt
e.t.v. skvetta af Calvados, koníaki eða Grand Marnier
sósujafnari

Saxaðu laukinn smátt og skerðu eplið í litla teninga. Bræddu smjörið í potti og láttu laukinn og eplið krauma í nokkrar mínútur við meðalhita. Helltu þá kryddleginum í pottinn og síðan eplasafanum og láttu sjóða rösklega í um 2 mínútur. Bættu þá vatni og andakrafti út í og láttu malla nokkra stund. Bragðbættu með salti ef þarf og e.t.v. skvettu af Calvados, koníaki eða líkjör. Þykktu að lokum sósuna svolítið með sósujafnara, en hún á ekki að vera þykk.

Berðu öndina fram t.d. með heimasoðnu rauðkáli, soðnum eða steiktum eplum eða perum og brúnuðum kartöflum, auk sósunnar.

húsgögn / ljós / gjafir

opið í dag kl. 13-16

nýr sófi í exó

play sófinn í mörgum stærðum og gerðum

exó

Reykjavík / Oslo

Fákafen 9
Sími: 568 2866
exo@exo.is
www.exo.is

Sniðugar vefsíður

Á www.epicurious.com er meðal annars að finna mataruppskriftir og matseðla, greinar og leiðarvísa og spjallsvæði þar sem notendur geta skipst á uppskriftum svo dæmi sé tekið. Þar er einnig hægt að hanna eigin matreiðslubók, horfa á matreiðsluþætti og fletta upp í alfræðiorðabókum um vín og mat.

Vefsíðan www.bbc.co.uk/food er uppfull af girnilegum og auðveldum uppskriftum, sem eru nú velflestar í jólalegri kantinum. Þar eru uppskriftir að jólalegum smáréttum, réttum heimsfrægra sjónvarpskokka eins og Nigellu Lawson og ýmsu sniðugu sem smáfólkið getur útbúið í eldhúsinu svo fátt eitt sé nefnt.

Uppskriftir að hvers kyns jólaréttum má finna á bandarísku vefsíðunni www.foodnetwork.com, meðal annars hollum réttum, smáréttum, fljótlegum og auðveldum réttum, svo ekki sé minnst á uppskriftir sem henta við ýmsar aðrar trúarhátíðir en jólin. Eins er hægt að panta sér áhöld sem nýtast vel í eldhúsinu.

VIÐ MÆLUM MEÐ...

...JÓL Í GLASI. Smátriði á borð við ísmola í laginu eins og jólatré kætir bæði unga sem aldna. Litlu hlutirnir, jólapottaleppar sem amma saumaði, svunta sem elsta dóttirin málaði á. Jólasveinaseglar á ísskápinn og piparkökur í glugga. Gaman að búa til, njóta og borða. Síðan er gaman að smella litlu beri í ísmolana til að skreyta enn meira.

...HÁTÍÐARKAFFI. Um jólin er nauðsynlegt að njóta þess góða. Klæða sig í falleg föt, draga fram silfurborðbúnað og leyfa sér að borða góðan mat. Sama á við um kaffið. Þá er tilvalið að kaupa góðar kaffibaunir eða láta mala fyrir sig í kaffiversluninni. Fá sér dýrindis kaffi sem setur punktinn yfir i-ið með góðum eftirrétti á aðfangadag. Til að bjóða vinum og fjölskyldu milli jóla og nýárs og með nýflóaðri mjólk í rúmið handa elskunni.

...TRALALALA. Tónlist sem kemur öllum í hátíðarskap er lífsnauðsynleg. Hvort heldur það er Pálmi Gunnars, Madonna, Chris Rea, Helga Möller eða Heims um ból í flutningi frægra tenóra, þá geta allir verið sammála um stemninguna sem kemur með jólatónlistinni. Hvað er meira kósí en að dilla sér yfir sósunni á aðfangadag á meðan krakkarnir hlaupa um spenntir? Eða yfir kaffinu eftir pakkana og í jólaboðum milli jóla og nýárs með gömlu félögunum úr menntaskóla sem koma frá útlöndum og rifja upp gömlu góðu dagana.

RAFMÖGNUÐ JÓL

OLYMPUS

Olympus MJU790SWBL
Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljónir punkta upplausn, vatnsheld að 3m dýpi, höggheld úr 1.5m hæð, 3x Optical og 5x Digital Zoom, 6.7 - 20.1mm linsa, 2,5" LCD skjár, frábær við öll birtuskilyrði, hreyfimyndataka með hljóði, USB og 14.7MB innra minni. Tekur xD kort.

VERÐ 29.990 FRÁBÆRT VERÐ — 7.1 MILLJÓN PUNKTA

7.1 MILLJÓN PUNKTA

Olympus FE210
Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljóna punkta upplausn, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure og 3 manual stillingum, hreyfimyndatöku, 3 myndstærðum, 15 Scene Modes, Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofa, USB og 9MB innra minni. Tekur xD kort. 122g.

VERÐ 14.990 FRÁBÆRT VERÐ

8 MILLJÓN PUNKTA — 2 LITIR SVÖRT OG SILFUR

Olympus FE280SIL
Digital MYNDAVÉL með 8 milljóna punkta upplausn, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure og 3 manual stillingum, hreyfimyndatöku, 3 myndstærðum, 20 Scene Modes Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofa USB 2.0 og 40MB innra minni. Tekur xD kort. 108g.

VERÐ 19.990 FRÁBÆRT VERÐ

8 MILLJÓN PUNKTA — 3 LITIR BLÁ, SVÖRT OG SILFUR

Olympus MJU820
Digital MYNDAVÉL með 8 milljóna punkta upplausn, 3x Optical og 5x Digital Zoom, 7.4 - 22.2mm linsu, 2,7" LCD skjá, Dual Image Stabilization hristivörn, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure og 3 manual stillingum, hreyfimyndatöku, 8 myndstærðum, 20 Scene Modes, Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofa, USB og 28,4MB innra. Tekur xD kort.

VERÐ 24.990 FRÁBÆRT VERÐ

12 MILLJÓN PUNKTA

Olympus FE300SV
Digital MYNDAVÉL með 12 milljóna punkta upplausn, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 7.4 - 22.2mm linsu, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure og 3 manual stillingum, hreyfimyndatöku, 4 myndstærðir, 17 Scene Modes, Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofa USB og 40MB innra minni. Tekur xD kort. 115g.

VERÐ 29.990 FRÁBÆRT VERÐ

2 LITIR SVÖRT OG SILFUR — 7.1 MILLJÓN PUNKTA

Olympus MJU830SIL
Digital MYNDAVÉL með 8 milljóna punkta upplausn, 5x Optical og 5.6x Digital Zoom, 6.4 - 32mm linsu, 2,7" LCD skjá, Dual Image Stabilization hristivörn, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure og 3 manual stillingum, hreyfimyndatöku, 8 myndstærðum, 20 Scene Modes, Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofa, USB og 47MB innra. Tekur xD kort.

VERÐ 34.990 FRÁBÆRT VERÐ

7.1 MILLJÓN PUNKTA

OLYMPUS SP550UZ
Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljónir punkta upplausn, 18x Optical Zoom og 5.6x Digital Zoom, 4,7 - 84,2mm linsu, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure og þemur Manual stillingum, hreyfimyndatöku með hljóði, níu myndstærum, 23 Scene Modes, tímarofi, 20MB innbyggðu minni og USB tenginu við tölvu. Tekur xD kort.

TILBOÐ 39.990 FULLT VERÐ kr. 48.990

10 MILLJÓN PUNKTA

Olympus E510KIT
Digital SLR MYNDAVÉL með 10 milljón punkta upplausn, hristivörn, Live View, Supersonic Wave Filter sem eyðir ryki, 14 - 42mm (35mm samb.: 28 - 84mm) linsa fylgir, 2,5" LCD skjár, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure ofl, tímarofa, USB 2.0. NTekur CompactFlash og xD kort. Skipta má um Digital linsur.

EISA AWARD Best Product 2007-2008 CONSUMER CAMERA Olympus E-510

VERÐ 79.990 FRÁBÆRT VERÐ

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspitalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

MEIRA SPENNANDI EN NOKKUR REYFARI

Viðamesta lögreglurannsókn Íslandssögunnar

Í þessari einstæðu bók segir Ragnhildur frá rannsókninni og glæpnum í tengslum við Smyglskútumálið á Fáskrúðsfirði.

Lesendur fá glögga mynd af störfum lögreglunnar og þeirra sem flytja inn eiturlyf til Íslands.

Ragnhildur Sverrisdóttir er einn færasti blaðamaður landsins og sérfræðingur í lögreglumálum.

SKUGGI
FORLAG

HNOTIÐ UM HAMINGJUNA

Eftir Daniel Gilbert, prófessor við Harvard háskóla

„Hnotið um hamingjuna er algjörlega stórkostleg bók sem mun breyta gjörsamlega sannfæringu þinni um hvernig þinn eigin hugur starfar.“

– Steven D. Levitt, höfundur Freakonomics

„Þetta er sálfræðileg leynilögreglusaga um einhvern mesta leyndardóm lífsins.“

– Malcolm Gladwell, höfundur BLINK

SYSTRAFLÆKJAN

Af hverju rífumst við?

„Yndisleg og fersk sýn á hið flókna samband systra, hlý, fyndin og mjög fróðleg ...
Allir sem vilja kynnast sambandi systra, ekki síst foreldrar, munu læra heilmikið af þessari bók.“

– Álitsgjafar amazon.com



SKUGGI
FORLAG

að tökustað fyrir Óvinafagnað. Ákváðu þeir að keyra að Langjökli til að skoða fýsilegan tökustað, voru á sumardekkjum og töldu sig geta komist áfram að jöklinum. „Við festum okkur í snjóskafli, tökum upp símana og þá erum við sambandslausir.

Nóttin nálgast og veðurspáin var mjög slæm. Við vorum í kuldagöllum og byrjuðum að labba í vitlausa átt og vorum komnir aftur að bílnum eftir klukkutíma. Reglan segir auðvitað að maður eigi ekki að fara út úr bílnum við svona aðstæður. Við skoðuðum kortið betur og reiknuðum það út að við gætum náð í Húsafell á fjórum klukkutímum. Við lögðum af stað og náðum símasambandi við lögregluna í Borgarnesi eftir að hafa gengið í kolniðamyrkri í þrjá tíma. Á göngunni læddist að manni sú hugsun hvað það yrði kaldhæðnislegur endir á lífinu að verða úti á Skúlaskeiði, eftir að hafa nýlokið við að skrifa handrit að kvikmynd um hvað það væri heimskulegt að æða til fjalla treystandi aðeins á farsímann.“

Fjölskyldan hjálpast öll að

Ævintýrið í kringum gerð Duggholufólksins hefur verið lærdómsríkt að sögn Ara. Myndin var tekin á Vestfjörðum og svo að miklu leyti í stúdíói Latabæjar. Ari, sem alla tíð hefur verið mikill filmumaður, dembdi sér í stafræna heiminn og segir að það hafi verið ótrúlega skemmtilegt og gert myndina að nokkru sem hann hafði ekki getað ímyndað sér. „Eftirvinnslan var ofsalega skemmtileg því við gátum gert hvað sem er með myndina. En á móti kom að nú þurfti maður að eyða tíma í að velja á milli einhverra þúsund möguleika í stað tveggja til þriggja áður þegar maður var að vinna úr filmunni. Svo var magnað að sjá þetta á tjaldinu í Háskólabíói – ég var búinn að lesa um að þetta ætti að virka vel en hafði ekki séð það fyrr en þá!“

Ari sagði í frumsýningarræðunni að við gerð myndarinnar hefði konan hans veðsett húsið fyrir myndina – enn einu sinni. Er þetta sá harði heimur sem kvikmyndagerðarmenn búa við? „Já, því miður.

Ég hef einu sinni keypt íbúðina á uppboði og þegar ég gerði Pappírspésa var ég tíu ár að borga skuldirnar. Ef ég hefði drepið mann hefði ég trúlega sloppið með að sitja inni í átta ár, en ég gerði barnamynd og lenti í tíu ára þrælkunarvinnu. Þetta er því miður harður raunveruleiki og oft er hann kvikmyndagerðarmönnum sjálfum að kenna.

Þeir hafa borið sig vel og ekki horfst í augu við raunveruleikann – sleppt að borga sjálfum sér laun og bjartsýnin sem fleytt hefur mörgum áfram hefur um leið samt sett mörg kvikmyndafyrirtækin á hausinn.

Það eru líka ríkjandi ranghugmyndir um barnamyndir. Þær fá minni styrki og til dæmis fékk Pappírspési helmingi minni styrk en aðrar myndir og hluta af styrknum sem lán! Kvikmyndasjóður leit svo á að barnamyndir væru gróðatæki. Slíkt er því miður fjarri lagi því að börn eru alltaf minnihlutahópur.“

Barnvæni kvikmyndagerðarmaðurinn lætur þó ekki deigan síga enda hjálpast öll fjölskyldan að. Dóttir hans Bergþóra er framkvæmdastjóri fyrirtækisins, eiginkonan og sonurinn starfa þarna líka og þannig hefur það verið frá upphafi. „Við erum bara eins og gamaldags sveitafjölskylda, nema í staðinn fyrir að fara út í fjósið og mjólka gerum við kvikmyndir.“

Fnykurinn kemur með jólafjörið

Nú styttist í Þorláksmessu og margir farnir að huga að skötuveislunni. *Jón Sigurður Eyjólfsson* þefaði uppi fólk sem þekkir leyndardóma þessa ófrýnilega fisks sem lítið ber á uns desember rennur upp og hann verður allt í einu ómissandi.

Skatan er farin að renna út í fiskbúðum landsins. „Fyrir jól fer oft af stað sá orðrómur að skatan sé af skornum skammti og þá tekur fólk við sér til að lenda nú örugglega ekki í skötuhallæri," segir Jörgen Sigurðsson, verslunarstjóri í Fiskisögu við Háaleitisbraut. „Svo eru það aðrir sem kaupa hana núna vakúmpakkaða til að senda vinum og vandamönnum í útlöndum. Þá er eins gott að pakka hana vel svo það fari ekki eins og hjá einum sem sótti pakka sem þarlendum þótti illa lyktandi því það kom gat á pakkninguna. Hann þurfti ekki að sýna kvittun fyrir pakkanum og var vel fagnað á Pósthúsinu þegar hann kom að sækja þennan ólukkans böggul."

Sumir taka skötuveisluna snemma, en Kjartan Halldórsson og Elísabet Skúladóttir verða vör við þá. „Þeir sem eyða jólunum í útlöndum vilja fá sér skötu áður en þeir fara svo þeir séu ekki með hana undir koddanum á Kanaríeyjum," segir Kjartan.

„En skatan er ekki aðeins á borðum hér í Sægreifanum í desember enda veit ég það vel að margir vilja fá skötu eða saltfisk á laugardögum. Ég man það líka frá því ég var kokkur á togara að maður átti ekki sjö dagana sæla ef það var ekki saltfiskur eða skata á þeim drottins degi," segir Kjartan.

ÞVÍLÍKUR ILMUR Jörgen Sigurðsson var ekki svikinn af skötunni sem borist hefur í búð. Lyktinni geta líka fylgt nokkur forréttindi sem geta komið sér vel í amstri dagsins.
JÓN SIGURÐUR

SKATAN TEKIN UPP ÚR KARINU Öll meðhöndlun skötunnar er listgrein hjá Ásmundi enda heitir verslunin og veitingastaðurinn Gallerí fiskur. Hann var í óðaönn að taka skötuna upp úr körum þegar blaðamann bar að garði.

SKATA OG STEINGRÍMUR Á BORÐUM Sægreifinn Kjartan Halldórsson og Elísabet Skúladóttir sitja hér yfir kræsingum. Á diskum er tindabikkja og lóðskata en einnig þjóðlegur eftirréttur sem kallaður er Steingrímur á þessum bæ.

Skata og Steingrímur með rjómarönd

Elísabet segir að nokkrir hafi tekið sig til á Þorláksmessu í fyrra og pantað borð á skötuveislunni í ár. „Það eru bæði ungir sem aldnir að kaupa skötu og borða hana hér á Þorláksmessu. Og það eru engu síður konur en karlmenn. Svo það þarf ekki endilega að vera eitthvert merki um karlmennsku að borða mikið af vel kæstri skötu."

> Ég þurfti að skjótast um daginn í Vodafone-verslun og fljótlega var mér sagt að ég þyrfti ekki að taka númer því þeir vildu glaðir afgreiða mig strax.
>
> **JÖRGEN SIGURÐSSON**
> VERSLUNARSTJÓRI Í FISKISÖGU

Á annarri hæð í Sægreifanum hefur Kjartan breytt gömlu verbúðinni í veislusal. Hann hefur þó haldið nokkrum kojum svo menn geti lagt sig eftir matinn. „Stundum leggur hann sig þarna sjálfur," segir Elísabet, „og það hefur komið fyrir að hann hafi vaknað fyrir framan fullan sal af fólki sem komið er til að borða," segir hún og brosir við. Hefð er fyrir því að bjóða upp á Steingrím með rjómarönd í eftirrétt á Sægreifanum en eins og fróðir menn vita kalla margir grjónagrautinn eftir Steingrími Hermannssyni, fyrrverandi forsætisráðherra, eftir að hann hvatti landsmenn til að metta sig með grautnum í harðæri sem þá stóð. „Hann sagði grjónagrautinn bæði saðsaman og ódýran," segir Kjartan.

Leyndardómurinn liggur í þvaginu

Fólk er einnig löngu farið að bóka sig í skötuveislu á Gallerí fiski en þar verður skata á borðum fram á kvöld. Meðhöndlun skötunnar er listgrein í hugum þeirra bræðra Ásmundar og Lúðvíks Karlssona.

„Það eru til yfir 300 tegundir af skötu og hún er útbreidd um öll heimsins höf," útskýrir Ásmundur meðan hann tínir hana upp úr körunum. „Við Íslandsstrendur eru fimmtán tegundir en algengustu matfiskarnir eru skata eða pálskata sem er sú stærsta sem hér veiðist og svo náskata og tindskata. Verkunin er kannski ekki flókin. Skatan er sett í kör og geymd í kæli en síðan ber að huga að því að tappa vökvanum af reglulega. Það sem gerist er það að þegar brjóskfiskur eins og skatan deyr breytist þvagefnið sem þeir bera í holdi sínu í ammoníak sem síðan rotver fiskinn. Það er áríðandi að ekki komist loft eða birta í skötuna á meðan verið er að kæsa hana og ef þetta er rétt gert er hún orðin góð eftir svona sex vikur. Að þessu loknu er hún yfirleitt hengd upp ósöltuð að vestfirskum sið í þrjár til fjórar vikur en sumir hafa sunnlenska háttinn á og salta hana eins og saltfisk."

Forréttindin sem fylgja fnyknum

Fleiri hefðir eru til sem bundnar eru við landshluta. Til dæmis eru Vestfirðingar og Norðlendingar vanari því að borða tindskötu eða tindabikkju meðan fólk af öðrum landshlutum sækir meira í stórskötuna. „Svo eru Vestfirðingar vanir hnoðmörnum en Norðlendingar hamsatólginni," segir Jörgen. „Hér í Fiskisögu er hnoðmörinn merktur með bókstafnum X. Einhverjir vilja meina að það sé svo að djöfullinn láti hann í friði, ég sel það nú ekki dýrar en ég keypti það," segir hann kankvís.

Hnoðmör er búinn til úr lambafitu sem sett er í strigapoka og síðan barin.

Jörgen kemst í jólaskap þegar skötuilmurinn fyllir verslunina en því fylgja svo viss óþægindi sem reyndar geta komið honum til góðs. „Ég þurfti að skjótast um daginn í Vodafone-verslun og fljótlega var mér sagt að ég þyrfti ekki að taka númer því þeir vildu glaðir afgreiða mig strax," segir verslunarstjórinn og brostir við.

Hann á von á því að selja rúmlega tonn af skötu fyrir þessi jól í fiskbúðinni við Háaleitisbraut en á Sægreifanum og í Gallerí fiski vilja menn ekkert nefna í þessu samhengi. Það verður því að vera um sinn einn af leyndardómunum um þennan ófrýnilega fisk.

Jóla

AFMÆLIS TILBOÐ

OPIÐ Í DAG 10-19 • GLÆSILEG TILBOÐ

3 DAGA AFMÆLIS TILBOÐ

TREND VÍRUSVÖRN

2.990

Trend Internet Security 2008

3 DAGA AFMÆLIS TILBOÐ

EINN SPINDILL Á MANN

25DVD DISKAR

990

Verbatim 16x DVD+R spindill

ADEINS 50 STK

4GB ZEN SPILARI

14.900

CREATIVE ZEN SPILAR KVIMYNDIR OG MP3

3 DAGA AFMÆLIS TILBOÐ

1GB MINNI

1.990

1GB OCZ DDR2 667MHz vinnsluminni

4BLS

Nýr glæsilegur 4bls bæklingur stútfullur af frábærum afmælis tilboðum

NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR

3 DAGA AFMÆLIS TILBOÐ

iP4500 PRENTARI

9.990

MEST SELDI PRENTARI Á ÍSLANDI

3ja daga afmælistilboð gilda dagana 14-16 desember eða meðan birgðir endast

OPNUNARTÍMAR

Alla daga til Jóla
10:00 - 19:00
Aðfangadag
Lokað

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

Stjörnur við sjóndeildarhringinn

Á hverju ári koma einstaklingar fram á sjónarsviðið sem eiga það sameiginlegt að vekja athygli fyrir góðan árangur í starfi og leik. Þetta eru einstaklingar sem ná að skapa sér ákveðinn sess innan þjóðfélagsins og eignast jafnvel sinn eigin aðdáendahóp. *Fréttablaðið* skoðaði hvert svið fyrir sig og leitaði að verðandi stjörnum – þeim einstaklingum sem líklegir eru til að skara fram úr á næsta ári.

LEIKLIST

JÖRUNDUR RAGNARSSON

Þessi 28 ára gamli leikari, sem útskrifaðist úr Leiklistarskólanum á síðasta ári, hefur slegið í gegn í vetur í hlutverki hins óörugga og þunglynda Daníels Sævarssonar í sjónvarpsþáttunum Næturvaktinni á Stöð 2. Þá var hann í stórum hlutverkum í kvikmyndunum Astrópía og Veðramót, og fyrir frammistöðu sína sem misþroska drengur í síðarnefndu myndinni hlaut Jörundur Edduverðlaun. Þá hefur Jörundur ekki síður verið duglegur á sviðinu og hefur meðal annars komið fram í Footloose, Lík í óskilum, Killer Joe og fleiri verkum. Ef afköst Jörundar frá útskrift verða sambærileg á næsta ári má búast við því að hann verði orðinn einn af eftirlætisleikurum þjóðarinnar áður en langt um líður.

ÍÞRÓTTIR

ERLA DÖGG HARALDSDÓTTIR

Hin nítján ára gamla Erla Dögg komst í sviðsljósið fyrir nokkrum vikum þegar hún hófst handa við að bæta fjölmörg Íslandsmet í bringu- og fjórsundi kvenna, meðal annars allt að fimmtán ára gömul met Ragnheiðar Runólfsdóttur. Erla Dögg hefur bætt sig gríðarlega mikið á síðustu mánuðunum og sér ekki fyrir endann á þeim framförum. Næsta ár er Ólympíuár og ef Erla Dögg heldur rétt á spöðunum gæti hún auðveldlega orðið ein af vonarstjörnum íslenska hópsins. Fyrst þarf Erla þó að ná lágmörkunum, en miðað við formið sem hún er í ætti það að vera formsatriði. Hún hefur öll þau persónueinkenni sem þarf til að ná langt, geysilega metnaðarfull og skynsöm stúlka sem þó passar sig að halda báðum fótum á jörðinni.

TÓNLIST

Poetrix

Rappið hefur verið á nokkru undanhaldi í íslensku tónlistarlífi en með tilkomu hins 21 árs gamla Sævars Daníels Kolandavelu, sem kemur fram undir listamannanafninu Poetrix, gera menn sér von um að sú þróun muni snúast við. Poetrix hefur þegar vakið nokkra athygli fyrir frambærilegar lagasmíðar og hnyttna og beinskeytta texta. Fyrsta sólóplata hans er væntanleg í febrúar á næsta ári og nýtur hann þar aðstoðar ekki ómerkari manna en Bubba Morthens, Einars Ágústs, Davíðs Þórs Jónssonar og fleiri þekktra tónlistarmanna, sem allir eiga það sameiginlegt að hafa gegndarlausa trú á hæfileikum Poetrix.

MYNDLIST

Ragnar Kjartansson

Þótt Ragnar sé enginn nýgræðingur á sviði listanna hefur hann líklega verið þekktastur fyrir afrek sín á tónlistarsviðinu, sem söngvari hljómsveita á borð við Trabant og Funerals. Færri vita að Ragnar er einstakur myndlistarmaður, sem í síðasta mánuði var valinn til að vera fulltrúi Íslands á Tvíæringnum í Feneyjum 2009. Hann er sonur þeirra Guðrúnar Ásmundsdóttur, leikskálds, leikkonu og leikstjóra, og Kjartans Ragnarssonar, leikstjóra og leikskálds, og er alnafni afa síns, sem var mikill frumkvöðull í íslenskri myndlist. Ragnar útskrifaðist úr myndlistardeild LHÍ árið 2001 og hefur frá þeim tíma tekið þátt í fjölda samsýninga, sett upp innsetningar og framið hina ólíklegustu gjörninga. Sagt hefur verið um Ragnar að verk hans verði til á landamærum leikhúss, tónlistar og annara listgreina og hefur hann meðal annars unnið með myndbönd, olíu, teikningar, ljósmyndir og ýmislegt fleira.

VIÐSKIPTI

Jón Sigurðsson

Sem nýráðinn forstjóri FL Group, eins af mest áberandi félögum Kauphallar Íslands, er óhjákvæmilegt að meira muni bera á Jóni Sigurðssyni í umræðunni en verið hefur til þessa. En þótt hinn 29 ára gamli Jón hafi látið tiltölulega lítið fyrir sér fara í fjármálageiranum frá því að hann steig inn í hann fyrir rúmum fimm árum hefur hann mikil ítök, til dæmis sem stjórnarmaður í Glitni, Tryggingamiðstöðinni og Hitaveitu Suðurnesja. Jón er auk þess afar vel lesinn, þykir ljóngáfaður og hefur allt að bera til að njóta mikillar velgengni í viðskiptalífinu á komandi misserum.

RITSTÖRF

Kristín Eiríksdóttir

Kristín var ef til vill ekki mest áberandi meðlimurinn í Nýhil-kreðsunni en sannarlega einn sá hæfileikaríkasti. Hún stimplaði sig rækilega inn aðeins 23 ára gömul með frumraun sinni Kjötbænum, og vakti athygli fyrir frumleika, sprengikraft og bráðþroska tilfinningu fyrir ljóðmáli. Hélt áfram að þróa stílinn í annarri bók sinni, Húðlitri auðninni, sem kom út í fyrra, og vinnur nú að sinni fyrstu skáldsögu, sem kemur væntanlega út á næsta ári. Kristín er höfundur sem ástæða er til að fylgjast með á næsta ári.

STJÓRNMÁL

Erla Ósk Ásgeirsdóttir

Þrátt fyrir að vera aðeins þrítug að aldri hefur Erla Ósk verið lengi í forystusveit ungliðahreyfingar Sjálfstæðisflokksins. Flestir eru sammála um að hún sé einn af framtíðarleiðtogum flokksins og hefur hún verið nefnd sem arftaki Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur. Erla Ósk var nýlega endurkjörin formaður Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, og í upphafi síðasta mánaðar settist hún á þing í fyrsta skipti sem varamaður Birgis Ármannssonar. Og miðað við kraftinn og áræðnina sem hún sýndi á fyrstu dögum sínum sem þingmaður, þar sem hún lagði meðal annars fram frumvarp um afnám lágmarksútsvars sveitarfélaga, verður þess væntanlega ekki langt að bíða að Erla Ósk láti að sér kveða á stóra sviðinu.

ERT ÞÚ AÐ GRÆÐA Á VERÐSTRÍÐINU?

VERÐSTRÍÐ!

JUST 4 KIDS

3.320 kr.

Mega Bloks sjóræningjafleki

UPPRUNAVERÐ: 4.980 kr.

JUST 4 KIDS

1.380 kr.

My Little Pony karfa

UPPRUNAVERÐ: 3.980 kr.

JUST 4 KIDS

2.890 kr.

Barbie Fashion Fever greiðsluhaus

UPPRUNAVERÐ: 6.390 kr.

JUST 4 KIDS

4.980 kr.

Gamaldags rugguhestur

UPPRUNAVERÐ: 12.980 kr.

JUST 4 KIDS

2.990 kr.

Disney innhús til að lita

UPPRUNAVERÐ: 8.980 kr.

VERÐ Á RÚMUM FRÁ:

9.990 kr.

Fjöldi húsgagna á frábæru verði!

JUST 4 KIDS

OPIÐ FRÁ 11-22 ALLA DAGA FRAM AÐ JÓLUM!

DESEMBER 1962 Ung kona sýnir jólahljómplötur í verslun.

Verslað fyrir hátíðarnar

Um þessar mundir iðar höfuðborgin okkar af fólki sem er í óða önn að klára jólainnkaupin. *Fréttablaðið* skoðaði nokkrar skemmtilegar svipmyndir frá verslun um jólin á fyrri tíð.

DESEMBER 1967 Jólaös í búðunum. Nokkrir áhugasamir ungir menn skoða leikföng.

DESEMBER 1970 Jólasveinn bregður á leik í bókaversluninni Eymundsson.

DESEMBER 1981 Jólasveinarnir Hurðaskellir og Stúfur gefa alþingismönnum epli og eru svo handteknir í framhaldinu. Til hægri er Albert Guðmundsson að ná sér í epli.

DESEMBER 1963 Örtröð hjá verslun Hans Petersen í Bankastræti. Við afgreiðslu eru Margrét Albertsdóttir nær og Guðbjörg Hjálmarsdóttir fjær.



Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900
WWW.SVISS.IS

Myndaðu eins og fagmaður. Borgaðu eins og leikmaður.

Taktu hágæða ljósmyndir heima í stofu, leiktu þér að ljósmyndun. Tilvalið fyrir eigendur SLR véla.

www.hanspetersen.is

HANS PETERSEN

Engu gleymt í 100 ár

STUÐ MILLI STRÍÐA Nafnleysingjar á netinu

ÞÓRUNNI ELÍSABETU BOGADÓTTUR FINNST BLOGGHEIMURINN SKRÝTINN

Blogg er sniðugt fyrirbæri. Það getur að minnsta kosti verið það. Það er þó ekki svo langt síðan bloggið var hálfpartinn neðanjarðar á netinu. Ef þú ætlaðir að skoða blogg varðstu að hafa svolítið fyrir því að finna það. En nú er af sem áður var. Bloggfærslur algjörlega ókunnugs fólks blasa við manni þegar maður ætlar sér það eitt að lesa fréttir á netinu. Sumar líta út fyrir að vera gáfulegar, svo maður kíkir stundum á þær. Aðrar líta út fyrir að vera svo innilega heimskulegar að maður kíkir stundum á þær. Ég hef eytt ómældum tíma í það að pirra mig á moggablogginu.

Sumir hafa vissulega frá einhverju merkilegu að segja. Ég dáist til dæmis að því fólki sem heldur úti síðum og talar um veikindi sín eða sinna nánustu. Annað fólk hefur einfaldlega mikla sagnagáfu og skrifar skemmtilega.

Það er gott og blessað. Það sem hins vegar fer í taugarnar á mér er athugasemdir fólks sem fer inn á síður annarra í þeim eina tilgangi að gagnrýna, dæma og vera með almenn leiðindi. Og það oft í skjóli nafnleysis. Ég þori í það minnsta að fullyrða að margt af því sem er látið flakka í skrifum á netinu, undir nafni eða nafnlaust, myndi fólk ekki þora að segja í eigin persónu.

Ég hélt þó að þetta einskorðaðist við umdeild málefni og umdeildar síður, og að botninum hefði nú þegar verið náð. Svo reyndist ekki vera, því í þessari viku fékk ung kona 461 athugasemd við bloggfærslu sína um för sína til Bandaríkjanna. Sem betur fer eru flestir að sýna stuðning sinn við konuna, og geta verið sammála því að meðferðin sem hún hlaut var ómannúðleg. En inni á milli eru athugasemdir þar sem fólk heldur því fram að hún hljóti að hafa verið drukkin eða gert eitthvað af sér, án þess að nokkur rök liggi þar að baki. Hefur fólk virkilega ekki eitthvað betra við tímann að gera?

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

netto netto netto netto netto

TILBOÐIN GILDA Í DAG
–SUNNUDAG–

1.959

MACHINTOSH 2,9 kg
aðeins 1.959 kr/ds

99

AFTER DINNER MINTS
aðeins 99 kr/stk

1.199

NÓA KONFEKT 800 gr
aðeins 1.199 kr/ks

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Vikurfréttir

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Gildir 16. desember
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

Kl. 14
Þórdís Claessen opnar sýningu sína „Guð býr í sveitinni“ á kaffihúsinu B5, í Bankastræti 5, í dag kl. 14.

menning

menning@frettabladid.is

Sendar beint um alla Evrópu

Í kvöld fer fram fjölþjóðlegur tónlistarviðburður í Langholtskirkju. Rás 1 og kvennakórinn Graduale Nobili, sem skipaður er 24 stúlkum sem valdar voru úr hópi þeirra sem sungið hafa með Gradualekór Langholtskirkju, bjóða til tónleika sem verða sendir beint út í útvarpi um alla Evrópu.

Á tónleikunum flytur kórinn, sem er undir stjórn Jóns Stefánssonar, íslensk jólalög, bæði forn og ný, og þar á meðal jólalög sem hafa í gegnum árin verið samin sérstaklega fyrir Ríkisútvarpið. Á meðal þeirra tónskálda sem eiga lög á efnisskránni eru Bára Grímsdóttir, Jón Ásgeirsson, Jórunn Viðar, Árni Harðarson, Hugi Guðmundsson og Hildigunnur Rúnarsdóttir. Hljóðfæraleikarar sem koma fram með kórnum eru þær Elísabet Waage hörpuleikari og Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari.

Sem fyrr segir verða tónleikarnir sendir út beint í útvarpi um alla Evrópu, þar á meðal á Rás 1. Tónleikarnir eru tilkomnir þar sem 16. desember er jólatónleikadagur evrópskra útvarpsstöðva. Af því tilefni verður dagurinn á Rás 1 tileinkaður jólatónleikum héðan og þaðan úr Evrópu. Útvarpað verður tónleikum frá Lissabon, Helsinki, Tallinn, Ghent, Sófíu, Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Annaberg.

Tónleikarnir hefjast kl. 20 og eru klukkutíma langir. Allir eru velkomnir og aðgangseyrir er enginn. - vþ

> Ekki missa af …

sýningunni Kvikar myndir í Listasafni ASÍ, en sýningunni lýkur í dag. Sýningin var sett upp í tilefni af níutíu ára afmæli Reykjavíkurhafnar og hefur að geyma verk sem innblásin eru af hafinu og höfninni. Listasafn ASÍ er á Freyjugötu 41.

FLENSBORGARKÓRINN Kórinn hefur æft af kappi fyrir tónleikana á morgun.

Vinakvöld Flensborgar

Kór Flensborgarskólans í Hafnarfirði heldur sitt árlega og ómissandi Vinakvöld á aðventu í Hamarssal skólans annað kvöld kl. 20 og á þriðjudagskvöld kl. 20.30. Á efnisskránni eru hátíðleg verk og vel þekkt jólalög.

Helga Margrét Friðriksdóttir er meðlimur í kórnum. Hún segir að flestir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi á tónleikunum. „Við flytjum bæði sígild verk og jólalög sem allir kannast við. Stemningin verður því hæfilega hátíðleg og hugguleg. Þessir tónleikar eru orðnir fastur liður í jólaundirbúningi Hafnfirðinga enda tilvalið tækifæri til að slaka aðeins á í jólastressinu. Sumir komast hreinlega ekki í jólaskapið fyrr en þeir eru búnir að fara á þessa árlegu tónleika.“

Góðir gestir koma fram með kórnum sem endranær. Einsöngvarar eru þau Margrét Árnadóttir og Ívar Helgason, en gaman er að geta þess að Ívar er fyrrverandi meðlimur í kórnum. Píanóleikari er Jónas Þórir, en aðrir hljóðfæraleikarar koma úr röðum kórfélaga. Stjórnandi tónleikanna og kórstjóri er Hrafnhildur Blomsterberg.

Kór Flensborgarskólans er einn af stærri menntaskólakórum landsins og hefur verið afar öflugur í tónleikahaldi og annarri starfsemi. Kórinn hefur meðal annars farið árlega til útlanda undanfarin ár til að taka þátt í kóramótum og -keppnum og hyggur á frekari landvinninga í framtíðinni. „Kórstarfið nýtur mikilla vinsælda meðal nemenda skólans og kórinn er sífellt að stækka. Þátttaka í starfi kórsins er frábært tónlistaruppeldi, sem sést kannski best á því að margir af helstu tónlistarmönnum Hafnarfjarðar hófu feril sinn með kórnum,“ segir Helga Margrét.

Miðaverð er kr. 2.000 og er forsala miða á kaffihúsum Súfistans í Hafnarfirði og í Reykjavík, í Flensborgarskólanum og hjá kórfélögum. Uppselt er á seinni tónleikana en enn eru fáanlegir miðar á þá fyrri. vigdis@frettabladid.is

Hirst gefur Tate fjögur verk

Breski listamaðurinn Damien Hirst, sem þekktastur er fyrir verk sín þar sem dýr svífa um í formalíni, afhenti Tate-listasafninu í Bretlandi nýverið fjögur verk úr eigin safni til eigu.

Fyrir þremur árum fór safnið af stað með átak til þess að byggja upp safneignina. Í þeim tilgangi var leitað til margra helstu listamanna Bretlands og annarra landa og þeir beðnir um að gefa safninu verk. Flestir sem leitað var til, þar á meðal Hirst, samþykktu að gefa verk, en fram að þessu hafði Hirst verið í fámennum hópi listamanna sem enn höfðu ekki staðið við stóru orðin. Listamenn á borð við Antony Gormley, Anthony Caro og Louise Bourgeois eru á meðal þeirra listamanna sem gáfu verk.

Hirst hefur lengi verið einn af umdeildustu listamönnum Bretlands, ef ekki Evrópu, og þarf því ekki að koma á óvart að verkin fjögur sem hann gaf Tate-safninu eru sannarlega ekki allra. Eitt þeirra sýnir kú og kálf hennar, en þau hafa verið sneidd í sundur langsum og fljóta þannig um í fjórum formalínfylltum kerjum. Þetta verk var hluti af sýningunni sem Hirst vann Turner-verðlaunin fyrir árið 1995. Annað verkanna sem Hirst gaf safninu samanstendur af sígarettum, stubbum, öskubakka og kveikjara sem komið hefur verið fyrir í glerkassa.

Þriðja verkið sem safnið fær að gjöf er heldur óvenjulegt málverk frá árinu 2002, en efniviðurinn er dauðar flugur á striga. Fjórða verkið er að sönnu

DAMIEN HIRST Umdeildur en gjafmildur breskur listamaður.

það meinlausasta af gjöfinni, en í því hefur listamaðurinn raðað skeljum á skrifborð.

Vart þarf að taka fram að safnið tók gjöfunum fagnandi, enda hefur verð á list sjaldan verið hærra og safnið því átt í vandræðum með að bæta markverðum verkum í safn sitt. Nicholas Serota, stjórnandi safnsins, sagði að gjafirnar gerðu Tate kleift að gera verkum þessa helsta samtímalistamanns Breta góð skil, en það var varla mögulegt áður. - vþ

ÞURSARNIR ÞAKKA HLÝJAR VIÐTÖKUR

Fjöldi fólks hefur tryggt sér miða nú þegar

HINN ÍSLENZKI ÞURSAFLOKKUR

& KAMMERSVEITIN CAPUT

23. febrúar í Laugardalshöllinni

Tónlistarviðburður sem þú mátt ekki missa af

TILVALIN JÓLAGJÖF

*(Et kraftigt tegn, misbrug det ikke!)

Tilurð og tónsmíðar Þursanna - námskeið ásamt tónleikamiða hjá Endurmenntun HÍ. Sjá www.enduremnntun.is.

MasterCard

20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar

FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR

Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði

CONCERT

Leiðsögn um fjársjóð

Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir listfræðingur verður með leiðsögn um sýninguna Falinn fjársjóður sem stendur nú yfir á Kjarvalsstöðum. Leiðsögnin fer fram í dag kl. 15.

Á sýningunni getur að líta einstæð verk sem Landsbankinn keypti á 120. afmælisári sínu í fyrra. Margt er þar fágætra verka, en að öðrum ólöstuðum ber þar hæst Hvítasunnumorgun Kjarvals sem notið hefur mikillar athygli, meðal annars vegna sérstæðrar sögu sem verkið geymir.

Hvítasunnumorgunn er eitt merkasta verk Kjarvals í kúbískum stíl en það kom í leitirnar í Kaupmannahöfn fyrr á þessu ári. Kjarval málaði Hvítasunnumorgun þegar hann hafði nýlokið námi við Konunglegu dönsku listaakademíuna árið 1917 og færði það vinafólki sínu að gjöf.

HVÍTASUNNUMORGUNN eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval.

Kolateikningar Kjarvals, sem fundust á háalofti gamla Stýrimannaskólans í Reykjavík sumarið 1994, eru einnig á meðal fágætra verka á sýningunni.

Sýningarstjóri er Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur. - vþ

Sagan af Gunnari bónda á Hlíðarenda

Embla Ýr Bárudóttir og Ingólfur Örn Björgvinsson halda áfram að vinna með efni úr Njálu í myndasögum sínum: Hetjan er fjórða bók þeirra, að flestu unnin í sama stíl og fyrri verkin. Ritröðin öll er merkilegt framtak og á Mál og menning lof skilið fyrir aðkomu sína að verkinu, enda hefur þeim höfundum og útgefanda verið sýndur ýmis sómi.

Hér segir í nokkuð stóru riti frá Gunnari á Hlíðarenda og er að vonum mikið efni til myndrænnar túlkunar: hestaat, bardagar, þinghald, ástarsenur og ofan í kaupið heldur flókin flétta sem verður að koma í bólur þar sem höfundar kjósa að grípa ekki í atvikslýsingar í frásögninni, sem hefði vafalítið aukið sögunni kraft. En virðum ákvörðun þeirra.

Þetta er fallegt verk: litun með afbrigðum góð, stíleinkenni hrein og ekki lagst í tilraunir sem hefði oftar mátt nýta, hluti fyrir heild eykur tempó í mikilsverðum atriðum. Sagan er ekki rofin í römmum, gengur fram með fastheldinni og nokkuð íhaldssamri skipan ramma á síðuflötinn. En þessir listamenn eru ungir og það er út af fyrir sig afrek að smíða alla atburðarásina inn í samtöl, þau hafa nógan tíma til að finna frekari leiðir til að glæða fornar sögur íslenskar lífi og lit.

Ekki er mikið að gerast í íslenskri útgáfu á teiknimyndasögum: Fjölvi heldur enn úti Tinna-útgerðinni, Þórgnýr er kominn á íslensku, Þankastrik, Syrpur og Galdrastelpur halda sínu striki. Fyrir utan

BÓKMENNTIR

Hetjan

Sögur úr Njálu
Embla Ýr Bárudóttir og Ingólfur Örn Björgvinsson

★★★

Vandað verk og þarft

sögur Hugleiks eru verk Emblu og Ingólfs það eina sem hér er að gerast. Allt annað er frekar myndlýsing en beinlínis myndræn frásögn, þar eru fínir kraftar að starfi: Jean Antoine Osocco, Halldór Baldursson, Sigrún Eldjárn, Áslaug Jónsdóttir og fleiri halda myndinni ferskri í íslenskum barnabókum, en landvinninga sjáum við ekki. Stíll á Hetjunni gæti verið harðari, það er fullmikill pempíuskapur á okkar tímum að hvergi sjáist í geirvörtu á Hallgerði fyrst Gunnar fær að fara úr að ofan. Landið er mildilega túlkað, veður oftast heið og persónusköpun í andlitum ekki ýkt nema á stöku gamalmenni. Stundum skortir á mun milli svips og andlitsfalls manna sem er nauðsynlegur þáttur í svo stóru persónugalleríi sem Gunnars þáttur býr yfir. Málfar í bólum er eðlilegt: sögnin að grilla fær þegnrétt í Njálu og hefði eins mátt nota steikja. Þær aðfinnslur eru tittlingaskítur.

Þetta er gott verk og þarft og stendur vel fyrir sínu – ef til vill vísar það ungum lesendum á bókina góðu sem er upphaf sögunnar.

Páll Baldvin Baldvinsson

Langt, fölt strá brothætt

„Einstaka sögur skynja og túlka á hverjum tíma hjartslátt tímans," (13) segir í nýútkominni bók Hjálmars Sveinssonar um Elías Mar skáld: Nýr penni í nýju lýðveldi.

Það er megintesa Hjálmars að Elías hafi skráð skamma stund í lífi borgarbarna uppúr stríðinu á fyrstu dögum lýðveldisins og af ýmsum ástæðum sem Hjálmar rekur hafi rödd hans þagnað, en eftir standa verkin fjögur, Eftir örstuttan leik, Man ég þig löngum, Vögguvísa og Sóleyjarsaga sem vörður í sögunni, en utan alfaraleiða, gleymd en mikilvæg verk. Stúdía Hjálmars, hann kallar verkið fléttubók – hugtak sem komið er úr útvarpsþáttagerð – er beint áframhald á fyrri verkum hans og Geirs Svanssonar um Rósku, Megas og Dag, uppreisnarfólkið í íslenskri list. Þær bækur eru mikilvæg og glæsileg lykilverk um endurskoðun á íslenskri menningarsögu á sjötta og sjöunda áratugnum. Verk Hjálmars um Elías er brýnt, og sömu gerðar.

Nú er engum blöðum um það að fletta að Elías Mar var mikilvægur höfundur: fáum kunnur eftir 1960, kafnaði eða lenti undir fargi módernismans að hluta og áköfum áróðri fyrir einveldi Halldórs Laxness í íslenskri menningarpólitík. Hann var ekki síður utangarðs í samviskulítilli menningarpólitík Viðreisnar sem byggðist að hluta til á upphafningu einstakra listamanna eins og útskúfun annarra, bæði vegna fagurfræðilegra sjónarmiða og pólitískrar afstöðu: „... það voru alls fimmtán vinstri sinnaðir höfundar sem féllu í ónáð um 1960," segir Elías (145). Skipulagðar atvinnuofsóknir gegn vinstri sinnuðum þjóðræknismönnum – „kommum" – á viðreisnarárunum eru einn stærsti glæpur Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks á síðustu öld.

En líka má til þess líta að sú unglingamenning sem hér spratt upp í velferð stríðsáranna og innspýtingi af afþreyingu, kvikmyndum, tónlist og tískuvörum, og náði strax til allra stétta, tók ekki að birtast á meginlandinu fyrr en eftir stríðið. Hér voru ýmis merki um unglingamenninguna, en það fólk óx úr grasi, varð fullorðið fljótt, byggði úthverfin, hlíðar, haga og heima – Kópavoginn. Og upplifði harða efnahagslega kosti hafta, skömmtunar og Kanaþjónkunar sem allt var að kæfa: líka

BÓKMENNTIR

Nýr penni í nýju lýðveldi - Elías Mar

Hjálmar Sveinsson

★★★★

Merkilegt rit um mikilvægan mann

unglingamenningu. Þegar skömmtunin var laus við fár stríðsóreiðunnar og komst í fasta spennu kaldastríðsóttans fraus allt. Það gilti allt fram á sjöunda áratuginn og losnar ekki um fyrr en um hann miðjan.

Var nokkur von til þess að Elías, sem hafði verið innan um krakka fyrstu árin eftir stríðið, skilið þá og lýst, gæti lifað af langan vetur frá ´49 til ´58, nema eins og hann lýsir raunar manna best í Sóleyjarsögu, og síðan endurnýjast og komið fram aftur og í beinu sambandi 1963? Það var vonlaust, rétt eins og hjá Colin McInnes sem átti bara sinn stutta tíma en ekki meir með Lundúna-þríleiknum 58 til 60.

En hvers vegna var Elías þá þagaður í hel í þessi fimmtíu ár? Það er reyndar hefð í íslensku menningarlífi að þegja menn, þagga þá gersamlega. Og þeir þurfa ekki að vera einhleypir, bisexual, einstakir heiðursmenn til þess. Margir félagar og samferðamenn Elíasar vissu mætavel hver vikt hans var en töldu hann aldrei með. Það hefði þó staðið mörgum nærri: til dæmis skjólstæðingi hans Guðbergi, nú eða Degi, að minna menn á Elías. Eða þá allt liðið sem þáði af honum prófarkalesturinn.

Víst má telja það ógæfu hans og líkast til fleiri, Jónasar Svafár,

BÓKMENNTIR Elías Mar fær loks skilgreindan stall í íslenskri menningarsögu. Myndin er tekin á 80 ára afmæli hans 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Steinars, Ástu, jafnvel Dags, að útgefendur voru fáir, bókmenntamarkaður vanþróaður, útvarpið íhaldssamt, dagblöðin flokkspésar: Mogginn svona stór eins og hann líka var. Og nýjar kynslóðir vildu allra síst tengja sig einhverju „gömlu". Það er skelfilegt til þess að hugsa að stóra bókin með báðum helmingum Sóleyjarsögu hafi legið í haugum í Bókfelli meðan seinna bindið í kiljuútgáfu var gefið á bókamörkuðum fram yfir 1980 og það fyrra hvergi finnanlegt. Ef rit eldri höfunda eru ekki aðgengileg í útgáfum erum við glötuð. Íslensk kiljuútgáfa verður að ná þeim þroska að verk eldri höfunda verði á öllum tímum fáanleg – eða svo við tölum umbúðalaust: útgefendur verða að ná þeim þroska.

Greining/lýsing Hjálmars er inngangsverk, fallega frágengin bók af Harra, upplýsandi, með korti af sögusvæðinu merktu punktum án númera svo það er gagnslaust, nokkrum endurteknigum sem annar ritstjóri hefði mátt hreinsa út og fjölda mynda sem eru ekki merktar með fullnægjandi hætti. Bókin er svo illa prófarkalesin að hluta að Elías hefur snúið sér í gröfinni. Og hún er brýning þeim sem vissu um mikilvægi Elíasar Mar að stækka nú hans hlut: nú er að koma öllum bókum hans á prent á ný, bæði áður útgefnum og eins þeim sem bíða frumútgáfu.

Páll Baldvin Baldvinsson

Sögu af stelpu lýkur

Á síðasta ári kom út hjá útgáfufélaginu Uppheimar bókin Galdrastelpan. Þeirri bók lýkur í miðri sögu af stúlkunni Mary, sem neyðist til þess fjórtán ára gömul að flýja frá Englandi eftir að hafa séð ömmu sína brennda á báli fyrir galdra. Mary flýr til Ameríku þar sem hún kemur sér fyrir í nýlendu ofsatrúarmanna. Galdrastelpunni lýkur á örlagaríku augnabliki í lífi Mary. Seiðkonan sem nú kemur út frá sama útgáfufyrirtæki tekur upp þráðinn þar sem Galdrastelpunni sleppti.

Seiðkonan er tólfta bók breska unglingabókahöfundarins Celiu Rees og kom út í Bretlandi 2002. Á íslensku hafa áður komið út tvær bækur eftir hana, áður nefnd Galdrastelpan og Sannleikann eða lífið sem kom út hjá Íslendingasagnaútgáfunni 2001. Kristín R. Thorlacius þýddi bækurnar á íslensku. Höfundurinn hefur reynslu af bókmenntakennslu fyrir unglinga sem hann nýtir sér við að vinna efni sem höfðar til ungs fólks.

Seiðkonan er seinni hluti sögunnar um Galdrastelpuna. Sagan er sögð frá sjónarhorni Mary, en er saga í sögunni sem skráð er af mannfræðingnum Alison Ellman. Það ljær sögunni trúverðugan ramma að láta líta út fyrir að hún sé skráð af vísindamanni en ekki skáldskapur unglingabókahöfundar. Þegar fyrri bókinni sleppir er Alison uppiskroppa með heimildir. Seinni bókin hefst á því að aðalsöguhetja ytri sögunnar í þetta skiptið lýkur við að lesa Galdrastelpuna. Það er stúlka af frumbyggjaættum í Ameríku á okkar tímum. Hún kannast við ýmislegt sem talað er um í Galdrastelpunni úr þeim sögum sem henni voru sagðar í bernsku. Hún sér sig því knúna til þess að hafa samband við Alison Ellman og ræða við hana um Mary. Það verður að teljast snjöll leið hjá höfundi að lokka lesendur inn í sagnfræðilegan lestur með þessari tvöfeldni innan sögunnar.

Útgefandi hefur kosið að hafa bækurnar tvær með sömu forsíðumynd, andlitsmynd af stúlku sem líklega er Mary, en sína í hvorum litatóni, vafalaust til þess að undirstrika að um sömu sögu er að ræða. Í bresku útgáfunni er forsíðumynd seinni bókarinnar í anda þeirrar fyrri en á myndinni er önnur stúlka en Mary. Sú stúlka er greinilega af uppruna frumbyggja í Ameríku. Í fyrstu köflum bókarinnar er þó nokkuð vísað til þessara mynda, svo það er sérstakt að útgáfan hér skuli velja aðra forsíðumynd en notuð var ytra.

BÓKMENNTIR

Seiðkonan

Celia Rees

Þýðandi: Kristín R. Thorlacius

★★★★

Spennandi saga sem vekur lesandann til umhugsunar um framandi menningarsvæði.

Sagan öll er ákaflega dulmögnuð, þar koma m.a. fyrir galdrar, andaflutningar og jurtalækningar og allt byggir það á sögu þjóða sem byggðu saman land fyrir nokkur hundruð árum síðan. Bókin vekur lesandann til umhugsunar um mannkynssögu og þær breytingar sem orðið hafa á aðstæðum fólks á síðustu öldum.

Seiðkonan er æsispennandi saga sem erfitt er að átta sig á hvort er sönn eða ekki. Hún segir frá afdrifum ungrar konu í fortíðinni en um leið tengslum hennar við nútíðina. Sagan birtist íslenskum lesendum í lipurri þýðingu Kristínar, orðanotkun er í anda þess tíma og dulúðar sem umlykur söguna alla. Lesendur Galdrastelpunnar verða ekki sviknir af þessu framhaldi.

Hildur Heimisdóttir

MAX tónlist

Páll Óskar

flytur tónlist af nýja disknum og áritar í Holtagörðum milli kl. 2-6 í dag!

OPIÐ TIL KL. 22:00 í kvöld og alla daga til jóla!

Opnunartími

Mánudaga	kl. 11-22	Fimmtudaga	kl. 11-22
Þriðjudaga	kl. 11-22	Föstudaga	kl. 11-22
Miðvikudaga	kl. 11-22	Laugardaga	kl. 11-22
		Sunnudaga	kl. 12-22

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

> Í FÖTUM AL CAPONE

Þegar Robert De Niro lék glæpaforingjann Al Capone í kvikmyndinni The Untouchables leitaði hann uppi klæðskerana sem unnu fyrir hinn raunverulega Capone snemma á 20. öld og lét þá sníða nákvæmlega eins föt á sig fyrir myndina.

fólk

folk@frettabladid.is

Mínípils Katie æsa Tom Cruise upp

Katie Holmes klæðir sig upp til að gleðja eiginmann sinn, leikarann og vísindakirkjumanninn Tom Cruise. Hún segir að það kveiki sérstaklega í honum þegar hún fer í jakkaföt eða mínípils. „Ég er hrifin af því að hann sé hrifinn af því. Þá roðna ég!“ segir leikkonan.

Í viðtali við InStyle sagðist hún hins vegar hrífast af framtakssemi eiginmanns síns. „Hann veit hvað hann er að gera. Þegar hann ákveður að gera eitthvað gerir hann það. Það er frábært. Það er æsandi,“ segir Katie.

Hún hefur nú einnig tjáð sig um fæðingu dóttur sinnar, Suri, sem er eins og hálfs árs gömul. Sögusagnir um að fæðingin hafi verið í anda Vísindakirkjunnar, og því farið fram í algjörri þögn, hafa gengið fjöllum hærra. Katie stendur hins vegar fast á því að eiginmaður hennar hafi gert allt sem í hans valdi stóð til að láta henni líða vel. „Ég hefði ekki getað beðið um meiri stuðning frá einni manneskju. Hann var búinn að undirbúa herbergið með kertum úti um allt og myndum í römmum. Það var mjög heimilislegt og fallegt,“ segir Katie.

KLÆÐIR SIG FYRIR CRUISE Katie Holmes segist klæðast jakkafötum eða mínípilsum til að kveikja í eiginmanni sínum, Tom Cruise. NORDICPHOTOS/GETTY

Auglýsingasími 512 50 50 – Mest lesið

Lopez með tvíbura

Söngkonan Jennifer Lopez hefur lítið viljað tjá sig um þungun sína sem hún staðfesti 7. nóvember, löngu eftir að farið var að sjást á henni. Nú harðneitar hún að gefa upp kyn barnsins en nýleg verslunarferð hennar gefur til kynna að hún eigi von á tvíburum af sitt hvoru kyni með eiginmanni sínum, söngvaranum Marc Anthony.

Lopez keypti tvo samstæða barnagalla, annan í bláu og hinn í bleiku, sem hún lét svo áletra á orðin prins og prinsessa. Hjónin skráðu sig einnig á gjafalista hjá versluninni Petit Tresor í Los Angeles og eru flestir munir á óskalistanum í tvöföldu. Þar má meðal annars finna tvo bangsa, með bleika slaufu annars vegar og bláa hins vegar, tvær bastkörfur, tvær skokk-kerrur og tvo tvíburavagna, hvorn í sínum litnum.

Sama verslun var einnig ráðin til að hanna barnaherbergi í öll þrjú hús stjörnuparsins og er þar ekkert til sparað. Hvert herbergi mun kosta um 2,5 milljónir króna, vöggurnar skreyttar gulli og frönsku útsaumuðu rúmfötin auðvitað í bleiku og bláu.

Jennifer Lopez er 38 ára og telja gárungarnir hana hafa orðið barnshafandi í kjölfar tæknifrjóvgunar, sem eykur líkur á tvíburagetnaði. Söngkonan hefur ekki viljað gefa upp settan fæðingardag en talið er að hún eigi von á sér í febrúar.

JENNIFER LOPEZ OG MARC ANTHONY Eiga von á stelpu og strák ef marka má nýlega verslunarferð þeirra.

INGVI HRAFN SÝNIR PUTTANN Jólakveðja Ingva Hrafns til fjárlaganefndar fyrir að blessa sjálftöku fjár yfirstjórnar RÚV. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

RÚV-hrokinn erfiður sjúkdómur

Ingvi Hrafn Jónsson sjónvarpsstjóri segir afskriftir skulda RÚV andstyggilegan gerning. Segist sjálfur hafa þjáðst af RÚV-hrokanum, sem hann kallar svo meðan Páll Magnússon sjónvarpsstjóri segir Ingva Hrafni skjöplast þegar kemur að rökhugsuninni.

„Enginn er látinn sæta ábyrgð fyrir þetta sukk. Reginhneyksli. Það er mín persónulega skoðun. RÚV-hrokinn er erfiður sjúkdómur,“ segir Ingvi Hrafn Jónsson sjónvarpsstjóri á ÍNN, meistari ljósvakans, og sparar sig hvergi venju fremur.

Ingvi er mættur til landsins frá Flórída og það beinlínis hvín í tálknum hans í þættinum Á Hrafnaþingi. Já, og reyndar hvar sem hann fer. Því nú ofbýður Ingva Hrafni. Í útsendingu á mánudag henti hann frá sér í gólfið útprentaðri frétt Vísis þess efnis að á fjárlögum væri gert ráð fyrir því að afskrifa 800 milljónir af skuldum RÚV ohf. Með viðbjóði. Ingvi Hrafn telur þetta makalausan gerning.

„Ég er að reka hér litla sæta sjónvarpsstöð og ströggla við að halda því dæmi gangandi. Svo les maður það að Sjálfstæðisflokkurinn, flokkur einkaframtaksins, heldur áfram að moka almannafé í þessa hít. Fyrirtæki sem hefur undanfarin fimm ár tapað milljón á dag. Menntamálaráðherra er búinn að gera ýmsar dellur en svo eru þær krórónaðar í fjárlögum með að henda óheyrilegum fjármunum í þetta opinbera ríkisfyrirtæki,“ segir Ingvi Hrafn. Og hann getur trútt um talað. Því hann var fyrir tuttugu árum starfandi sem fréttastjóri á Ríkissjónvarpinu og veit um hvað hann talar. Sjálfur segist Ingvi Hrafn hafa verið haldinn RÚV-hroka og góður með sig í skjóli ríkisins.

„En þetta finnst mér „disgusting“. Að sjá þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingar henda þessum síðustu óráðsíupeningum í RÚV. Blessa sjálftöku fjár í hlutafélag undir stjórn Páls Magnússonar. Mér finnst þetta andstyggilegt. Svo gerir RÚV allt til að klekkja á keppinautum sínum með undirboðum á auglýsingamarkaði og hafa í hótunum við fólk ef það mætir á aðra miðla í viðtöl.“

Ingvi Hrafn er flokksbundinn sjálfstæðismaður og það er honum óljúft að játa að þessi gerningur lýsi hentistefnu sem flokkur hans praktiserar.

„Jájá, það má kannski kalla þetta aumingjaskap. Þetta er þvert á allt það sem við frjálshyggjumenn viljum. Maður hefði haldið að Sjálfstæðisflokkurinn vildi losa um þessi heljartök ríksins en mér býður í grun að ótti flokksins við aðaleigendur 365 ráði þarna mestu um.“

Páll Magnússon útvarpsstjóri segir, varðandi afskriftir á skuldum RÚV, það alltaf hafa legið við formbreytingu stofnunarinnar í vor að eiginfjárhlutfall hins nýja félags yrði 15 prósent.

„Ekkert nýtt í því og eitthvað skjöplast Ingva Hrafni nú þegar kemur að rökhugsuninni eins og fyrri daginn. Því til þess er einmitt leikurinn gerður að komast fyrir þennan taprekstur. Alltaf hefur legið fyrir að Ríkisútvarpið hefur verið rekið með tapi undanfarin tíu ár eða svo. Á bilinu 150 uppundir 400 milljónir á ári. Hvar á þeim kvarða hefur ráðist mjög af gengisþróun á hverjum tíma.“

jakob@frettabladid.is

BT

JÓLIN ERU AÐ KOMA



100Hz Motion Picture Pro
Tæknin skilar mun betri myndgæðum þegar mikil hreyfing er á myndinni.

*FRÍTT ADSL OG 60 SJÓNVARPSSTÖÐVAR AÐ VERÐMÆTI 23.000,-
*Tilboðið gildir eingöngu fyrir nýja viðskiptavini í Sjónvarpi Símans.

Panasonic

TX-32LX70F
PANASONIC 32" LCD 100HZ LX70
Myndstýring: V Real 2 Engine
Upplausn: 1366x768 HD ready
Contrast Automatic tracking system
100Hz Motion Picture Pro
IPS Alpha panel
Intelligent Scene Controler
3D Color management
Sub Pixel Control
Video noise reduction
Borðstandur fylgir
3D Comb filter
Progressive Scan
Q-link og VIERA link
Contrast: 1:1200
Birta cd/m2: 550
Svartími: 8ms
HDMI tengi: 2

129.999

1. GREIÐSLA 1. apríl 2008

BT LÁN
Verð frá: **4.750** 59 mánaða

89.999
99.999

*FRÍTT ADSL OG 60 SJÓNVARPSSTÖÐVAR AÐ VERÐMÆTI 23.000,-
*Tilboðið gildir eingöngu fyrir nýja viðskiptavini í Sjónvarpi Símans.

Panasonic

Ein fjarstýring!
Ef þú kaupir Panasonic sjónvarp færðu 10.000 kr inneign á Panasonic heimabíó!

Panasonic

TX-32LE7F
PANASONIC 32" LCD LE7
Myndstýring: VIERA
Upplausn: 1366x768 HD ready
Contrast Automatic tracking system
Video noise reduction
Borðstandur fylgir
3D Comb filter
Progressive Scan
Q-link og VIERA link
Contrast: 1:1200
Birta cd/m2: 550
Svartími: 8ms
HDMI tengi: 1

1. GREIÐSLA 1. apríl 2008

BT LÁN
Verð frá: **2.897** 59 mánaða

ASTRÓPÍA
FJÖLSKYLDUSPIL

JÓLASPILIÐ 2007

4.999

Setjið ykkur í stellingar!!

BÍÓBROT
FJÖLSKYLDUSKEMMTUN

Bíóbrot er komið í BT

4.999

Bíóbrot, hreint út sagt frábært fjölskylduspil þar sem gullmolar kvikmyndanna ráða ríkjum ... svarið spurningum, keppið við tímann og leiðið ykkar lið til sigurs...

ALLAR VERSLANIR BT OPNAR TIL 22:00 ALLA DAGA TIL JÓLA

Selst eins og heitar lummur

Þreföld safnplata Vilhjálms Vilhjálmssonar hefur selst eins og heitar lummur síðan hún kom út fyrir nokkrum vikum. Fyrsta upplag seldist fljótt upp og fór annað upplagið í búðir fyrir skömmu. Þriðja upplagið, sem nemur þrjú þúsund eintökum, er síðan væntanlegt um miðja næstu viku.

Eiður Arnarsson, útgáfustjóri Skífunnar, telur að platan eigi eftir að seljast í níu til tíu þúsund eintökum fyrir jólin. „Eftirspurnin er miklu meiri en framboðið," segir Eiður. „Við gáfum árið 1999 út tvöfalda safnplötu með honum sem hét Dans gleðinnar og við erum búin að selja í kringum fjórtán þúsund eintök af henni."

VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON Ný safnplata með bestu lögum Vilhjálms selst eins og heitar lummur.

Hann segir að alltaf sé markaður fyrir plötum þar sem kastljósinu sé beint aftur að hetjum eins og Vilhjálmi. „Það er ekkert óeðlilegt að gera svona safnplötur á nokkurra ára fresti og hann er eiginlega allra. Það eru ekki svo margir flytjendur sem maður getur sagt það um."

Á safnplötunni eru bestu lög Vilhjálms á borð við Söknuður, Bíddu pabbi og Lítill drengur, sem teljast öll til sígildra íslenskra dægurlaga. - fb

Heilsubælið gefið út á DVD

Stefnt er að því að gefa sjónvarpsþættina Heilsubælið út á DVD. Þá er verið að skoða möguleika á því að gefa allar myndir Friðriks Þórs Friðrikssonar út á DVD.

SPENNANDI VERKEFNI Fyrstu kvikmyndir Friðriks hafa verið ófáanlegar um árabil en nú stefnir í að breyting verði þar á.

Friðrik Þór kannaðist vel við málið þegar Fréttablaðið hafði samband við hann og sagði þetta eiga að skýrast eftir helgi. Málið væri á viðræðustigi en reikna mætti með að myndirnar yrðu gefnar út í sérstakri viðhafnarútgáfu. Ekki er óalgengt að kvikmyndaleikstjórar úti í heimi fái sínar bestu myndir gefnar út í sérstökum boxum og nægir þar að nefna Coen-bræðurna og Tarantino-safnið sem hafa verið til sölu hér á landi. Jón Gunnar Geirdal, markaðsstjóri Senu, sagðist vera ákaflega spenntur yfir þessu og bætti því við að leitast yrði við að gera þetta eins glæsilegast úr garði og mögulegt væri. „Myndirnar hans Friðriks eru alveg jafn stór hluti af íslenskri menningarsögu og bækur Laxness," segir Jón.

Friðrik Þór á að baki glæstan feril á bak við kvikmyndatökuvélina. Hann hlaut Óskarstilnefningu fyrir kvikmynd sína Börn náttúrunnar sem væntanlega verður hluti af þessari endurútgáfu. Auk þess er gert ráð fyrir að Rokk í Reykjavík verði með en heimildarmyndin, sem er frá árinu 1982, þykir mikið menningarverðmæti enda má þar meðal annars sjá Björk og Bubba Morthens stíga sín fyrstu skref á tónlistarsviðinu. Ekki er hins vegar vitað hvort fyrsta leikna kvikmynd Friðriks, Skytturnar, og heimildarmyndin Kúrekar norðursins fái að fljóta með en ljóst er að af nógu er að taka.

DR. SAXI OG FÉLAGAR Þessi fræga persóna Ladda kom fyrir í gamanþáttunum Heilsubælið og er hér ásamt aðstoðarmönnum sínum, þeim Eddu Björgvins og Pálma Gestssyni. Unnið er að því að gefa þá út á DVD á næstunni.

Endurútgáfa á kvikmyndum er þó ekki það eina sem til stendur. Í ljósi mikillar eftirspurnar eftir gömlu íslensku sjónvarpsefni á borð við Fóstbræður er Sena nú í viðræðum við Gísla Rúnar Jónsson um að gefa út gamanþáttaröðina Heilsubælið sem sýnd var á Stöð 2 á upphafsárum sjónvarpsstöðvarinnar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru þær viðræður á frumstigi en bjartsýnustu menn vona að þetta verði að veruleika fyrr en seinna enda nutu þættirnir gríðarlegra vinsælda. Auk þess er verið að skoða endurútgáfu af Strumpunum sem Laddi talaði inn á og teiknimyndirnar Einu sinni var sem héldu börnum fyrir framan sjónvarpið með fræðslu sinni um mannkynssöguna. Þessar endurútgáfur eru þó enn á algjöru frumstigi.

freyrgigja@frettabladid.is

SAMbíóin www.SAMbio.is 575 8900 midi.is

VINCE VAUGHN PAUL GIAMATTI
GRÍNLEIKARINN VINCE VAUGHN
FRED CLAUS
Jólagamanmynd sem kemur öllri fjölskyldunni í sannkallað jólaskap.
ÚR BÝFLUGNABÚNU Í BULLANDI VANDRÆÐI
BEE MOVIE
Beowulf 3D
ALVIN OG ÍKORNARNIR

ÁLFABAKKA		
FRED CLAUSE	kl. 2 - 5:30 - 8 - 10:30	L
ALVIN OG ÍKORN...	kl. 2 - 4 - 6	L
BÝFLUGUMYNDIN	kl. 2 0 - 40 - 60	L
BEE MOVIE	kl. 1:40 - 8 - 10:10	L
DUGGHOLUFÓLKID	kl. 2 - 4 - 6	L
BEOWULF	kl. 8 - 10:30	12
BEOWULF	kl. 2 - 5:30 - 8	VIP
SIDNEY WHITE	kl. 1:40 - 5:50 - 8 - 10:10	L
AMERICAN GANGSTER	kl. 8	16
AMERICAN GANGSTER	kl. 10:30	VIP

KRINGLUNNI		
FRED CLAUSE	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
BÝFLUG...	kl. 2 0 - 3:30	L
BEE MOVIE	kl. 2 - 4 - 6 - 8	L
BEOWULF	8:10 - 8:20 - 10:45	12
AMERICAN GANGSTER	kl. 10	16
ÍÞRÓTA...	kl. 1:05	L

SELFOSSI		
FRED CLAUSE	kl. 2 - 5:30 - 8 - 10:30	L
BÝFLU...	kl. 2 - 4 - 6	L
HITMAN	kl. 8 - 10:10	16

KEFLAVÍK		
FRED CLAUS	kl. 2 - 5 - 8 - 10:20	L
BEE MOVIE	kl. 2 - 4 - 6	L
DAN IN REAL LIFE	kl. 8 - 10	L

AKUREYRI		
FRED CLAUS	kl. 2 - 5 - 8 - 10:20	L
BEE MOVIE	kl. 2 - 4	L
BEE MOVIE	kl. 6	L
SIDNEY WHITE	kl. 8	L
BEOWULF	kl. 10	12

SPARBÍÓ 450 kr.

Nýtt í bíó
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus
RUN FATBOY RUN
ALVIN OG ÍKORNARNIR
HITMAN
SAW IV
BEE MOVIE
450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR		
RUN FATBOY RUN	kl. 2, 6, 8 og 10	L
ALVIN OG ÍKORNARNIR - ÍSL TAL	kl. 2, 4 og 6	L
SAW IV	kl. 8 og 10	16
BEE MOVIE - ÍSL TAL	kl. 2, 4 og 6	L
HITMAN	kl. 8 og 10	16

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM!

NÝTT Í BÍÓ!
Nú verður allt vitlaust! Stórskemmtileg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna
ÁST. SKULDBINDING. ÁBYRGÐ. HANN HLEYPUR FRÁ ÖLLU!
ALVIN OG ÍKORNARNIR LÚXUS
RUN FATBOY RUN HLAUPTU FITUBOLLA, HLAUPTU
★★★★ ÞETTA ER FRUMLEG, ÚTHUGSUÐ, VÖNDUÐ OG SPENNANDI BARNA- OG FJÖLSKYLDUMYND, BESTA ÍSLENSKA MYNDIN AF SÍNU TAGI. - Ó.H.T., RÁS 2
★★★ "DUGGHOLUFÓLKIÐ BÆTIR ÚR BRÝNNI ÞÖRF FYRIR BARNAEFNI." -S.V., MBL
★★★★ ...EIN BESTA FJÖLSKYLDUAFÞREYINGIN SEM Í BODÍER Á AÐVENTUNNI". – B.S., FBL
DUGGHOLUFÓLKIÐ
FRÁ MEIR SÖMU OG FÆRÐU OKKUR SHREK OG MADAGASCAR
BEE MOVIE
★★★ VJV, TOPP5.IS HITMAN
★★★★ HS, TOPP5.IS ACROSS THE UNIVERSE
★★★ - Ó.H.T., RÁS 2 SAW IV
BALLS OF FURY

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000			REGNBOGINN SÍMI 551 9000		
ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 2 - 4 - 6 - 8 ÍSL. TAL		RUN FATBOY RUN	kl. 3 - 5.50 - 8 - 10.10	
ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 ENSKT TAL		SAW 4	kl. 8 - 10.10	16
ALVIN & ÍKORNARNIR LÚXUS	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 ENSKT TAL		BUTTERFLY ON A WHEEL	kl. 3 - 5.45 - 8 - 10.15	14
BEE MOVIE ÍSL. TAL	kl. 2 - 4 - 6		DAN IN REAL LIFE	kl. 3 - 5.45	
DUGGHOLUFÓLKIÐ	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10	7	LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNAR	kl. 3 - 6 - 9	14
HITMAN	kl. 8 - 10.10	16			
DAN IN REAL LIFE	kl. 10				

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919			ÁLFABAKKA SÍMI 462 3500		
ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 4 - 6 - 8 ÍSL. TAL		ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 2 - 4 - 6 ÍSL. TAL	
DUGGHOLUFÓLKIÐ	kl. 4 - 6 - 8 - 10	7	DUGGHOLUFÓLKIÐ	kl. 2 - 4 - 6	7
BUTTERFLY ON A WHEEL	kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	14	RUN FATBOY RUN	kl. 8 - 10	16
ACROSS THE UNIVERSE	kl. 8 - 10.40	12	SAW 4	kl. 8 - 10	16
RENDITION	kl. 10	16			
VEÐRAMÓT SÍÐUSTU SÝN.	kl. 5.40	14			
BALLS OF FURY SÍÐUSTU SÝN.	kl. 4				

5%

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

450 kr. HÁSKÓLABÍÓ REGNBOGINN 450 kr.
BUTTERFLY ON A WHEEL 450 | RUN FATBOY RUN 450 | ALVIN OG ÍKORNARNIR 450 | LA VIE EN ROSE 450 | DAN IN REAL LIFE 450 | BALLS OF FURY 450
kl. 3.30 í Háskólabíó kl. 3 í Regnboga | kl. 3 í Regnboganum | kl. 4 í Háskólabíó | kl. 3 í Regnboganum | kl. 3 í Regnboganum | kl. 4 í Háskólabíó

SparBíó 450kr Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag
SAMbíóin REYKJAVÍK · AKUREYRI · KEFLAVÍK · SELFOSS
FRED CLAUS- kl. 3 í Álfabakka og á Selfossi, kl. 2 í Keflavík og á Akureyri
BÝFLUGUMYNDIN M/ ÍSLENSKU TALI kl. 2 í Álfabakka, Akureyri, Keflavík, Selfossi og í kringlunni. (kl. 1:40 M/ENSKU TALI í Álfabakka og kl. 2 í Kringlunni)
ALVIN OG ÍKORNARNIR- kl. 2 í Álfabakka
SYDNEY WHITE- kl. 3:40 í Álfabakka
ÍÞRÓTTAHETJAN- kl. 1:15 í Kringlunni

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus ATH. SÝND KL.2 Ódýrt í bíó
RUN FATBOY RUN ATH. SÝND KL.2
ALVIN OG ÍKORNARNIR SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI
BEE MOVIE ATH. SÝND KL.2 SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI
LAUGARÁSBÍÓ 450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

Arnaldur slær öll met!

„Unni mér hvorki svefns né matar frá því ég opnaði hana uns yfir lauk … **Meistaralega fléttuð**."

Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is

„**Besta skáldsaga Arnaldar** frá því að *Grafarþögn* kom út."

Hávar Sigurjónsson / Morgunblaðið

„Arnaldur er í toppformi í spennandi, læsilegri og **vel hugsaðri glæpasögu** sem er hans besta í nokkur ár."

Kolbrún Bergþórsdóttir / Ísafold

„*Harðskafi* er bók sem ekki gleymist fljótt og **mun lifa lengi** í minningu lesanda."

Úlfhildur Dagsdóttir, bokmenntir.is

„**Flott innra samhengi**."

Jón Yngvi Jóhannsson / Ísland í dag, Stöð 2

„ **Um sterk tök Arnalds á forminu þarf ekki að fjölyrða**. Hann kann að fanga áhugann og neyða okkur til að halda áfram að lesa …"

Ármann Jakobsson / dv.is

„**Erlendur verður sífellt hjartfólgnari** sögupersóna … veldur engum vonbrigðum í þessari nýjustu og **dúndurgóðu bók**."

Vikan



Metsölulisti Félagsvísindastofnunar og heildarlisti Eymundsson 11. des.

1. SÆTI

„Arnaldur Indriðason er fremstur norrænna sakamálahöfunda."
The Times

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

> Örn komst í úrslit

Örn Arnarson, sundkappi úr SH, hefur verið að gera góða hluti á Evrópumótinu í 25 metra laug í Debrecen í Ungverjalandi. Örn keppti í gærmorgun í undanrásum og var þá með sjötta besta tímann þegar hann synti á 52,75 sekúndum. Í undanúrslitunum bætti hann um betur og varð fimmti á tímanum 51,84 sekúndum sem er einungis 1/10 úr sekúndu frá Norðurlandsmeti hans í greininni. Örn keppir til úrslita í 100 metra baksundinu í dag.

sport
sport@frettabladid.is

ÓSKAR BJARNI OG FERENC BUDAY, ÞJÁLFARAR VALS OG FRAM: MÆTAST Í REYKJAVÍKURSLAG Í N1-DEILD KARLA Í DAG

Jafnan góðir leikir þegar Valur og Fram mætast

Það verður barist hart þegar Valur tekur á móti Fram í hörku Reykjavíkurslag N1-deildar karla kl 16 í Vodafone-höllinni að Hlíðarenda. Valur hafði betur gegn Fram þegar liðin mættust í Framhúsinu fyrr í vetur í frábærum handboltaleik en liðin hafa verið á fínni siglingu í deildinni síðan þá og eru komin í fjögurra liða úrslit í Eimskipsbikarnum. Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, býst við skemmtilegum og spennandi leik á milli þessara erkifjenda.

„Leikirnir við Fram hafa undanfarin ár verið með skemmtilegustu leikjunum sem við spilum hér á Íslandi og það hefur myndast ákveðin samkeppni á milli þessara liða, sem er bara mjög jákvætt og það er því mikil stemning í okkar herbúðum fyrir leiknum," sagði Óskar Bjarni, sem hefur náð að koma Val á beinu brautina í vetur eftir erfiða byrjun.

„Við töpuðum fyrstu þremur leikjunum í deildinni og erum svo ekki búnir að tapa síðan þá, hvorki í deild né bikar, en ég geri mér grein fyrir

því að við erum með bakið uppi við vegg í baráttunni. Jafnteflið við Aftureldingu í síðasta leik var til að mynda mjög svekkjandi en ég hef trú á því að leikmenn mínir komi sterkir til baka í leikinn gegn Fram," sagði Óskar Bjarni, sem telur að dagsformið muni ráða úrslitum.

„Liðin eru mjög svipuð að getu og spila bæði fína vörn og eru með góð markvarðapör, þannig að það er sama gamla klisjan um dagsformið sem á eftir að ráða miklu. Ég þykist vita að stuðningsmenn Fram muni fjölmenna í Vodafone-höllina þannig að ég vona að stuðningsmenn okkar verði tilbúnir og skapi góða stemningu," sagði Óskar Bjarni og Ferenc Antal Buday, þjálfari Fram, tekur í sama streng.

„Það var frábær stemning þegar við mættum Val síðast og ég á von á því að stuðningsmenn okkar fjölmenni á leikinn og styðji liðið áfram. Valsliðið er mjög sterkt, spilar hraðan handbolta og eru vel skipulagt, þannig að við verðum að vera á tánum til þess að fá eitthvað út úr þessum mikilvæga leik.

ERFITT Birgir Leifur þurfti að sætta sig við tvöfaldan skolla á níundu holu í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Birgir Leifur Hafþórsson:

Lék á þremur yfir pari í gær

GOLF Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GKG, stendur í ströngu eftir þriðja keppnisdag á Opna Suður-Afríkumótinu. Birgir Leifur lék í gær á 75 höggum eða þremur höggum yfir pari Pearl Valley-vallarins og var því samanlagt á ellefu höggum yfir pari í 59.-63. sæti þegar keppni lauk í gær.

Birgir Leifur lék fyrstu fjórar holurnar í gærmorgun á pari, síðan fékk hann fugl og eftir það þrjú pör í röð, þannig að hann var á fínu róli eftir fyrstu átta holurnar. Á níundu holunni dundi ógæfan yfir okkar mann og hann þurfti að sætta sig við tvöfaldan skolla eða skramba. Þá fékk hann par á næstu tveimur holum, svo komu tveir skollar í röð, en hann kláraði svo með fimm pörum í röð.

Hinn enski Oliver Wilson var efstur á mótinu eftir þriðja keppnisdag í gær og er alls á fjórum höggum undir pari. Wilson lék á fimm höggum undir pari í gær. Hástökkvari gærdagsins var hins vegar Garth Mulroy sem lék á átta höggum undir pari og skaust upp í þriðja sæti. - óþ

Auðvelt hjá Stjörnunni í Mosfellsbæ

Bikarmeistarar Stjörnunnar unnu Aftureldingu örugglega, 19-25, í N1-deild karla að Varmá í gærkvöldi. Afturelding er því komið í fallsæti með tapinu, nú þegar sum liðin eru komin í langt og gott jólafrí.

HANDBOLTI Stjarnan vann næsta auðveldan sigur á máttlausu liði Aftureldingar, 25-19, í N1-deild karla í Mosfellsbæ í gær. Afturelding réð engan veginn við öfluga vörn Stjörnunnar sem náði HK og Fram að stigum í öðru sæti deildarinnar fyrir vikið en Afturelding fer í jólafrí í fallsæti.

Leikurinn var jafn fyrstu 10 mínúturnar en þá tóku gestirnir úr Garðabæ að síga fram úr. Hægt og rólega byggði Stjarnan upp forskot með frábæra vörn að vopni en Afturelding skoraði aðeins 8 mörk í fyrri hálfleik. Stjarnan fór aðeins með fjögurra marka forskot inn í hálfleikinn, 8-12, þar sem varnarleikur Aftureldingar var til fyrirmyndar í fyrri hálfleik þótt sóknarleikurinn væri fyrir neðan allar hellur.

Stjarnan fann lausnir á öflugri vörn heimamanna í hálfleik og gjörsamlega keyrði yfir slaka heimamenn á fyrstu sextán mínútum seinni hálfleiks, 12-6, og náði 10 marka forystu, 24-14. Þá slökuðu Stjörnumenn á enda leikurinn unninn. Afturelding gafst aldrei upp og skoraði fimm af þeim sex mörkum sem skoruð voru síðustu 13 mínútur leiksins en lokamínúturnar voru vægast sagt farsakenndar þar sem Afturelding reyndi að leysa leikinn upp með að taka tvo Stjörnumenn úr umferð. Þrátt fyrir að skora aðeins eitt mark síðustu 13 mínútur leiksins vann Stjarnan öruggan sex marka sigur, 19-25.

Patrekur Jóhannesson lék ekki með Stjörnunni vegna meiðsla en var Kristjáni Halldórssyni þjálfara til halds og trausts á bekknum. „Ég er með slitið krossband og ætla ekki í aðgerð. Ég er að byggja þetta upp. Það tekur ákveðinn tíma en ég vona að ég geti spilað í febrúar," sagði Patrekur um framhaldið hjá sér en Stjarnan hefur saknað hans í vetur.

Patrekur bjóst ekki við eins auðveldum leik og raun bar vitni. „Þeir gerðu jafntefli við Val hér um daginn og eru með flott lið en við mættum mjög ákveðnir til leiks. Ég var ánægður með undirbúninginn fyrir leikinn og þetta var nokkuð gott hjá okkur fyrir utan síðustu 10 mínúturnar.

Vörnin var að vinna vel og Roland traustur í markinu. Ég var ánægður með hinn 19 ára Rati í hægri skyttunni, hann sýndi hvað hann getur gert þótt það vanti eitthvað upp á leikskilninginn hjá honum. Við erum að vinna með hann en hann er mikið efni."

Hilmar Stefánsson, hægri hornamaður Aftureldingar, var þungur á brún í leikslok. „Vorum heillum horfnir. Þetta hefur verið svona upp og niður hjá okkur í vetur. Það er eins og það vanti sjálfstraust hjá okkur á köflum.

Menn þora ekki að skjóta því Roland varði einhver fjögur fimm dauðafæri í fyrri hálfleik og þá hætta menn. Það er ljóst að það eru næg verkefni fram undan í lok desember og janúar hjá okkur. Ég veit að við ætlum að reyna að styrkja okkur. Það vantar eitthvað í sóknarleikinn. Varnarleikurinn var fínn hjá okkur."

Afturelding missti Akureyri upp fyrir sig í síðustu umferðinni fyrir jól og Hilmar gat ekki leynt vonbrigðum sínum í að sitja í fallsæti yfir hátíðarnar. „Þetta er sérstaklega svekkjandi vitandi að við töpuðum í Vestmannaeyjum.

Það eru fjórar umferðir og við megum ekki tapa fyrir ÍBV og Akureyri eftir áramót, það er ljóst," sagði Hilmar áður en hann hélt til búningsherbergja. -gmi

Á FLEYGIFERÐ Heimir Örn Árnason, leikmaður Stjörnunnar, er hér á ferðinni í leiknum að Varmá í gærkvöldi, en hann átti fínan leik og var að vanda í lykilhlutverki hjá Stjörnunni og skoraði sex mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

BOLTINN ER HJÁ OKKUR

Chelsea - Tottenham
11.-13. janúar
Verð á mann í tvíbýli
75.900 kr.

West Ham - Birmingham
8.-10. febrúar
Verð á mann í tvíbýli
49.900 kr.

Liverpool - Sunderland
1.-3. febrúar
Verð á mann í tvíbýli
74.900 kr.

Chelsea - Liverpool
9.-11. febrúar
Verð á mann í tvíbýli
83.900 kr.

Nánar á expressferdir.is
eða í síma 5 900 100

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Akureyri vann ÍBV með öruggum hætti, 40-26, í N1-deild karla á Akureyri í gær:

Miklir yfirburðir hjá Akureyri

HANDBOLTI Akureyri lagði ÍBV að velli með 40 mörkum gegn 26 í N1 deild karla á Akureyri í gærdag.

Jafnræði var með liðunum framan af fyrri hálfleik en þó hafði Akureyri ávallt frumkvæðið. Í stöðunni 14-13 gáfu Akureyringar í og fóru með þægilegt 5 marka forskot í leikhléið en þá var staðan 19-14.

Í síðari hálfleik var aldrei spurning hvorum megin sigurinn myndi lenda því lið Akureyrar jók forystuna jafnt og þétt en Eyjamenn sáu aldrei til sólar. Því var ekki síst að þakka frábærri markvörslu Sveinbjarnar Péturssonar í marki Akureyrar sem varði hvorki fleiri né færri en 28 skot í leiknum og var án efa besti maður vallarins. Úrslit leiksins urðu svo 40-26 og fyrsti heimasigur Akureyrar á þessari leiktíð staðreynd.

Rúnar Sigtryggsson, þjálfari Akureyrar, var að vonum ánægður með sigurinn.

„Það hefur verið stígandi í liðinu að undanförnu en þó hefur gengið illa að klára leikina. Það tókst loksins í dag. Það eru 28 stig í pottinum eftir áramót og við ætlum okkur að ná í sem flest af þeim til að koma okkur í betri stöðu í deildinni."

Sveinbjörn Pétursson, markvörður Akureyrar, átti sem áður segir stórleik og varði 28 skot. Hann sagði úrslitin mikinn létti.

„Við komum af fullum krafti í þennan leik og héldum þeim krafti út allan leikinn. Ég var sjálfur mjög einbeittur og staðráðinn í að sýna það að ég á heima hérna í deild þeirra bestu." - þrf

ÖFLUGUR Jónatan Þór Magnússon átti góðan leik og skoraði sjö mörk fyrir Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Wii er komin
í allar verslanir
Skífunnar

Skifulán
í boði

iPod er kominn
í allar verslanir Skífunnar.

Mesta úrvalið af iPod fylgihlutum
og yfir 30.000 titlar af tónlist.

Wii og iPod
á betra verði í Skífunni

S·K·Í·F·A·N

ÚRSLITIN Í GÆR

N1-deild karla í handbolta:

Akureyri-ÍBV 40-26

Mörk Akureyrar (skot): Jónatan Magnússon 7/11 (víti 3/4), Nikolaj Jankovic 6/8, Hörður Fannar Sigþórsson 6/9, Einar Logi Friðbjörnsson 6/9, Andri Snær Stefánsson 5/7, Goran Gusic 5/7, Heiðar Þór Aðalsteinsson 2/2, Ásbjörn Friðriksson 2/6, Magnús Stefánsson 1/4, Björn Óli Guðmundsson 0/2, Rúnar Sigtryggsson 0/2
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 28/2 (52/7), Arnar Sveinbjörnsson 0 (2).
Utan vallar: 8 mínútur
Mörk ÍBV (skot): Sigurður Bragason 7/12 (víti 4/5), Sergiy Trotsenko 6/14 (víti 1/2), Nikolaj Kulikov 5/8, Grétar Þór Eyþórsson 2/2, Sindri Haraldsson 2/9, Vignir Stefánsson 1/1, Brynjar Karl Óskarsson 1/1, Gintaras Savukynas 1/2, Zilvinaz Grieze 1/3, Leifur Jóhannesson 0/2
Varin skot: Friðrik Sigmarsson 14/1 (42/3), Kolbeinn Arnarsson 2 (14/1).
Utan vallar: 10 mínútur.

Afturelding-Stjarnan 19-25

Mörk Aftureldingar (skot): Magnús Einarsson 5 (10), Hilmar Stefánsson 5/3 (10/4), Ásgeir Jónsson 3 (3), Hrafn Ingvarsson 2 (6), Einar Örn Guðmundsson 1/1 (2/2), Reynir Árnason 1 (3), Jóhann Jóhannsson 1 (3), Haukur Sigurvinsson 1 (7), Davíð Ágústsson (2), Daníel Jónsson (2)
Varin skot: Davíð Svansson 18 (42/5) 42,9%, Smári Guðfinnsson (1/1) 0%
Hraðaupphlaup: 3 (Hilmar, Hrafn, Reynir)
Fiskuð víti: 6 (Magnús 2, Hilmar 2, Ásgeir, Daníel)
Utan vallar: 16 mínútur
Mörk Stjörnunnar: Heimir Örn Árnason 6/3 (10/4), Rati Mskhvilidze 6 (12), Ólafur Viðir Ólafs son 5/3 (7/3), Daníel Örn Einarsson 2 (2), Gunn ar Ingi Jóhannsson 2 (5), Björgvin Hólmgeirsson 2 (8), Björn Friðriksson 1 (1), Ragnar Helgason 1 (3), Bjarni Þórðarson (1), Roland Valur Eradze (1), Guðmundur Guðmundsson (2)
Varin skot: Roland Valur Eradze 20/1 (37/3) 54,1%, Hlynur Morthens 1/1 (3/3) 33,3%
Hraðaupphlaup: 5 (Heimir Örn 2, Ólafur Viðir, Mskhvilidze, Björgvin)
Fiskuð víti: 7 (Gunnar Ingi 3, Heimir Örn, Kysil, Ólafur Viðir, Ragnar)
Utan vallar: 10 mínútur

N1-deild kvenna:

Fram-HK 25-27

Mörk Fram (skot): Stella Sigurðardóttir 9/5 (13/5), Anett Köbli 7/1 (10/2), Þórey Rósa Stefánsdóttir 6 (10), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 3 (4), Pavla Nevarilova 2 (3), Ásta Birna Gunnarsdóttir 1 (3/1), Karen Knútsdóttir (1).
Varin skot: Kristina Kvedariene 13/1 (38/5) 34%
Hraðaupphlaup: 7 (Anett 4, Stella 2, Þórey)
Fiskuð víti: 8 (Stella 3, Sigurbjörg 2, Þórey, Ásta, Anett)
Utan vallar: 4 mínútur
Mörk HK (skot): Arna Sif Pálsdóttir 8/4 (9/4), Auður Jónsdóttir 6 (15), Elva Björg Arnarsdóttir 4 (6), Rut Jónsdóttir 3 (6), Natalia Cieplowska 3 (7/1), Lilja Lind Pálsdóttir 1 (1), Jóna Sigríður Halldórsdóttir (1), Elín Anna Baldursdóttir (2).
Varin skot: Ekaterina Dzhukeva 10 (18/6) 35%, Ólöf Kolbrún Ragnarsdóttir 4 (13/2) 30%.
Hraðaupphlaup: 4 (Auður 2, Rut, Natalia)
Fiskuð víti: 5 (Auður, Jóna, Lilja, Brynja, Arna Sif)
Utan vallar: 4 mínútur

Haukar-Akureyri 39-22
FH-Fylkir 21-24

N1-deild kvenna í handbolta:

Góður sigur hjá Valsstúlkum

HANDBOLTI Valur sigraði Gróttu í miklum markaleik, 32-29, í toppbaráttuslag N1-deildar kvenna í Vodafone-höllinni í fyrrakvöld.

Jafnræði var með liðunum framan af leik, en þegar líða tók á fyrri hálfleik voru Valsstúlkur komnar með góða forystu og staðan var 18-13 í hálfleik. Í síðari hálfleik jók Valsliðið forystu sína áður en Gróttu-liðið kom til baka og náði að klóra í bakkann, en allt kom fyrir ekki og öruggur Valssigur því niðurstaðan. Hjá Val fór Dagný Skúladóttir á kostum og skoraði níu mörk, Nora Valovics kom næst með sex mörk, Hafrún Kristjánsdóttir fimm og Eva Barna skoraði fjögur.

Stórskyttan Pavla Plaminkova var atkvæðamest hjá Gróttu og skoraði tíu mörk. - óþ

Það allra besta í breskum fótbolta

Það er risastór dagur í dag í enska fótboltanum þegar Liverpool mætir Manchester United á Anfield Road og Arsenal fær Chelsea í heimsókn á Emirates-völlinn. Allt það besta sem breskur fótbolti hefur upp á að bjóða, segir Alex Ferguson um leikinn gegn Liverpool. Verður Arsenal enn á toppi deildarinnar í dagslok?

FÓTBOLTI Það verður mikið um dýrðir í ensku úrvalsdeildinni í dag þegar tveir risaslagir fara fram. Liverpool tekur á móti Englandsmeisturum Manchester United á Anfield Road og Chelsea heimsækir topplið Arsenal á Emirates-völlinn.

Það verður allt lagt undir þegar fornu fjendurnir Liverpool og Manchester United mætast í dag. Liðin hafa verið að spila góðan fótbolta upp á síðkastið og eru bæði komin í 16 liða úrslit Meistaradeildar Evrópu. Heimamenn í Liverpool hafa tapað síðasta leik sínum í deildinni á móti Reading, en það er jafnframt eina tap liðsins í ensku úrvalsdeildinni þar sem liðið hefur unnið átta leiki og gert sjö jafntefli. Manchester United hefur tapað tveimur leikjum í deildinni og hafa unnið ellefu af síðustu þrettán leikjum sínum þar. Það má því búast við hörkuleik eins og jafnan þegar þessi lið mætast og skemmst er að minnast síðustu leiktíðar þegar United Vann Liverpool á Anfield Road, 0-1, með marki John O'Shea á 90. mínútu í dramatískum leik.

Það besta í breskum fótbolta

Enginn þekkir betur hversu mikilvægir þessir leikir eru heldur en Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, sem man tímana tvenna í baráttu liðanna.

„Bæði lið líta á hvort annað sem aðalkeppinaut sinn og þá skiptir staða liðanna í deildinni í raun engu máli, því leikirnir standa einhvern veginn fyrir utan allt. Leikirnir innihalda allt það besta sem breskur fótbolti býður upp á, ástríðu, stemningu áhorfenda og getu leikmannanna á vellinum. Leikmennirnir þurfa að stíga fram og sýna karlmennsku til þess að þola svona leiki, ef þú ætlar að haga þér eins og lamb á vellinum, þá verður traðkað á þér," sagði Ferguson og Rafa Benitez tekur í sama streng.

„Þetta eru mjög sérstakir leikir vegna samkeppninnar á milli liðanna og þó svo að það sé mikilvægt að vinna alla leiki, sérstaklega á heimavelli, þá hefur sigur á United meiri þýðingu. Þetta verður tilkomumikill leikur, það er ég viss um," sagði Benitez.

Lundúnaslagur Arsenal og Chelsea er ekki síður athyglisverður. Bæði vegna stöðu liðanna í deildinni og svo vegna leikmannaskipta liðanna upp á síðkastið þar sem búast má við að William Gallas og Ashley Cole verði sérstaklega í sviðsljósinu. Arsenal tapaði fyrsta leik í ensku úrvalsdeildinni um síðustu helgi gegn Middlesbrough en hafði fyrir þann leik verið taplaust í 22 leikjum þar. Chelsea státar einnig af góðu gengi upp á síðkastið og hafa unnið sjö, gert tvö jafntefli og tapað einum leik undir stjórn Avram Grant í deildinni. Enn fremur hefur liðið ekki tapað síðustu ellefu Lundúnaslögum sínum.

Gagnkvæm virðing stjóranna

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, hefur hrifist af árangri Ísraelans með lið Chelsea.

„Hann lætur ekki mikið fyrir sér fara, eins og Mourinho, en hann lætur verkin tala og er að ná árangri inni á vellinum og það er mikilvægt. Ég tek því hatt minn ofan fyrir honum," sagði Frakkinn og starfsbróðir hans hjá Chelsea fór ekki síður fögrum orðum um Arsenal.

„Ég hef ekkert nema gott um Arsenal að segja og ég hef mjög hrifist af fótboltanum sem liðið spilar og mér finnst gaman að horfa á leiki þess. Leikurinn er gríðarlega mikilvægur fyrir bæði lið," sagði Grant.

omar@frettabladid.is

Fram vann baráttuglatt HK-lið 27-25 í Framhúsinu í gærdag og endurheimti toppsæti N1-deildar kvenna:

Framstúlkur fara taplausar í jólafríið

HANDBOLTI Ekkert stig var rýr uppskera fyrir næstneðsta lið N1 deildar kvenna, HK, þegar þær mættu toppliði Fram í gær. Eftir að hafa leitt leikinn frá upphafi sigldu Framstúlkur fram úr Kópavogskonum í blálokin og innbyrtu tveggja marka sigur, 27-25.

Tæknifeilar Fram í upphafi leiks þar sem þær hentu boltanum meira út af en í hendur samherja gerði HK auðvelt fyrir að ná fjögurra marka forystu, 2-6, strax í upphafi leiks. Þá rankaði Fram við sér, skoraði fimm mörk gegn tveimur og minnkaði muninn í 7-8. Það var þó það næsta sem þær komust HK sem spýttu í lófana og voru yfir í hálfleik, 10-13.

HK gerði vel í að leysa varnarleik Fram sem hefur verið góður á tímabilinu og skoraði nánast úr hverri einustu sókn. Eðlilega gerði það Fram ansi erfitt fyrir að jafna leikinn og hélt HK því tveggja marka forystu nánast allan seinni hálfleikinn. Það var ekki fyrr en í stöðunni 22-24 að Fram skoraði þrjú mörk í röð og komst yfir í fyrsta skiptið í leiknum þegar sex mínútur lifðu leiks. Þá forystu létu þær ekki af hendi og lönduðu eins og fyrr segir, 27-25, sigri.

MÓTSPYRNA HK-stúlkur, sem eru í næstneðsta sæti N1-deildar, veittu toppliði Fram mikla mótspyrnu í gær en Fram sýndi styrk sinn á lokakaflanum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Einar Jónsson, þjálfari Fram, sagðist allan tímann hafa trú á að sitt lið gæti klárað leikinn.

„Að sjálfsögðu hafði ég trú á þessu. Við erum núna búin að spila ansi marga svona leiki og erum komin með reynslu í þessu. Við spiluðum ekki nándar nærri eins vel í dag og gegn Stjörnunni um daginn en vinnum samt og það er ákveðið styrkleikamerki."

Einar sagði leikinn í dag sýna hversu kvennadeildin er orðin sterk.

„Þetta var það langbesta sem ég hef séð til HK í ár og mikið hrós til Erlings og Hilmars, þjálfara HK. Að botnliðið standi svona í okkur, toppliðinu, sýnir bara hversu sterk deildin er orðin," sagði Einar sem tók fram að dómgæslan í leiknum hefði verið frábær og glotti.

Þjálfari HK, Erlingur Richardsson, var ánægður með spilamennsku sinna stúlkna en vildi eðlilega fá eitthvað út úr leiknum.

„Handboltalega séð er ég mjög ánægður með liðið í leiknum í dag. Stelpurnar gerðu nákvæmlega það sem fyrir þær var lagt og Fram náði ekki að loka fyrir það. Það munaði um reynslu Anett Köbli í lokin. Við erum á réttri braut með þetta lið og það hlýtur að koma að því að við vinnum eitthvað af þessum toppliðum," sagði Erlingur. - tom

PRESSA - Mögnuð íslensk spennuþáttaröð
Hefst sunnudaginn 30. desember

THE CHRONICLES OF NARNIA
Nýársdagur

THE DA VINCI CODE
Jóladagur

LOGI Í BEINNI
Sérstakur jólaþáttur - 21. desember

Til þín
Frá Stöð 2

JÓLASVEPPI
Gerir biðina bærilegri - Aðfangadagur

CHARLIE AND THE CHOCOLATE FACTORY
Jóladagur

HARRY POTTER AND THE GOBLET OF FIRE
Annar í jólum

NANNY McPHEE
29. desember

THE HOLIDAY
Annar í jólum

HÁTÍÐARTÓNLEIKAR GARÐARS THORS CORTES
Jóladagur

SHREK THE HALLS
Glæný jólamynd með Shrek og félögum - Annar í jólum

ANNA OG SKAPSVEIFLURNAR
Frá framleiðendum Litlu lirfunnar ljótu - Jóladagur

FRÁBÆR JÓLADAGSKRÁ Á STÖÐ 2

GLÆSILEGAR GJAFAÖSKJUR
FÁST Í VERSLUNUM VODAFONE, SÍMANS OG 10-11

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

ÚRSLITIN Í GÆR

Enska úrvalsdeildin:

Birmingham-Reading 1-1
1-0 Mikael Forssell (4.), 1-1 Stephen Hunt (51.). Brynjar Björn Gunnarsson og Ívar Ingimarsson voru í byrjunarliði Reading í leiknum.

Derby-Middlesbrough 0-1
0-1 Sanli Tuncay (38.).

Fulham-Newcastle 0-1
0-1 Joey Barton (90+3.).

Man. City-Bolton 4-2
1-0 Rolando Bianchi (7.), 1-1 El Hadji Diouf (31.), 1-2 Kevin Nolan (40.), 2-2 Lubomir Michalik(48.), 3-2 Darius Vassell (77.), 4-2 Kelvin Etuhu (90.). Heiðar Helguson var ekki með Bolton í leiknum.

Portsmouth-Tottenham 0-1
0-1 Dimitar Berbatov (81.). Hermann Hreiðarsson kom inn á sem varamaður á 74. mínútu.

Sunderland-Aston Villa 1-1
1-0 Danny Higginbotham (10.), 1-1 Shaun Maloney (73.).

West Ham-Everton 0-2
0-1 Yakubu (45+1.), 0-2 Andy Johnson (90+4.).

Wigan-Blackburn 5-3
1-0 Denny Landzaat (10.), 2-0 Marcus Bent (12.), 3-0 Paul Scharner (37.), 3-3 Santa Cruz (45, 50 og 61.). 4-3 M. Bent (66.), 5-3 M. Bent (81.).

STAÐAN Í DEILDINNI:

Arsenal	**16**	**11**	**4**	**1**	**33-14**	**37**
Man. Utd.	16	11	3	2	29-8	36
Chelsea	**16**	**10**	**4**	**2**	**24-9**	**34**
Man. City	17	10	3	4	24-19	33
Liverpool	**15**	**8**	**6**	**1**	**27-9**	**30**
Everton	17	10	3	5	31-16	30
Portsmouth	**17**	**8**	**6**	**3**	**28-15**	**30**
Aston Villa	17	8	4	5	28-20	28
Blackburn	**17**	**7**	**5**	**5**	**23-24**	**26**
Newcastle	17	7	4	6	24-26	23
West Ham	**16**	**6**	**4**	**6**	**20-14**	**22**
Tottenham	17	4	6	7	29-29	18
Reading	**17**	**5**	**3**	**9**	**22-34**	**18**
M'brough	17	4	5	8	16-28	17
Birmingham	**17**	**4**	**3**	**10**	**18-27**	**15**
Bolton	17	3	5	9	17-32	14
Sunderland	**17**	**3**	**5**	**9**	**16-32**	**14**
Fulham	17	2	7	8	18-28	13
Wigan	**17**	**3**	**3**	**11**	**17-33**	**12**
Derby	17	1	3	13	6-39	6

Enska 1. deildin:

Burnley-Preston 2-3
Jóhannes Karl Guðjónsson kom inn á sem varamaður á 56. mínútu og fékk að líta rauða spjaldið á 90. mínútu.

Skoska úrvalsdeildin:

Rangers-Hearts 2-1
Eggert G. Jónsson lék allan leikinn fyrir Hearts.

Markasúpa í enska boltanum í gær

Það var mikið skorað í gærdag þegar átta leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni. Wigan vann Blackburn í átta marka leik og styrkti stöðu sína í fallbaráttunni, Man. City og Everton styrktu stöðu sína í efri hluta deildarinnar og Tottenham vann nokkuð óvæntan útisigur á spútnikliði deildarinnar, Portsmouth.

MARK Yakubu, framherji Everton, kemur liði sínu yfir gegn West Ham á Upton Park í gær, en þetta var níunda mark Nígeríumannsins í deildinni. Everton vann leikinn 0-2 og komst með sigrinum upp í sjötta sæti deildarinnar. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

FÓTBOLTI Það var mikið skorað í ensku úrvalsdeildinni í gær þegar átta leikir fóru fram. Everton og Manchester City halda áfram að gera góða hluti, Wigan vann mikilvægan sigur í botnbaráttunni og Tottenham er hugsanlega komið á beinu brautina.

West Ham byrjaði leikinn betur gegn Everton og virtist til alls líklegt í fyrri hálfleik, en liðið fór illa að ráði sínu fyrir framan mark gestanna. Everton nýtti hins vegar eitt af fáum færum sínum í fyrri hálfleik þegar hinn sjóðandi heiti Yakubu skoraði laglegt mark í uppbótartíma fyrri hálfleiks eftir góðan undirbúning Mikael Arteta og Tim Cahill.

Everton réð ferðinni

Everton tók svo öll völd á vellinum í síðari hálfleik og var mun nær því að bæta við marki heldur en West Ham að jafna. Andy Johnson innsigldi góðan útisigur Everton svo á lokasekúndum leiksins.

Sannkölluð markaveisla

Manchester City lagaði stöðu sína í toppbaráttunni þegar liðið kom til baka gegn Bolton eftir að hafa lent 1-2 undir í fyrri hálfleik. City vann leikinn örugglega 4-2 og viðhélt því 100% sigurhlutfalli sínu á Borgarleikvanginum í Manchester og komst upp í fjórða sæti deildarinnar.

Wigan náði heldur betur að bíta frá sér þegar heillum horfið lið Blackburn kom í heimsókn. Það er greinilegt að Steve Bruce er búinn að finna taktinn hjá Wigan og leikmenn liðsins komnir með gott sjálfstraust. Leikurinn var í meira lagi kaflaskiptur þar sem Wigan skoraði þrjú fyrstu mörk leiksins áður en Blackburn náði að jafna 3-3, með þremur mörkum frá Rocha Santa Cruz. Blackburn var manni færri frá 57. mínútu þegar Brett Emerton fékk að líta rauða spjaldið og Wigan menn gengu á lagið á ný þegar líða tók á seinni hálfleikinn. Marcus Bent skoraði þá tvívegis og fullkomnaði þrennu sína í leiknum og lokatölur því 5-3.

Tottenham á réttri leið

Juande Ramos, stjóri Tottenham, virðist vera búinn að finna réttu blönduna með liðið eftir góðan sigur þess gegn Portsmouth á hinum erfiða útivelli Fratton Park. Tottenham, sem lagði Manchester City um síðustu helgi, skoraði eina mark leiksins þegar tæpar tíu mínútur voru til leiksloka og reyndist Dimitar Berbatov vera hetjan að þessu sinni. Sú staðreynd að Tottenham hélt hreinu er ekki síður fagnaðarefni fyrir Ramos þar sem liðið var búið að fá á sig 29 mörk fyrir leikinn í gær.

Middlesbrough vann kjallaraslaginn gegn nýliðum Derby á Pride Park og náði með sigrinum að klifra upp í 14. sæti. Tuncay Sanli skoraði sigurmarkið í leiknum, en þetta var þriðja markið hans í þremur leikjum.

Newcastle hélt áfram á beinu brautinni þegar liðið heimsótti Fulham, en sigurmark leiksins kom ekki fyrr en í uppbótartíma þegar Joey Barton skoraði af öryggi úr vítaspyrnu. Þetta var annar sigur Newcastle í síðustu þremur leikjum og Stóri Sam getur nú andað léttar, en Fulham er í bullandi fallbaráttu í 17. sæti deildarinnar.

Fallbaráttan harðnar

Fallbaráttuliðin Sunderland og Birmingham gerðu jafntefli í leikjum sínum í gær, en eitt stig telur lítið á þessum tímapunkti á tímabilinu. Eflaust má líka tala um tvö töpuð stig hjá Sunderland og Birmingham sem voru yfir í leikjum sínum gegn Aston Villa og Reading.

omar@frettabladid.is



Boston sigraði Milwaukee örugglega í fyrrakvöld:

Boston óstöðvandi

KÖRFUBOLTI Boston Celtics hélt sigurgöngu sinni áfram í fyrrakvöld þegar liðið lagði Milwaukee Buck auðveldlega að velli, 104-82, en þetta var áttundi sigur Boston í röð og sá 19. af 21. leik á tímabilinu. Enn fremur jafnaði Boston heimaleikjamet sitt þar sem liðið hefur unnið alla tólf heimaleiki sína í TD Banknorth Garden-höllinni.

Jafnræði var með liðunum í fyrstu tveimur leikhlutunum og staðan var 44-46 Boston í vil í hálfleik. Í þriðja leikhluta tók Boston á flug og skoraði tólf stig í röð og alls 32 stig á móti 15 stigum Milwaukee sem átti ekki möguleika eftir það í leiknum.

Paul Pierce stal senunni að þessu sinni í liði Boston og skoraði 32, Rajon Rondo kom næstur með 17 stig og átta stoðsendingar og Kevin Garnett var með 15 stig og sjö fráköst. Hjá Milwaukee var Mo Williams atkvæðamestur með 14 stig.

Paul Pierce var sáttur í leikslok og kvaðst hafa notað tækifærið til að draga vagninn í fjarveru stórstjörnunnar Ray Allen hjá Boston-liðinu. „Ég ákvað að keyra mikið sjálfur og vera sóknardjarfur og koma liðinu á siglingu, mér fannst ég þurfa að taka aðeins af skarið þar sem við vorum án Ray Allen og það gekk ágætlega upp," sagði Pierce. - óþ

ÖFLUGUR Paul Pierce hefur verið frábær hjá Boston Celtics í vetur. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

BT
JÓLIN ERU AÐ KOMA
ÍSLENSKT TAL
ÍSLENSKUR TEXTI
BARA Í BT
VINSÆLASTA MYNDIN Í BT
MESTA ÚRVALIÐ AF DVD!
MESTA ÚRVALIÐ AF LEIKJUM!
MUNIÐ EFTIR AÐ ATHUGA ALDURSMERKINGAR Á TÖLVULEIKJUM
VINSÆLASTA TÓNLISTIN!
ALLAR VERSLANIR BT OPNAR TIL 22:00 ALLA DAGA TIL JÓLA

dagskrá

> Janice Dickinson

Janice Dickinson kveðst hafa sofið hjá yfir þúsund mönnum. Á þeim lista eru Jack Nicholson, Bruce Willis og Sylvester Stallone, sem Janice hélt lengi að væri faðir dóttur hennar. Sirkus TV sýnir í kvöld raunveruleikaþáttinn Janice Dickinson Modelling Agency.

VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR SKILUR EKKI SPURNINGAÞÆTTI

Ertu skynsamari en FM-hnakki?

Er ég sú eina sem hefur á tilfinningunni að sjónvarpsþátturinn „Ertu skarpari en skólakrakki?" sé sífellt á dagskrá? Ég má bara ekki kveikja á skjánum án þess að framan í mig gapi misvitur fullorðinn einstaklingur sem játar vanmátt sinn gagnvart kunnáttu grunnskólakrakka. Ég verð að viðurkenna að ég hef alls ekki getað komið mér til þess að horfa á einn einasta heilan þátt. Ég fyllist einhverju eirðarleysi þegar ég sé þennan skærgræna lit sem einkennir þættina og verð að skipta um stöð.

Kannski stafar þetta af því að ég samsama mig þessu aumingja fullorðna fólki sem er löngu búið að gleyma hvað það lærði í grunnskóla, en mig langar þó að halda annað. Líklegra er að ég alhæfi yfir á þennan spurningaþátt óþol mitt á öðrum spurningaþáttum. Mér hefur aldrei líkað vel við Gettu betur, Viltu vinna milljón, Meistarann, Útsvar og hvað þeir nú heita allir þessir spurningaþættir. Nokkrum sinnum hef ég tekið þá ákvörðun að horfa á slíkan þátt, hef sest fyrir framan sjónvarpið og lagt frá mér fjarstýringuna. Þó líður ekki á löngu áður en ég hef hugað að því hvort ég þurfi nú ekki að þvo þvott eða setja í uppþvottavélina.

Dæmin sanna þó að ég er líklega undantekningin frá reglunni enda njóta spurningaþættir af ýmsum toga gríðarlegra vinsælda hjá ungum sem öldnum áhorfendum. Það sem gerir hins vegar umræddan spurningaþátt á Skjá einum sýnu verri en aðra sambærilega þætti er án efa titillagið sem límist við heilann á mér og á nú eftir að hljóma í hausnum á mér það sem eftir lifir dags: „Ertu skarpari en skólakrakki, ertu skynsamari en FM-hnakki?"

EKKI MISSA AF

▶ **21.25 Sunnudagsbíó - Elskendur við heimskautsbaug** SJÓNVARPIÐ

▶ **20.00 Michael Jackson: After the Verdict** STÖÐ 2

▶ **20.00 Lost in Translation** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **20.30 Windfall** SIRKUS

▶ **22.30 Californication** SKJÁR EINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar 08.01 Í næturgarði 08.29 Róbert Bangsi 08.39 Kóala bræður 08.49 Landið mitt 09.00 Disneystundin 09.01 Herkúles 09.23 Sígildar teiknimyndir 09.30 Fínni kostur 09.52 Fræknir ferðalangar 10.22 Sigga ligga lá 10.35 Konráð og Baldur

10.50 Váboði

11.15 Laugardagslögin

12.30 Silfur Egils

13.45 Lífið í lággróðrinum (2:5)

14.35 Lífið í lággróðrinum (3:5)

15.25 Hvað veistu?

15.55 Íslandsmótið í handbolta

17.30 Táknmálsfréttir

17.40 Að flauta mál sitt

18.00 Stundin okkar

18.25 Spaugstofan

18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins - Jól á leið til jarðar

19.00 Fréttir

19.35 Veður

19.45 Sunnudagskvöld með Evu Maríu

20.25 Glæpurinn (10:20) Danskir spennuþættir af bestu gerð.

▶**21.25 Sunnudagsbíó - Elskendur við heimskautsbaug** (Los Amantes del Círculo Polar) Spænsk/frönsk bíómynd frá 1998. Otto og Ana eru börn þegar þau kynnast en verða elskendur seinna á lífsleiðinni. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

23.10 Silfur Egils

00.15 Sunnudagskvöld með Evu Maríu

00.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 A Shot at Glory

08.00 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous

10.00 Virginia´s Run

12.00 Lost in Translation

14.00 A Shot at Glory

16.00 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous

18.00 Virginia´s Run

▶**20.00 Lost in Translation**

22.00 The Pilot´s Wife

00.00 Boys

02.00 Blind Horizon

04.00 The Pilot´s Wife

STÖÐ 2

07.00 Barney 07.25 Hlaupin 07.35 Addi Paddi 07.40 Funky Valley 07.45 Fífí 08.00 Algjör Sveppi 08.05 Stubbarnir 08.30 Doddi litli og Eyrnastór 08.45 Kalli og Lóla 09.00 Landkönnuðurinn Dóra (73.96) 09.50 Ben 10.15 Jesús og Jósefína (16.24) (e) 10.35 Tracey McBean 10.45 Tutenstein

11.10 A.T.O.M.

11.35 Háheimar

12.00 Hádegisfréttir

12.25 Nágrannar

14.10 Ítalíuævintýri Jóa Fel (8.10)

14.45 Weather From Hell

15.35 Freddie (20.22)

16.10 Logi í beinni

16.55 60 mínútur

17.45 Oprah

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.05 Mannamál (10.40) Viðmælendur Sigmundar Ernis eru Vilhjálmur Egilsson og Guðmundur Gunnarsson. Þá verður tekist verður á um aðkomu þjóðkirkjunnar að skólastarfi og Gerður Kristný velur jólabækurnar í ár.

▶**20.00 Michael Jackson: After the Verdict** Glæný heimildarmynd sem ljóstrar upp hver afdrif Michael Jackson hafa orðið eftir hin erfiðu réttarhöld, þar sem hann var sýknaður af ákæru um kynferðisglæpi. Síðan þá hefur hin fallna stjarna einangrað sig frá umheiminum, flúði heimaland sitt og er skuldum vafin. Hvar er hann niður kominn? Hver heldur yfir honum verndarvæng og hversu skuldugur er hann?

20.45 Damages (11.13)

21.35 Prison Break (6.22)

22.20 Joyeux Noël (Merry Christmas) Sannsöguleg verðlaunamynd sem lýsir einhverjum ótrúlegasta atburði sem átti sér í fyrri heimstyrjöldinni. Það var að kvöldi jóladags árið 1914 sem franskir, skoskir og þýskir hermenn á Vesturvígstöðvunum ákváðu, í sönnum jólaanda, að taka málin í sínar hendur og freista þess að stilla til friðar með því að leggja niður vopnin og taka frekar fótboltaleik. Aðalhlutverk: Diane Kruger. 2005. Stranglega bönnuð börnum.

00.15 Crossing Jordan (5.17)

01.00 Sally Lockhart Mysteries

02.35 Without a Paddle

04.10 Ghostboat

05.20 Ghostboat

06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SÝN besta sætið

07.15 Target World Challenge

10.15 Boca Juniors - AC Milan Heimsmeistarakeppni félagsliða úrslitaleikurinn í beinni útsendingu.

12.20 Valencia - Barcelona

14.00 Race of Champions 2007

16.00 Formúla 1 – bak við tjöldin Hvað gerist á bakvið tjöldin í Formúlu 1 kappakstrinum?

17.00 Race of Champions 2007 Alþjóðlegt mót í mótorsporti sem fer fram árlega en í þetta skiptið fer mótið fram á Wembley leikvanginum í London.

19.00 King of Clubs Vandaður þáttur sem fjallar um stórliðið Bayern München og hvernig því hefur tekist að halda sér í fremstu.

19.25 King of Clubs (Real Madrid)

19.50 Real Madrid - Osasuna spænski boltinn Bein útsending frá leik í spænska boltanum.

21.50 Target World Challenge Target World Challenge mótið í Suður-Karólínu er styrktarmót á vegum Tiger Woods. Flestir af sterkustu kylfingum heims mæta til leiks.

23.50 Heimsmeistarakeppni félagsliða

SÝN 2

08.00 Man. City - Bolton Útsending í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram laugardaginn 15. desember.

09.40 Wigan - Blackburn Útsending frá laugardeginum 15. desember.

11.20 PL Classic Matches

11.50 4 4 2

13.10 Liverpool - Man. Utd. Bein útsending frá stórleik Liverpool og Man. Utd sem fram fer á Anfield.

15.40 Arsenal - Chelsea Bein útsending frá granna slag Lundúna liðana Arsenal og Chelsea.

18.15 West Ham - Everton Útsending í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram í gær.

19.55 Portsmouth - Tottenham Útsending í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram í gær.

21.35 4 4 2

23.00 Liverpool - Man. Utd. Útsending í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram fyrr í dag.

00.40 Arsenal - Chelsea Útsending í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram fyrr í dag.

SKJÁREINN

07.00 Óstöðvandi tónlist

11.25 Vörutorg

12.25 Bak við tjöldin - Fred Claus

12.40 World Cup of Pool 2007 (6.31) Heimsbikarkeppnin í pool fór fram Rotterdam í Hollandi fyrir skömmu en þar mættu 31 þjóð til leiks með tveggja manna lið. Þetta er í annað sinn sem þessi keppni er haldin og sigurvegarnir frá því 2006, þeir Efren Reyes og Francisco Bustamante frá Filipseyjum freista þess að verja titilinn.

13.30 Dr. Phil (e)

15.00 Charmed (e)

16.00 America's Next Top Model (e)

17.00 Innlit / útlit (e)

18.00 Rules of Engagement (e)

18.35 7th Heaven

19.25 30 Rock (e)

▶**20.00 Dýravinir** (8.14) Skemmtilegur og fróðlegur þáttur fyrir alla fjölskylduna um gæludýr og eigendur þeirra. Guðrún Heimisdóttir kemur víða við og skoðar gæludýr af öllum stærðum og gerðum. Að þessu sinni skoðar Guðrún bréfdúfur og hittir hundanuddara í Keflavík.

20.30 Ertu skarpari en skólakrakki? Nýr íslenskur spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Keppendur þurfa að glíma við spurningar sem teknar eru upp úr skólabókum grunnskólakrakka og við hvert rétt svar klífur viðkomandi upp peningatré en í efsta þrepinu eru 2 milljónir króna.

21.30 Law & Order Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York.

▶**22.30 Californication** (11.12) Glæný gamanþáttaröð með David Duchovny í aðalhlutverki. Hann leikur rithöfundinn Hank Moody sem má muna fífil sinn fegurri. Þetta eru ögrandi þættir með kolsvörtum húmor.

23.05 C.S.I. New York (e)

23.55 C.S.I. Miami (e)

00.40 Backpackers (e)

01.10 Vörutorg

02.10 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



Í DAG

SÝN 2 KL. 13.10
Liverpool - Manchester United

Það er risaslagur í enska boltanum í dag þegar tvö sigursælustu lið enska boltans mætast. Bæði lið eru á kunnuglegum slóðum í deildinni. Fernando Torres og Cristiano Ronaldo hafa verið funheitir fyrir sín lið og skorað mikið.

▶ DÝRAVINIR

Skjár einn kl. 20.00

Skemmtilegur og fróðlegur þáttur fyrir alla fjölskylduna um gæludýr og eigendur þeirra. Guðrún Heimisdóttir kemur víða við og skoðar gæludýr af öllum stærðum og gerðum. Að þessu sinni skoðar Guðrún bréfdúfur og hittir hundanuddara í Keflavík. Svo fær hún kennslu í að járna hest og heimsækir svo leikkonuna og gleðipinnan Eddu Björgvins og kisuna hennar.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunandakt
08.15 Ársól
09.03 Upp og ofan
10.15 Doris Lessing: minningar og framtíðarsýn
11.00 Guðsþjónusta í Kópavogskirkju
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Jólatónleikar evrópskra útvarpsstöðva - EBU
14.00 Jólatónleikar evrópskra útvarpsstöðva - EBU
15.00 Útvarpsleikhúsið: Sitji guðs englar
16.10 Jólatónleikar evrópskra útvarpsstöðva - EBU
17.00 Jólatónleikar evrópskra útvarpsstöðva - EBU
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.26 Seiður og hélog
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Jólatónleikar evrópskra útvarpsstöðva - EBU
20.00 Jólatónleikar evrópskra útvarpsstöðva - EBU
21.00 Jólatónleikar evrópskra útvarpsstöðva - EBU
22.15 Jólatónleikar evrópskra útvarpsstöðva - EBU
23.00 Jólatónleikar evrópskra útvarpsstöðva - EBU
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radió / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

SKJÁR EINN

14.30 Hollyoaks (76.260)
16.35 Hollywood Uncensored
17.15 Footballer´s Wives - Extra Time (3.18)
17.40 Footballer´s Wives - Extra Time (4.18)
18.05 The George Lopez Show (20.22) (e)
18.30 Ren & Stimpy
19.00 Sjáðu
19.25 American Dad 3 (e)
19.50 Janice Dickinson Modelling Agency Janice Dickison vakti athygli og umtal þegar fyrsta sería raunveruleikaþáttar hennar var sýnd hér á landi en hún er hvergi nærri hætt. 2006.
▶**20.30 Windfall** (13.13) (e)
21.15 Johnny Zero (6.13) Hörkuspennandi þáttur um fyrrum fanga sem er fastur á milli tveggja heima þegar bæði lögreglan og glæpagengið úr hverfinu reyna að fá hann til liðs við sig. 2004. Bönnuð börnum.
22.00 Tekinn 2 (14.14) Önnur sería hinnar geysivinsælu þáttaraðar Tekinn þar sem Auðunn Blöndal fetar í fótspor Ashtons Kutchers og hrekkir fræga fólkið á óborganlegan hátt. 2007.
22.30 Stelpurnar Bönnuð börnum.
22.55 Smallville (22.22) (e) Sjötta þáttaröðin um Ofurmennið á unglingsárunum. Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Leyfð öllum aldurshópum.
23.40 Ren & Stimpy Ren er taugatrekktur smáhundur (chiuahua) og Stimpy er feitlaginn og vitgrannur köttur.
00.05 Þristurinn
00.40 Þristurinn
01.15 Þristurinn
01.50 Þristurinn
02.25 Þristurinn
03.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

10.30 EastEnders **11.00** Dune **12.00** Monsters We Met **13.00** What not to Wear **13.30** What not to Wear **14.00** Wedding Stories **15.00** What not to Wear **16.00** What Not To Wear Dresses Up **17.00** EastEnders **17.30** EastEnders **18.00** Son of God **19.00** Himalaya with Michael Palin **20.00** Blizzard - Race to the Pole **21.00** Trouble at the Top **22.00** Days that Shook the World **23.00** EastEnders **23.30** EastEnders **0.00** Son of God **1.00** Himalaya with Michael Palin **2.00** Days that Shook the World **3.00** Blizzard - Race to the Pole **4.00** Trading Up 4.30 Balamory **4.50** Tweenies **5.10** Big Cook Little Cook **5.30** Tikkabilla **6.00** Razzledazzle

DR 1

11.10 Boxen **11.25** OBS **11.30** Skum TV **11.45** Flemmings Helte **12.00** Boogie Update **12.30** Hjerteflimmer **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** Doctor Who **16.30** Jul i Svinget **17.25** OBS **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Lille menneske - jeg ved, hva' du vil **19.00** DR's store Juleshow 1. del **20.00** TV Avisen **20.15** DR's store Juleshow 2. del **21.15** Savannah **23.20** Clement i Amerika

NRK 1

11.30 V-cup alpint: Storslalåm 2. omgang, menn **12.40** V-cup hopp: Sammendrag fra dagens renn **13.25** V-cup kombinert: Sprint langrenn **14.00** V-cup skiskyting: Stafett kvinner **15.20** V-cup skøyter: 1000 m kvinner og menn **16.10** Sport i dag **16.30** Åpen himmel: Engler i advent **17.00** Barnas superjul **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Naturens former **19.45** Nordkalotten 365: Et år på tur med Lars Monsen **20.15** America's Sweetheart **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Putins revolusjon **23.15** Profil: Mariinskij-teatret i St. Petersburg **0.15** Larry Sanders-show **0.40** Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

10.00 Disneydags **10.55** Rea **11.40** Slutet på historien **12.40** Svensson, Svensson **13.10** Michael Moore - provokatören **14.25** I love språk **15.25** Världen **16.25** Muslim i Europa **16.55** Tre Kronor live: Channel One Cup **17.30** Julkalendern: En riktig jul **17.45** Videokväll hos Luuk **18.30** Rapport **19.00** Andra Avenyn **19.30** Sportspegeln **20.15** Agenda **21.10** Farlig fritid **21.40** Vetenskap - Atom **22.10** Rapport **22.20** Kobra **22.50** Ståupp **23.15** Centralskolan **23.20** Brottskod: Försvunnen



HVAÐ SEGIR MAMMA?

„Hann hefur alltaf verið mjög skapandi og ég held að hann sé að fá svolitla útrás fyrir sköpunarþrána í gegnum ljósmyndunina. Hann hefur næmt auga og ég held að það skili sér í því að hann nær þessum „mómentum“ sem kallað er í ljósmyndun. Ég er mjög stolt af honum.“

Nína Leósdóttir er móðir Leós Stefánssonar sem átti eina af fjörutíu bestu myndum ársins á heimasíðunni Pitchforkmedia.com.

HIN HLIÐIN SIF SIGMARSDÓTTIR RITHÖFUNDUR

Matreiddi móður og barn

Hvað er að frétta? Þessi jólin sit ég beggja megin borðsins í útgáfuheiminum. Er sjálf að skrifa unglingabókina Einu sinni var dramadrottning í ríki sínu, og líka að gefa út ritröð eftir konur sem kallast Handtöskuserían.
Augnlitur: Gráblár.
Starf: Rithöfundur og útgefandi.
Fjölskylduhagir: Ég er gift en barnlaus.
Hvaðan ertu? Úr Reykjavík.
Ertu hjátrúarfull? Nei, alls ekki. Þvert á móti trúi ég bara á rökhugsun og það sem ég sé.
Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Ég hef alltaf verið mikill Friends-aðdáandi.
Uppáhaldsmatur: Ég er mikið fyrir að prófa nýjan framandi mat, og um daginn rakst ég á japanskan pottrétt sem kallast Móðir og barn. Hann var mjög góður en nafnið ekkert lystaukandi.
Fallegasti staðurinn: London er uppáhalds staðurinn minn í öllum heiminum. Ég er með annan fótinn þar og finnst borgin mjög falleg þótt mörgum þyki hún ljót.
iPod eða geislaspilari: iPod.
Hvað er skemmtilegast? Að borða góðan mat í góðra vina hópi eða sitja uppi í sófa með góða bók.
Hvað er leiðinlegast? Nú verður móðir mín ekki stolt af mér en leiðinlegast er að þrífa.
Helsti veikleiki: Hógværð.
Helsti kostur: Hógværð.
Helsta afrek: Mín helstu afrek eru alltaf þau nýjustu, svo í dag eru það bókin mín og bókaserían.
Mestu vonbrigðin: Mér eru það mikil vonbrigði að launamunur kynjanna skuli ekkert vera að minnka.

Hver er draumurinn? Draumurinn er að starfa áfram við bókabransann. Það eru mikil forréttindi að vinna við það skemmtilegasta sem maður veit.
Hver er fyndnastur/fyndnust? Bush Bandaríkjaforseti er mjög fyndinn á tragískan hátt.
Hvað fer mest í taugarnar á þér? Að jafnrétti kynjanna skuli ekki vera komið lengra en raun ber vitni um.
Hvað er mikilvægast? Að lifa í sátt við sjálfan sig.

Enski boltinn hjá SÁÁ

Reikna má með því að í dag verði sérhver íþróttabar smekkfullur af knattspyrnuáhugamönnum þegar fjögur stærstu liðin í enska boltanum mætast; Chelsea-Arsenal annars vegar og Liverpool-Manchester United hins vegar. En SÁÁ hyggst blanda sér í þessa baráttu og býður þeim sem vilja vera víðsfjarri hinu áfengismettaða andrúmslofti ölstofanna að koma í húsnæði Vonar að Efstaleiti 7 og horfa á leik Liverpool og United breiðtjaldi.

Að sögn Ara Matthíassonar, framkvæmdastjóra hjá SÁÁ, hafa þeir haft þennan háttinn á í Meistaradeildinni. „Það er nú bara þannig með okkur unga menn að við höfum gaman af því að horfa á fótbolta og það er skemmtilegast að horfa á þetta með öðrum,“ segir Ari en hingað til hefur það tækifæri aðeins gefist á börum borgarinnar og í heimahúsum en þar virðist oft vera lenska að hefja alþrif á slaginu klukkan þrjú. „Það er frábært andrúmsloft hérna og þótt maður sé áskrifandi að enska boltanum heima þá verður maður alltaf hálf skömmustulegur þegar maður stendur sjálfan sig að því að óska á sjónvarpið og fagna marki í sófanum,“ segir Ari og hlær. Boltadagurinn hjá SÁÁ er opinn öllum og er ekki sett skilyrði að menn hafi farið í meðferð. Og Ari segir að þetta sé kærkomið tækifæri fyrir feðurna að taka afkvæmin með í fjölskylduvænt umhverfi og horfa á fótboltaleik með allsgáðum mönnum. - fgg

BOLTINN HJÁ SÁÁ Ari Matthíasson segir þetta kærkomið tækifæri fyrir aðdáendur enska boltans til þess að taka afkvæmin með og horfa á fótbolta í áfengislausu umhverfi.

YVONNE KRISTÍN FULBRIGHT: KENNIR FORELDRUM AÐ TALA UM KYNLÍF

Kynlífsfræðingur gefur út þriggja tíma hljóðbók

Kynlífsfræðingurinn Yvonne Kristín Fulbright, sem á íslenska móður og bandarískan föður, er að leggja lokahönd á nýja hljóðbók þar sem hún kennir foreldrum að tala við börnin sín um kynlíf.

Um tvo diska er að ræða með tæpum þremur klukkutímum af efni. Frændi Yvonne, tónlistarmaðurinn Sveinbjörn Thorarensen, eða Hermigervill, sér um upptökustjórn og bakgrunnstónlist á diskunum.

„Bókin byggir á rannsóknum sem hafa verið gerðar víðs vegar um heiminn en flestar voru þó gerðar í Bandaríkjunum og Ástralíu,“ segir Yvonne, sem hefur verið búsett í Bandaríkjunum í rúm tuttugu ár. „Það er sama sagan alls staðar. Foreldrar tala ekki nógu mikið við börnin sín um kynlíf og þegar þeir reyna það verða þeir vandræðalegir og vita ekki hvað þeir eiga að segja. Þeir eru líka hræddir við spurningar og halda að með því að tala við börnin um kynlíf verði þau líklegri til að stunda kynlíf fyrr en ella,“ segir hún. „Rannsóknir sýna þvert á móti að börn eru líklegri til að fresta kynlífsiðkun og eru líklegri til að nota getnaðarvarnir ef þau fá góða fræðslu frá foreldrum sínum.“

Yvonne fékk innblásturinn að bókinni þegar hún var að hlusta í bílnum sínum á hljóðbók sem hún átti að gagnrýna. „Þetta var miklu þægilegra en að hlusta á útvarpið. Ég hugsaði sem svo að foreldrar hefðu sjaldan tíma til að lesa þegar þeir væru heima hjá sér og í staðinn gætu þeir nýtt þennan lausa tíma á leiðinni í vinnuna. Eftir hlustun á þessa bók ættu þeir að vera betur búnir undir að tala við börnin sín um kynlíf.“

Yvonne, sem hefur gefið út tvær bækur um hvernig fólk getur bætt kynlíf sitt, á í viðræðum við útgáfufyrirtæki í Bandaríkjunum um að gefa hljóðbókina út næsta vor. Einnig er stefnt á útgáfu á bókinni hérlendis, þar sem bókin ætti að falla vel í kramið enda Íslendingar ekki þekktir fyrir að tala opinskátt um kynferðismál.

Miðað við áhugann á bók Þorgríms Þráinssonar, sem fjallar um það hvernig karlar eiga að gera konurnar sínar hamingjusamar, meðal annars í rúminu, ætti markaðurinn svo sannarlega að vera fyrir hendi þegar kynlífsumfjöllun er annars vegar.

freyr@frettabladid.is

YVONNE KRISTÍN FULBRIGHT Samkvæmt hljóðbók Yvonne þurfa foreldrar að vera duglegri að tala við börnin sín um kynlíf.

ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON Þorgrímur kenndi körlum að bæta samskipti sín við hitt kynið.

Cat Stevens í leikhúsi Helga Björns

Yusuf Islam, betur þekktur sem Cat Stevens, hefur mikinn áhuga á því að prufukeyra söngleik sem hann hefur samið í leikhúsi Helga Björnssonar í Berlín, Admirals Palast. Þetta staðfestir Helgi í samtali við Fréttablaðið. Hann viðurkennir hins vegar að þetta sé allt á frumstigi og viðræðurnar séu skammt á veg komnar. Islam hafi komið og skoðað aðstæður í þýska leikhúsinu og litist ljómandi vel á. Engar ákvarðarnir hafi hins vegar verið teknar. „Þetta er söngleikur sem á að setja upp í Bretlandi en hann langar að sjá hvernig honum verður tekið og prófa sig aðeins áfram hérna í Berlín,“ útskýrir Helgi.

Yusuf Islam er án efa einhver þekktasti og umdeildasti tónlistarmaður síðari tíma. Hann átti mikilli velgengni að fagna meðal ´68 kynslóðarinnar sem Cat Stevens með lögum á borð við Father & Son og Moonshadow. Eftir að hafa næstum því drukknað í sundlaug í Malibu snerist Cat til íslamstrúar og breytti nafni sínu í Yusuf Islam. Hann hefur síður en svo verið allra eftir trúskiptin og var meðal annars sakaður um að styðja við bannfæringu rithöfundarins Salman Rushdie árið 1989. Tónlistarmaðurinn hefur ætíð haldið því fram að snúið hafi verið út úr orðum sínum. Hann fordæmdi árásirnar á Tvíburaturnana 2001 og hefur síðan þá verið smám saman að stíga aftur fram í sviðsljósið. - fgg

VINSÆLL Leikhús Helga Björns nýtur mikilla vinsælda og er farið að vekja athygli út fyrir Þýskaland.

SEMUR SÖNGLEIK Yusuf Islam hefur samið söngleik og vill gjarnan prufukeyra hann í Admirals Palast.

Já, við erum hreykin enn og aftur!

PHILIPS VINNUR **EISA** VERÐLAUNIN 2007-2008
FYRIR **HÁSKERPU FLATSKJÁ** OG **HEIMABIÓKERFI**

Hin virta dómnefnd óháðra blaðamanna frá **European Imaging & Sound Association (EISA)** hefur veitt **Philips** viðurkenningu fyrir tækniþróun og nýsköpun á sviði afþreyingartækni fyrir heimili með tveimur eftirsóttum tækniverðlaunum.

European Full-HD LCD-TV 2007-2008
„...skilar hreint ótrúlegum gæðum í fullri **High Definition** upplausn. Jafnvel fíngerðustu smátriði eru skýr og greinileg í 1920x1080p upplausn. Öll hreyfing er skýrari og eðlilegri með hjálp hinnar framúrskarandi **Perfect Pixel HD Engine** myndtækni frá **Philips**", eins og segir í skýrslu **EISA** nefndarinnar um **47PFL9732D**.

SJÓNVARPIÐ FÆST Í 37", 42" OG 47" ÚTFÆRSLUM

Powered by ambi light

EISA AWARD Best Product 2007-2008
FULL-HD LCD-TV
Philips 47PFL9732D

EISA AWARD Best Product 2007-2008
HOME THEATER COMPACT SYSTEM
Philips HTS8100

European Home Theater Compact System 2007-2008
Ólíkt hefðbundnum heimabíókerfum með aðskildum hátölurum er **HTS8100** grundvallað á **Ambisound** tækninni frá **Philips** sem skilar alvöru 5.1 rása hljóðgæðum úr einu sambyggðu tæki.

EISA dómnefndin lofar hönnunina sérstaklega
„Þessi hönnun virkar einstaklega vel með flatskjám og skilar öllu sem til er ætlast.
Afgerandi heimabíóupplifun".

PHILIPS
sense and simplicity

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

SELFOSS
EYRARVEGI 21
480 3700

Heimilistæki
ht.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

Apótekið
lægra verð

BAKÞANKAR
Jóns Arnar Marinóssonar

Billjónsdagbók 16.12.2007

OMXI15 var 6.523,81, þegar mér varð ljóst í morgun að Lilli í Fjórgrúpp væri með allt niðrum sig, og Nasdaq var 2.671,14 þegar ég sá að ég mundi missa allt niðrum mig líka ef ég hysjaði ekki upp um Lilla undireins. En eins og máltækið segir: Neyðin kennir blönkum fjárfesti að búa til aur. Ég togaði í Eingrúpp og lét Eingrúpp toga í Tvígrúpp og Tvígrúpp toga í Þrígrúpp og Þrígrúpp toga í Fjórgrúpp og þegar Lilli var kominn sem nemur eins og hálfum forstjóra upp úr feninu, slepptum við takinu og...

... ÞETTA mátti ekki tæpara standa. Klukkan var 11 grínitsj míntæm, við Mallí komin í límúsínu út á London Sittí Erport og ég að ganga frá láni fyrir nýju þotunni sem mér hafði með naumindum tekist að fá sjálfan mig til að lána sjálfum mér í Sjálfs-mínbanka. Mallí spurði hvað ég þyrfti mikið lán til að geta borgað græjuna. Ég gat að sjálfsögðu ekki upplýst hana um það því að Sjálfsmínbanki er bundinn trúnaði við viðskiptavini. Mallí spurði líka hvort væri hætta á að við misstum þotuna ef ég stæði ekki í skilum með afborganir. Ég sagði hún gæti sofið rólega eins og forsætisráðherra; Sjálfsmínbanki væri með veð í þotunni.

VIÐ héldum upp á nýju þotuna með því að sofna á óperu í Covent Garden. Ég er ekki búinn ennþá að fatta almennilega að ég á mína eigin pörsonal præveit djett, Gulfstream 550, fjörutíu og eitt tonn af heljartökum á íslenskum stjórnmálamönnum og yfirráð yfir íslensku samfélagi sem eru 29,4 metrar á lengd og 2,24 metrar á breidd. Kannski hefur það ekki stimplast inn því að ég verð að láta geyma þotuna fram yfir áramót. Vantar fjóra menn í áhöfn. Helst Pólverja frá Jarðvélum.

FRÁBÆRT annars að geta keypt t.d. heilt knattspyrnufélag eða eitt stykki þotu ef maður hefur aðgang að sínum eigin banka og á slatta af grúppum sem hægt er að láta toga hverja í aðra. Núna í desember er ég er búinn að fá allt, sem getur flogið og mig hefur dreymt um, allt nema rjúpur. Ég bauð 30.000 kr. fyrir stykkið um daginn en rjúpnadelinn yppti bara öxlum. Dóri skrifstofublók fékk sex rjúpur hjá frænda sínum fyrir ekki neitt. Þotan er næs – en það kemur ekkert í staðinn fyrir rjúpur.



GÓÐAN DAG!

Í dag er sunnudagurinn 16. desember, 350. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	11.16	13.23	15.30
Akureyri	11.32	13.08	14.44

Heimild: Almanak Háskólans

Frítt/SIA FI023615

Hann fékk Berlín, hún fékk Barcelona...

Jólagjafabréf Iceland Express hittir beint í mark

Langar þig að gleðja einhvern sérstaklega mikið um jólin? Jólagjafabréf Iceland Express gefur þeim sem þér þykir vænt um spennandi fyrirheit á nýju ári, hvert sem hugurinn leitar.

Bókaðu vel heppnaða jólagjöf á **www.icelandexpress.is**

» **Verð:**

22.900 kr.

Gjafabréfið gildir sem flug fram og til baka með sköttum og öðrum greiðslum til eins af 15 áfangastöðum Iceland Express í Evrópu. Bókunartímabil jólagjafabréfsins er frá 26. desember til 31. janúar 2008 og eftir það gildir gjafabréfið sem inneign í 2 ár. Jólagjafabréfið gildir í flug á tímabilinu 15. janúar til 30. júní 2008. Sætaframboð er takmarkað.

15 áfangastaðir í Evrópu
Berlín, Friedrichshafen, Frankfurt Hahn, London, Kaupmannahöfn, Billund, Stokkhólmur, Gautaborg, Ósló, Eindhoven, París, Basel, Alicante, Barcelona og Varsjá

Iceland Express
með ánægju

www.icelandexpress.is